| Valmúafræ (birki) | | | | | | | | | |
| Repjufræ | | | 0,5 | | | | | 0,5 | |
| Sesamfræ | | | | | | | | | |
| Sólblómafræ | | | | | | | | | |
| Sojabaunir | 0,1 | | | | | | | 0,5 | |
| Baðmullarfræ | 0,1 | | | | | | | | |
| Sinnepsfræ | | | | | | | | | |
| Annað | 0,05* | | 0,1* | | | | | 0,05* | |
| 5. Kartöflur (jarðepli) | 0,05* | 0,02* | 0,1 | 0,05* | 0,05*(t) | 0,05* | 0,05*(t) | 0,05* | 0,05*(t) |
| Snemmvaxnar | | | | | | | | | |
| Matar- og iðnaðarkartöflur | | | | | | | | | |
| 6. Te | 0,1* | 0,05* | 0,1* | 0,1* | 0,1*(t) | 0,1* | 0,1*(t) | 0,1* | 0,1*(t) |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7. Humall | 10 | 2 | 25 | 10 | 10(t) | 0,5 | 0,1*(t) | 20 | 0,1*(t) |
| * Greiningarmörk efnisins<br>(t) Tímabundið gildi | | | | | | | | | |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, samanber og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2004/115/EB um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 90/642/EBE er varðar hámarksgildi tiltekinna varnarefnaleifa sem þar eru sett, sem vísað er til í 13., 38., 39. og 54. tl. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114 frá 30. september 2005.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

---

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál á Fljótsdalshéraði.**

*Deiliskipulag leikskólalóðar við Skógarlönd/Seyðisfjarðarveg, Egilsstöðum.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 19. október 2005 deiliskipulag fyrir leikskóla á svæði fyrir þjónustustofnanir á mótum Skógarlanda og Seyðisfjarðarvegar á Egilsstöðum. Í deiliskipulaginu felst afmörkun leikskólalóðar fyrir rúmlega 1000 $m^2$ byggingu á einni hæð fyrir allt að 157 börn. Norðan lóðarinnar er jafnframt opið svæði.

*Deiliskipulag hesthúsabyggðar í landi Fossgerðis á Fljótsdalshéraði.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 19. október 2005 deiliskipulag fyrir hesthúsabyggð í landi Fossgerðis. Deiliskipulagssvæðið er 59,5 ha að stærð. Fyrir á svæðinu eru tvær byggingar um 700 $m^2$. Gert er ráð fyrir 19 nýjum hesthúsum í þremur þyrpingum. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðhöll, reiðvelli, tamningagerði, beitarhólfum, reiðstígum og akvegum ásamt tilheyrandi bílastæðum.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Úlfsstaða á Völlum, Fljótsdalshéraði.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 19. október 2005 endurskoðun á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úlfsstaða. Deiliskipulagið er endurskoðun á deiliskipulagi á sama stað, sem samþykkt var 1. ágúst 1990, lóðum fjölgar um 8 austan við svæðið, jafnframt er felld út lóð 1 í eldra skipulagi. Stærð svæðis er 21 ha, fjöldi lóða er 40 og stærð lóða frá 3690-6700 $m^2$.

Ofangreind skipulagsmál hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Fljótsdalshéraði, 9. nóvember 2005.*

**Ómar Þ. Björgólfsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# REGLUGERÐ

**um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir.**

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða.

2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til hávaða sem fólk verður fyrir á byggðum svæðum, á útivistarsvæðum, og kyrrlátum svæðum í þéttbýli og dreifbýli, við skóla, sjúkrastofnanir og aðrar byggingar þar sem fólk er viðkvæmt fyrir hávaða.

Reglugerðin tekur ekki til hávaða sem þolandi veldur sjálfur, hávaða frá íbúðarhúsnæði, frá nágrönnum, á vinnustöðum, inni í farartækjum eða frá neyðarstarfsemi.

3. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking orða og hugtaka sem hér segir:

*Aðgerðaáætlun:* Áætlun um aðgerðir sem hafa það markmið að stýra hávaða og draga úr hávaða og óæskilegum áhrifum hans.

*Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingar, lögaðilar og félög þeirra, samtök eða hópar eftir því sem við á.

*Desíbel (dB):* Mælieining fyrir hljóðstyrk.

*Frísviðsgildi*: Hljóðstig við mannvirki þar sem ekki er tekið tillit til endurkastaðs hljóðs frá vegg mannvirkisins.

*Hávaði:* Óæskileg eða skaðleg hljóð sem stafa frá athöfnum fólks, svo sem frá flutningum, umferð ökutækja og flugvéla og hvers kyns atvinnustarfsemi.

*Hávaðavísir:* Vísir til að lýsa hávaða, notaður til að meta neikvæð áhrif hávaða:

a. $L_{den}$ (hávaðavísir að degi – kvöldi – nóttu): Hávaðavísir fyrir heildarónæði og truflun, sbr. nánar í viðauka I.
b. $L_{day}$ (hávaðavísir að degi): Hávaðavísir fyrir ónæði á daginn, sbr. nánar í viðauka I.
c. $L_{evening}$ (hávaðavísir að kvöldi): Hávaðavísir fyrir ónæði á kvöldin, sbr. nánar í viðauka I.
d. $L_{night}$ (hávaðavísir að nóttu): Hávaðavísir fyrir svefntruflun að næturlagi, sbr. nánar í viðauka I.

*Hljóðstig:* Mælikvarði á hljóðstyrk, oftast mælt í desíbelum með svonefnda A - síu sem líkir eftir næmi eyrans. Hljóðstigið er þá táknað $L_A$ og mælieiningin er dB(A).

*Jafngildishljóðstig:* Vegið meðaltalshljóðstig, táknað $L_{eq}$, sem samsvarar sömu hljóðorku á mælitímanum og hinn raunverulegi breytilegi hávaði. Ef jafngildishljóðstigið er mælt í dB(A), er það táknað $L_{Aeq}$.

*Kyrrlátt svæði:* Afmarkað svæði þar sem $L_{den}$ eða annar viðeigandi hávaðavísir er undir umhverfismörkum sem gilda fyrir kyrrlát svæði samkvæmt reglugerð um hávaða.

*Mat á hávaða:* Aðferð notuð til að reikna, spá fyrir um, áætla eða mæla hávaðavísi eða tengd skaðleg áhrif á heilsu manna.

*Hávaðakort:* Kort sem endurspeglar mældan eða útreiknaðan hávaða á tilteknu svæði frá mismunandi hávaðauppsprettum.

*Stór flugvöllur:* Flugvöllur með meira en 50.000 flughreyfingum á ári. Flughreyfing er flugtak og lending. Æfingaflug lítilla flugvéla er undanskilið.

*Stór vegur:* Svæðisbundinn vegur, þjóðvegur eða annar vegur, afmarkaður í skipulagi þar sem meira en þrjár milljónir ökutækja fara um á ári.

*Umhverfismörk:* Hámarksgildi hávaðavísa, $L_{den}$, $L_{night}$ og annarra hávaðavísa sem skilgreind eru í reglugerð um hávaða. Umhverfismörk geta verið mismunandi eftir aðstæðum.

*Þéttbýlissvæði*: Landsvæði innan eins eða fleiri sveitarfélaga sem telst þéttbýli í skilningi skipulags- og byggingarlaga og þar sem heildaríbúafjöldi er meiri en 100.000 manns.

4. gr.

*Kortlagning hávaða.*

Kortleggja skal hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Kortlagning skal framkvæmd í samræmi við aðferðir tilgreindar í 6. og 7. gr. í reglugerð þessari.

5. gr.

*Hávaðavísar og notkun þeirra.*

Nota skal hávaðavísana $L_{den}$ og $L_{night}$ til að útbúa og endurskoða hávaðakort. Nota skal matsaðferðir skv. 6. gr. til að ákvarða $L_{den}$ og $L_{night}$ og aðlaga skal eldri gögn að þessum hávaðavísum. Gögnin mega þó ekki vera eldri en þriggja ára þegar þau eru notuð.

Viðbótar hávaðavísa skal nota þar sem umhverfismörk fyrir þá hafa verið skilgreind sérstaklega skv. ákvæðum reglugerðar um hávaða.

6. gr.

*Aðferðir við mat á hávaða.*

Ákvarða skal gildi $L_{den}$ og $L_{night}$ með þeim aðferðum sem skilgreindar eru í viðauka II eða með öðrum aðferðum sem sýnt er fram á að eru jafngildar.

Skaðleg áhrif hávaða má meta með hliðsjón af skammtatengdum áhrifum sem vísað er til í viðauka III.

7. gr.

*Hávaðakort.*

Veghaldari og rekstraraðili flugvallar skulu gera hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir stóra vegi og stóra flugvelli. Sveitarstjórn skal útbúa hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir þéttbýlissvæði. Á þéttbýlissvæðum skal vera samvinna milli þeirra aðila sem ábyrgð bera á kortlagningu hávaða á svæðinu og skal niðurstaðan sýnd sem heildstætt hávaðakort sem sveitarstjórn gefur út. Nái þéttbýlissvæði til fleiri en eins sveitarfélags er þeim heimilt að hafa samvinnu um gerð hávaðakorts fyrir þéttbýlissvæðið í heild eða einstaka hluta þess.

Meta skal á a.m.k. fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurskoða hávaðakort.

Hávaðakort skulu uppfylla þær lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka IV.

Veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla skulu halda skrá yfir stóra vegi og stóra flugvelli og skal skráin uppfærð á a.m.k. fimm ára fresti.

Hávaðakort og skrár skv. 4. mgr. skulu send Umhverfisstofnun sbr. ákvæði viðauka VI.

8. gr.

*Aðgerðaáætlanir.*

Komi í ljós við hávaðakortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum skal vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða. Sveitarstjórn, hver á sínu svæði ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun sé gerð og skal hún unnin í samvinnu við veghaldara stórra vega og rekstraraðila stórra flugvalla á svæðinu. Ennfremur skal við gerð aðgerðaáætlunar haft samráð við heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði.

Í aðgerðaáætlun skal á skýran hátt gerð grein fyrir einstökum aðgerðum, áætluðum áhrifum þeirra og forgangsröðun í samræmi við áherslur og ákvarðanir hlutaðeigandi aðila og skal áætlunin uppfylla lágmarkskröfur viðauka V.

Meta skal á a.m.k. fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurskoða aðgerðaáætlanir og oftar ef nauðsyn ber til svo sem þegar umfangsmiklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðinu sem geta haft áhrif á hljóðstig.

Sveitarstjórn, hver á sínu svæði, skal auglýsa aðgerðaáætlun og kynna með almennum hætti í sveitarfélaginu. Aðgerðaáætlun skal liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar í a.m.k. fjórar vikur og skal almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við áætlunina. Að loknum kynningartíma skal sveitarstjórn taka athugasemdir sem borist hafa til umfjöllunar og gera breytingar á aðgerðaáætluninni ef ástæða þykir til.

Fari gerð aðgerðaáætlana fram samhliða skipulagsgerð, mati á umhverfisáhrifum eða veitingu starfsleyfis fyrir starfsleyfisskylda starfsemi er heimilt að kynna aðgerðaáætlun samhliða kynningu vegna þeirra.

Aðgerðaáætlanir skulu sendar Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði viðauka VI.

9. gr.

*Skipulagsgerð og afmörkun kyrrlátra svæða.*

Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar.

Við endurskoðun skipulagsáætlana skal samhliða endurskoða aðgerðaáætlun telji sveitarstjórn það nauðsynlegt.

Sveitarstjórn skal með hliðsjón af niðurstöðu hávaðakortlagningar afmarka kyrrlát svæði eins og það er skilgreint í reglugerð um hávaða innan sveitarfélagsins bæði í þéttbýli og dreifbýli.

10. gr.

*Upplýsingar til almennings.*

Hávaðakort, aðgerðaáætlanir, afmörkun kyrrlátra svæða og aðrar upplýsingar um hávaða skulu vera aðgengilegar almenningi sbr. ákvæði viðauka IV og V.

Upplýsingar til almennings skulu vera skýrar og aðgengilegar með samantekt um mikilvægustu atriðin.

11. gr.

*Eftirlit.*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Umhverfisstofnun skal safna saman gögnum skv. viðauka VI og gefa út reglur um framkvæmd hljóðmælinga.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun 2002/49/EB um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu, sem vísað er til í tölulið 32g. VI. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2003, þann 7. nóvember 2003.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þar til umhverfismörk fyrir hávaðavísa hafa verið skilgreind skulu viðmiðunargildi í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða gilda sem umhverfismörk í skilningi reglugerðar þessarar.

Hlutaðeigandi aðilar skulu eigi síðar en 1. janúar 2006 senda Umhverfisstofnun skrá skv. 4. mgr. 7. gr.

Gerð hávaðakorta fyrir stóra flugvelli og vegi þar sem umferð er meiri en sex milljónir ökutækja á ári skal lokið eigi síðar en 30. júní 2007.

Gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári skal lokið eigi síðar en 30. júní 2012.

Gerð aðgerðaáætlana fyrir svæði sem falla undir 3. mgr. skal lokið eigi síðar en 18. júlí 2008.

Gerð aðgerðaáætlana fyrir svæði sem falla undir 4. mgr. skal lokið eigi síðar en 18. júlí 2013.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. nóvember 2005.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

VIÐAUKI I

**Hávaðavísar.**

**I. Dags-kvölds-nætur hávaðavísir $L_{den}$.**

1. Dags-kvölds-nætur hávaðavísir $L_{den}$ er gefinn upp í desíbelum og skilgreindur samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$L_{den} = 10 \cdot \log(1/24*(12*10^{Lday/10} + 4*10^{(Levening + 5)/10} + 8*10^{(Lnight + 10)/10}))$$

2. Um jöfnuna í 1. lið og útreikning á $L_{den}$ gildir eftirfarandi:
   a. $L_{day}$ er vegið langtíma meðalhljóðstig með A-síu, eins og það er skilgreint í ISO 1996-2:1987, ákvarðað yfir alla daga ársins.
   b. $L_{evening}$ er vegið langtíma meðalhljóðstig með A-síu, eins og það er skilgreint í ISO 1996-2:1987, ákvarðað yfir öll kvöld ársins.
   c. $L_{night}$ er vegið langtíma meðalhljóðstig með A-síu, eins og það er skilgreint í ISO 1996-2:1987, ákvarðað yfir allar nætur ársins.
   d. Dagur er tólf klukkustundir frá 07.00 til 19.00, kvöld er fjórar klukkustundir frá 19.00 til 23.00 og nótt er átta klukkustundir frá 23.00 til 07.00.

e. Ár er viðkomandi ár með tilliti til hávaða og meðalár með tilliti til veðurfræðilegra aðstæðna.
f. Frísviðsgildi er metið, sem þýðir að ekki er tekið tillit til endurkastaðs hljóðs frá vegg þess mannvirkis sem verið er að meta. Almennt þýðir þetta leiðréttingu um 3 dB ef um mælingu er að ræða.

3. Hæð matspunktar fyrir $L_{den}$ er háð aðstæðum á eftirfarandi hátt:
a. Við útreikning hávaða vegna hávaðakortlagningar í eða við mannvirki skal matspunkturinn vera í 2,0 ± 0,2 m (1,8 til 2,2 m) og 4,0 ± 0,2 m (3,8 til 4,2 m) hæð frá jörðu og við þá hlið mannvirkisins þar sem hávaðinn er mestur.
b. Við mælingar vegna hávaðakortlagningar með tilliti til hávaða í eða við mannvirki má velja aðrar hæðir, þó aldrei lægra en 1,5 m yfir jörðu og leiðrétta skal niðurstöðuna miðað við jafngilda 4 m hæð yfir jörðu.
c. Fyrir önnur tilvik, svo sem við mat á hávaða við gerð skipulagsáætlana og afmörkun hávaðasvæða má velja aðra hæð yfir jörðu, en þó aldrei lægra en 1,5 m yfir jörðu, t.d. fyrir dreifbýl svæði með einnar hæðar húsum, við hönnun staðbundinna aðgerða sem ætlað er að minnka áhrif hávaða á tilteknar byggingar eða við gerð nákvæms hljóðkorts af afmörkuðu svæði er sýnir hávaða við einstakar íbúðir.

**II. Nætur hávaðavísir $L_{night}$.**

1. Nætur hávaðavísirinn $L_{night}$ er vegið langtíma meðalhljóðstig með A-síu, eins og það er skilgreint í ISO 1996-2:1987, ákvarðað yfir öll næturtímabil ársins, þar sem:
a. Nótt er átta klukkustundir eins og skilgreint er í lið I.
b. Ár er viðkomandi ár með tilliti til hávaða og meðalár með tilliti til veðurfræðilegra aðstæðna, eins og skilgreint er í lið I.
c. Frísviðsgildi er metið, eins og mælt er fyrir um í lið I.
d. Matspunkturinn er sá sami og fyrir $L_{den}$

## VIÐAUKI II
## Aðferðir við mælingar og mat á hávaða.

**I. Inngangur.**
Gildi fyrir $L_{den}$ og $L_{night}$ má ákvarða með útreikningi eða með mælingum (í matspunktinum).

**II. Bráðabirgða útreikningar fyrir $L_{den}$ og $L_{night}$.**

1. *Reikningsaðferðir viðurkenndar hér á landi.*
Nota skal norrænt reiknilíkan fyrir hávaða eða aðrar jafngildar aðferðir til að meta hvers konar iðnaðar- og umferðahávaða. Nota skal aðferðir aðlagaðar að NORD 2000 reiknilíkani fyrir dreifireikninga þar sem það er mögulegt en annars er heimilt að miða við eldri útgáfur, sbr. eftirtaldar tilvísanir. Aðferðirnar skulu aðlagaðar að skilgreiningum á hávaðavísum í viðauka I:
a. Air traffic Noise Calculation – Nordic guidelindes. Nord 1993:38. Nordic Council of Ministers.
b. Noise from construction sites. A prediction method. The Nordic Noise Group 1984.

c. Road Traffic Noise – Nordic predition method. Tema Nord Environment 1996:525. The Nordic Council of Ministers.

II. *Mæliaðferðir.*

Nota skal eftirtaldar aðferðir eða aðrar jafngildar aðferðir við mælingar á hávaða:

a. Mælingar á hávaða frá atvinnustarfsemi skulu framkvæmdar skv. samnorrænni mæliaðferð, t.d. sænsku útgáfunni: Metod för Imissionsmätning av externt industribuller. Statens Naturvårdsverk: Meddelande 6/1984.
b. Við útreikninga á hávaða frá atvinnustarfsemi skal nota Nordtest aðferðina NT ACOU 080: Industrial plants: Noise emission. Þar er hávaðinn fyrst mældur við upptökin, og síðan má reikna útbreiðslu hans.
c. Við mælingar á hljóðstigi frá umferð skal nota NT ACOU 039 Road traffic: Noise eða NT - ACOU 056 road traffic: Noise - Simplified method.

VIÐAUKI III

**Aðferðir við mat á skaðlegum áhrifum.**

Ef nauðsyn krefur skal meta skammtatengd áhrif sérstaklega fyrir:

a. Íbúðir með sérstakri einangrun gegn hávaða eins og skilgreint er í viðauka VI.
b. Íbúðir með kyrrlátri hlið eins og skilgreint er í viðauka VI.
c. Mismunandi menningu.
d. Viðkvæma hópa í þjóðfélaginu.
e. Iðnaðarhávaða með ríkjandi tóna.
f. Iðnaðarhávaða með högghljóðum og önnur sér tilvik.

VIÐAUKI IV

**Lágmarkskröfur fyrir hávaðakort.**

**1. Hávaðakort er framsetning gagna með tilliti til eftirfarandi atriða:**

a. Stöðu ársins á undan sbr. 7. gr. Hávaðakort getur einnig sýnt fyrrverandi, núverandi eða framtíðar stöðu hávaða með tilliti til hávaðavísis eftir því sem við á.
b. Hávaða yfir umhverfismörkum.
c. Mat á fjölda íbúða, skóla og sjúkrahúsa á tilteknu svæði með tilteknu gildi á hávaðavísi.
d. Mat á fólksfjölda á svæði sem verður fyrir hávaða.

**2. Hávaðakort má kynna almenningi sem:**

a. Uppdrátt eða graf.
b. Tölulegar upplýsingar í töflu.
c. Tölulegar upplýsingar á rafrænu formi.

**3. Hávaðakort fyrir þéttbýli skulu leggja sérstaka áherslu á hávaða frá:**

a. Umferð á vegum.
b. Flugvöllum.
c. Iðnaðarsvæðum, þar með töldum höfnum.

**4. Hávaðakort mun verða notað í eftirfarandi tilgangi sem:**

a. Gagnasafn til að senda til Umhverfisstofnunar.
b. Grunnur fyrir aðgerðaáætlanir sbr. 8. gr.
c. Forsenda fyrir afmörkun kyrrlátra svæða sbr. 9. gr.
d. Uppspretta upplýsinga fyrir almenning sbr.10. gr.

**5. Lágmarkskröfur fyrir hávaðakort vegna upplýsinga sem senda á Umhverfisstofnun koma fram í 5. og 6. tölul. I. kafla og 5., 6. og 7. tölul II. kafla viðauka VI.**

**6. Viðbótarupplýsingar vegna upplýsinga til almennings skv. 8. og 10. gr. má birta t.d. sem:**

a. Kort sem sýna hvar farið er yfir umhverfismörk.
b. Kort sem sýna mismun á núverandi stöðu og mögulegum aðstæðum í framtíðinni.
c. Kort sem sýna gildi hávaðavísa í annarri hæð en 4 m þar sem það á við.

**7. Hávaðakort skulu vera sett fram í samræmi við alþjóðlega staðla svo sem ISO 1999-2:1987.**

**8. Svæðisbundin hávaðakort skulu gerð miðað við mat á hávaða í 4 m hæð og í 5 dB bilum fyrir $L_{den}$ og $L_{night}$ eins og skilgreint er í viðauka VI.**

**9. Fyrir þéttbýli skulu gerð sérstök hávaðakort fyrir umferð á vegum, flugumferð og hávaða frá atvinnustarfsemi. Heimilt er að gera kort fyrir aðrar uppsprettur.**

VIÐAUKI V

**Lágmarkskröfur fyrir aðgerðaáætlanir.**

**1. Aðgerðaáætlun skal hið minnsta innihalda eftirfarandi atriði:**

a. Lýsingu á þéttbýli, stórum vegum eða stórum flugvöllum og öðrum hávaðauppsprettum sem fjallað er um í áætluninni.
b. Upplýsingar um viðkomandi sveitarstjórn.
c. Upplýsingar lög og reglur er tengjast gerð aðgerðaáætlunarinnar.
d. Gildandi umhverfismörk.
e. Yfirlit um niðurstöður hávaðakortlagningar.
f. Mat á fjölda fólks sem verður fyrir óþægindum vegna hávaða, greiningu á vandamálum og aðstæðum sem þörf er á að endurbæta.
g. Samantekt um þátttöku almennings við gerð áætlunar sbr. 8. gr.
h. Hávaðavarnir sem þegar eru til staðar og verkefni í undirbúningi.
i. Aðgerðir sem hlutaðeigandi stjórnvöld ætla að grípa til næstu fimm ár, þar á meðal aðgerðir til að vernda kyrrlát svæði.
j. Langtíma stefnumörkun.
k. Kostnaðar upplýsingar (ef fyrirliggjandi): kostnaðaráætlanir, kostnaðarmat á árangri, kostnaðarmat á úrbótum.
l. Áætlaðar ráðstafanir til að meta framkvæmd og niðurstöður aðgerðaáætlana.

**2. Aðgerðir sem sveitarstjórnir hyggjast grípa til á viðkomandi sviði geta til dæmis innfalið:**

a. Umferðaskipulag.
b. Skipulag landnotkunar.
c. Tæknilegar aðgerðir við hávaðauppsprettu.
d. Val á hljóðlátari uppsprettu.
e. Minnkun á hljóðleiðni.
f. Aðgerðir eða hvatar sem byggja á reglum eða hagrænum atriðum.

**3. Hver aðgerðaáætlun á að innihalda mat á fækkun fólks sem verður fyrir áhrifum (ónæði, svefntruflun eða annað) þegar áætlunin hefur komið til framkvæmda.**

VIÐAUKI VI
**Gögn sem senda á til Umhverfisstofnunar.**

**I. Fyrir þéttbýli:**

1. Stutt lýsing: staðsetning, stærð og íbúafjöldi.
2. Upplýsingar um hvaða aðili ber ábyrgð á viðkomandi hávaðakortlagningu eða aðgerðaáætlun, svo sem Vegagerðin, Flugmálastjórn eða sveitarstjórn.
3. Verkefni til stjórnunar hávaða sem lokið er við og hávaðavarnir sem eru til staðar.
4. Reikniaðferðir eða mæliaðferðir sem hafa verið notaðar.
5. Mat á fjölda fólks (gefið upp í hundruðum) sem býr í íbúðum sem verða fyrir hávaða á hverju eftirfarandi gildisbila fyrir $L_{den}$ í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri hlið sem verður fyrir mestum hávaða: 55-59, 60-64, 65-69, 70-74, >75. Þetta skal gert sérstaklega fyrir umferð á vegum, flugumferð og hávaða frá atvinnustarfsemi. Tölurnar skulu námundaðar upp að næsta hundraði (100 = milli 50 og 149; 0= minna en 50). Tilgreina skal hvaða áhrif stórir vegir og stórir flugvellir hafa. Til viðbótar skal tilgreina, þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjölda fólks í ofangreindum flokkum sem búa í íbúðum sem hafa:
   a. Sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, þ.e. sérstaka einangrun bygginga gegn einni eða fleiri gerðum af umhverfishávaða, tengt viðeigandi útloftun eða loftræstibúnaði þannig að hægt sé að viðhalda háu einangrunargildi gegn umhverfishávaða.
   b. Kyrra hlið, þ.e. hlið íbúðar þar sem gildi $L_{den}$ í fjögurra metra hæð yfir jörðu og tvo metra frá hliðinni, vegna hávaða frá tiltekinni uppsprettu er a.m.k. 20 dB lægra en við þá hlið þar sem $L_{den}$ er hæst.
6. Mat á þeim fjölda fólks (gefið í hundruðum) sem býr í íbúðum sem verða fyrir hávaða á hverju eftirfarandi gildisbila fyrir $L_{nótt}$ í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri hlið sem verður fyrir mestum hávaða: 50-54, 55-59, 60-64, 65-69, >70. Þetta skal gert sérstaklega fyrir umferð á vegum, flugumferð og hávaða frá atvinnustarfsemi. Einnig má meta gögn fyrir gildisbilið 45-49. Tilgreina skal hvaða áhrif stórir vegir og stórir flugvellir hafa. Til viðbótar skal tilgreina þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjölda fólks í ofangreindum flokkum sem búa í íbúðum sem hafa:
   a. Sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, sbr. lið 5.
   b. Kyrra hlið, sbr. lið 5.
7. Þegar um framsetningu á korti er að ræða, skal hávaðakort a.m.k. sýna jafngildislínur fyrir 60, 65, 70 og 75 dB hljóðstig.
8. Yfirlit aðgerðaáætlana um mikilvæg atriði sjá viðauka V. Yfirlitið skal að hámarki vera 10 blaðsíður.

**II. Fyrir stóra vegi og stóra flugvelli:**

1. Almenn lýsing á veginum eða flugvellinum: staðsetning, stærð og gögn um umferð.
2. Lýsing á einkennum umhverfisins: þéttbýli, þorp, sveit eða annað, ásamt upplýsingum um landnotkun og stórar hávaðauppsprettur.
3. Verkefni til stjórnunar hávaða sem lokið er og hávaðavarnir sem eru til staðar.
4. Reikniaðferðir eða mæliaðferðir sem hafa verið notaðar.
5. Mat á þeim fjölda fólks (gefið upp í hundruðum) sem býr utan þéttbýlis í íbúðum sem verða fyrir hávaða á hverju eftirfarandi gildisbila fyrir $L_{den}$ í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri hlið sem verður fyrir mestum hávaða: 55-59, 60-64, 65-69, 70-74, >75. Til viðbótar skal tilgreina þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjölda fólks í ofangreindum flokkum sem búa í íbúðum sem hafa:
   a. Sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, sbr. lið 5 í kafla I.
   b. Kyrra hlið, eins og skilgreint er í lið 5 í kafla I.
6. Mat á fjölda fólks (gefið upp í hundruðum) sem býr í íbúðum sem verða fyrir hávaða á hverju eftirfarandi gildisbila fyrir $L_{night}$ í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri hlið sem verður fyrir mestum hávaða: 50-54, 55-59, 60-64, 65-69, >70. Einnig má meta gögn fyrir gildisbilið 45-49. Til viðbótar skal tilgreina þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjölda fólks í ofangreindum flokkum sem búa í íbúðum sem hafa:
   a. Sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, sbr. lið 5 í kafla I.
   b. Kyrra hlið, sbr. lið 5 í kafla I.
7. Heildarsvæði (í ha) sem verður fyrir gildum $L_{den}$ hærra en 55, 65 og 75 dB hvert fyrir sig. Mat á fjölda íbúða (gefið upp í hundruðum) og fjölda fólks (gefið upp í hundruðum) sem býr á hverju svæði skal einnig tiltekið. Þessar tölur skulu ná yfir þéttbýlissvæði. Einnig skal sýna jafngildislínur fyrir 55 og 65 dB á einu eða fleiri kortum sem veita upplýsingar um staðsetningu þorpa, bæja og þéttbýli innan þessara lína.
8. Yfirlit aðgerðaáætlana um mikilvæg atriði sem lýst er í viðauka V. Yfirlitin skulu að hámarki vera 10 blaðsíður.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Austurbyggð.**

*Deiliskipulag Holtahverfis.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Austurbyggðar þann 6. október 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Holtahverfis á Fáskrúðsfirði dagsettu í október 2005. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 og greinargerð í sér hefti. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Skólavegi, Búðalæk að austan og útivistar- og skógræktarsvæði að vestan. Lóðamörkum er breytt og skipulagssvæðið stækkað og bætt við lóðum fyrir sérbýlishús og fjölbýlishús á tveim og þrem hæðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og tekur yfir áður samþykkt deiliskipulag, Holt I, frá 1992.

*Fáskrúðsfirði, 9. nóvember 2005.*

Sveitarstjóri Austurbyggðar,

**Steinþór Pétursson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Styrktarsjóð Baugs Group hf.**

1. gr.

*Stofnaðild ofl.*

Styrktarsjóður Baugs Group hf., í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Baugi Group hf., kt. 480798-2289, Túngötu 6, 101 Reykjavík. Hann starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. gr.

*Markmið.*

Markmið með stofnun sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum. Skal það gert m.a. með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn. Markmiðum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum, svo sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum tilnefndum af stjórn Baugs Group hf., þar af skal einn vera formaður. Stjórnin skal skipuð til eins árs í senn og skal skipunartími miðast við 1. júlí ár hvert. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988, en er heimilt að fela framangreint forstöðumanni á fjármálasviði Baugs Group hf. Hann, eða starfsmaður á fjármálasviði Baugs Group hf. tilnefndur af stjórn sjóðsins, skal ennfremur sitja fundi stjórnar sjóðsins og annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almanaksár.

4. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins eru kr. 100.000.000, eitt hundrað milljónir, þar af er óskerðanlegt stofnfé kr. 621.000, sex hundruð tuttugu og eitt þúsund.

Stofnfé skal greiðast inn á fjárvörslureikning hjá viðurkenndri bankastofnun á Íslandi.

5. gr.

*Frekari framlög.*

Stofnandi skuldbindur sig til að leggja sjóðnum til frekari framlög árin 2006 og 2007, þannig að hinn 1. júlí árið 2006 leggur stofnandi sjóðnum til kr. 100.000.000, eitt hundrað milljónir og hinn 1. júlí árið 2007 leggur stofnandi sjóðnum til kr. 100.000.000, eitt hundrað milljónir.

Sjóðurinn skal taka á móti öllum frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnaðila eða öðrum sem vilja veita málefnum hans brautargengi.

6. gr.
*Ráðstöfun fjár.*

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt umsóknum. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa fjármagni að eigin frumkvæði til málefna er vakið hafa athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

7. gr.
*Ávöxtun fjár.*

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti.

8. gr.
*Breytingar og niðurlagning.*

Sé tekin ákvörðun um að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja niður sjóðinn skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra. Sé tekin ákvörðun um að leggja niður sjóðinn skal andvirði hans ráðstafað í samræmi við markmið.

9. gr.
*Skráning sjóðsins.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

# AUGLÝSING

**um starfsreglur frá kirkjuþingi um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.**

„STARFSREGLUR
um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.

2. gr.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis sinnir boðun trúar, fræðslu og kærleiksþjónustu meðal Íslendinga á erlendri grund, með helgihaldi, sálgæslu, uppfræðslu í trú og sið.

3. gr.

Um störf og starfsskyldur presta sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda, auk ákvæða starfsreglna þessara, ákvæði starfsreglna um presta, svo og önnur ákvæði íslenskra réttarheimilda eftir því sem við á.

Prestar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis starfa á grundvelli erindisbréfs sem biskup setur þeim.

4. gr.

Prestarnir veita íslensku sendiráðunum og stjórnvöldum þjónustu eftir því sem um semst.

5. gr.

Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

i. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum þeirra embætta sem biskup semur um.
ii. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um embætti við hlutaðeigandi aðila, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, ráðuneyti, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.
iii. Kynningu á starfseminni jafnt innan kirkjunnar sem utan.
iv. Önnur verkefni eftir nánari ákvörðun biskups.

6. gr.

Biskup ákveður hvar skuli veita prestsþjónustu meðal Íslendinga erlendis með þeim fjárhagsskorðum sem settar eru í 7. gr.

7. gr.

Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta sértekjur og andvirði þriggja þeirra prestsembætta er getur í 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, að meðtöldum embættiskostnaði við jafnmörg prestsembætti á Íslandi.

8. gr.

Valnefnd velur prest úr hópi umsækjenda. Valnefnd skal skipuð þremur fulltrúum sem valdir eru af viðkomandi safnaðarstjórnum og einum skipuðum af biskupi Íslands og er sá formaður valnefndar. Ef prestsembættið er samstarfsverkefni íslensku þjóðkirkjunnar og ráðuneytis og/eða ríkisstofnunar þá skulu samstarfsaðilar tilnefna einn fulltrúa hvor.

9. gr.

Biskup Íslands kallar að jafnaði annað hvert ár til samráðsfundar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis. Fundurinn skal vera samstarfs- og samráðsvettvangur um hvaðeina er lýtur að þjónustu þjóðkirkjunnar á erlendri grund, stefnumótun og fjáröflun.

Til fundarins skal bjóða einum fulltrúa frá hverjum söfnuði íslensku kirkjunnar erlendis. biskupsstofa greiðir ferðastyrk fyrir fulltrúa og annan kostnað af fundinum.

10. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006. Jafnframt falla brott starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 737/1998 frá sama tíma.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson,** biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um starfsreglur frá kirkjuþingi um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.**

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Í stað orðanna „1. desember næstliðinn" í 1. ml. 2. mgr. 20. gr. komi: þann dag sem auglýsing um embættið birtist.

2. gr.

Í stað „12" í 1. ml. 21. gr. komi: 20.

3. ml. ákvæðisins orðist svo: Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar.

Í stað orðanna „ber að láta" í 4. ml. 21. gr. komi: lætur

3. gr.

2. ml. 2. mgr. 22. gr. orðist svo: Kjörstjórn er heimilt að ákveða að hafa fleiri en eina kjördeild ef aðstæður í prestakalli þykja gefa tilefni til þess.

3. ml. 2. mgr. 22. gr. fellur brott.

4. gr.

2. ml. 1. mgr. 23. gr. orðist svo: Skal hún lögð fram til sýnis á biskupsstofu og hjá prófasti eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag. Einnig skal hún birt á vef þjóðkirkjunnar.

2. mgr. 23. gr. orðist svo: Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur og skal kjörstjórn auglýsa framlagninguna og hvar kjörskrá liggi frammi í Ríkisútvarpinu og prentuðum fjölmiðli.

5. gr.

26. gr. orðist svo: Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þegar kjörskrá er lögð fram og hafa náð 16 ára aldri þegar kosning fer fram.

6. gr.

Við 2. mgr. 27. gr. bætist nýr ml. 2 svohljóðandi: Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast framkvæmd kosningar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu á ábyrgð kjörstjórnar.

1. ml. 4. mgr. 27. gr. orðist svo: Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðna daga og ákveðinn tíma á degi hverjum, þó eigi skemur en klukkustund.

7. gr.

Í stað orðsins „Alþingis" í 32. gr. komi: sveitarstjórna.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 39. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson,** biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um starfsreglur frá kirkjuþingi um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um prófasta nr. 734/1998, starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 og starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.**

„STARFSREGLUR
um breyting á eftirfarandi starfsreglum: starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um prófasta nr. 734/1998, starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 og starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.

1. gr.
*Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.*

Orðin „og sókna“ í 2. ml. 1. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, svo og orðin „og kirkna“ í sama ml. falla brott.

Við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi: Fulltrúar prófastsdæmisins á leikmannastefnu.

Orðin „sókna, kirkjugarða og“ í 4. tl. 5. gr. falla brott.

2. gr.
*Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998.*

Í stað orðsins „prófasts“ í 9. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 732/1998 komi: biskupsstofu.

3. gr.
*Starfsreglur um prófasta nr. 734/1998.*

1. ml. 9. gr. og 2. mgr. 15. gr. starfsreglna um prófasta nr. 734/1998 falla brott.

4. gr.
*Starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000.*

Orðin „og útnefnir talsmann þolenda“ í staflið g í 1. mgr. 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 falla brott.

5. gr.
*Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 820/2000.*

2. ml. 7. gr. starfsreglna um vígslubiskupa nr. 820/2000 orðist svo: Biskup Íslands felur vígslubiskupi þær sáttaumleitanir. 2. ml. verður 3. ml.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 29. gr., 32. gr., 55. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson,** biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um starfsreglur frá kirkjuþingi um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar.**

„STARFSREGLUR
um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Biskup Íslands fer með samkirkjuleg mál fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Biskupi til stuðnings er samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar sem hann kallar saman með skipunarbréfi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um samskipti og tengsl þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur og kristin trúfélög bæði á Íslandi og erlendis. Þar með er talin þátttaka þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum.

3. gr.

Samkirkjunefnd er skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Kirkjuþing kýs tvo, Hjálparstarf kirkjunnar tilnefnir einn og biskup Íslands skipar tvo án tilnefningar og skal annar vera formaður en hinn sitja í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi og er hann jafnframt varaformaður. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími er fjögur ár frá 1. júlí árið eftir kjör til kirkjuþings.

4. gr.

Samkirkjunefnd fundar tvisvar á ári og oftar ef þurfa þykir. Nefndin gerir biskupi reglulega grein fyrir starfi sínu og skilar árlega skýrslu til biskups, sem hann leggur fyrir kirkjuþing og kirkjuráð. Biskup leggur nefndinni til ritara, aðstöðu og rekstrarfé.

5. gr.

Framkvæmdanefnd samkirkjunefndar mynda formaður samkirkjunefndar og tveir nefndarmenn, sem samkirkjunefnd velur. Nefndin sér um mál samkirkjunefndar milli funda, undirbýr fundi og fylgir fram samþykktum gagnvart biskupi og þeim sem mál varða.

6. gr.

Fulltrúar íslensku þjóðkirkjunnar í erlendum kirknasamtökum og stofnunum, sem þjóðkirkjan á formlega aðild að, hafa rétt til fundarsetu og tillögurétt á fundum nefndarinnar en ekki atkvæðisrétt.

7. gr.

Samkirkjunefnd gerir tillögur til biskups um fulltrúa íslensku þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum nefndum, ráðum og stofnunum, sem þjóðkirkjan er aðili að eða ákveðið er að starfa með. Skulu fulltrúar íslensku kirkjunnar skila skýrslum um starf sitt og stofnana til nefndarinnar á ársfundi hennar sem haldinn skal á fyrsta ársfjórðungi hvers árs.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. desember 2005.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Skipa skal samkirkjunefnd samkvæmt ákvæðum starfsreglna þessara fyrir 1. desember 2005, er starfi til 30. júní 2007.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari."

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson,** biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um starfsreglur frá kirkjuþingi um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.**

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

1. **Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.**
Mörk Lindasóknar og Lindaprestakalls afmarkast í norðri, austri og suðri af bæjarmörkum Kópavogs, en til vesturs af Reykjanesbraut.
2. **Þingeyjarprófastsdæmi.**
Raufarhafnarprestakall er lagt niður. Raufarhafnarsókn tilheyrir eftirleiðis Skinnastaðarprestakalli.

2. gr.

**Austfjarðaprófastsdæmi.**

Bærinn Urðarteigur, sem nú tilheyrir Berufjarðarsókn, Djúpavogsprestakalli, tilheyrir Djúpavogssókn, Djúpavogsprestakalli eftirleiðis.

3. gr.

Á eftir orðinu „Skipan“ í 1. mgr. 12. gr. komi: vígslubiskupsdæma.

Upptalning í 12. gr. skal hefjast á fyrirsögninni Skálholtsumdæmi. Skal síðan byrja upptalningu prófastsdæma á Skaftafellsprófastsdæmi í stað Múlaprófastsdæmis og enda á Vestfjarðaprófastsdæmi. Þá kemur fyrirsögnin Hólaumdæmi. Skal síðan byrja upptalningu prófastsdæma þar á Húnavatnsprófastsdæmi og enda á Austfjarðaprófastsdæmi.

Heiti starfsreglnanna verður: Starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði.

4. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Niðurlagning Raufarhafnarprestakalls öðlast þó gildi 1. júní 2006.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson,** biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um starfsreglur frá kirkjuþingi
um breyting á starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002.**

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um þjálfun
prestsefna nr. 788/2002.

1. gr.

Við 1. ml. 1. mgr. starfsreglnanna bætist:

þar sem m.a. skal skilgreina lágmarkskröfur, sbr. 2. gr. reglna þessara, sem prestsefni þarf að uppfylla til að öðlast rétt til prestsvígslu.

2. gr.

3. gr. orðast svo:

Guðfræðinemi, sem hefur hug á að þjóna sem prestur þjóðkirkjunnar skal gangast undir starfsþjálfun, er hann hefur lokið BA prófi í guðfræði (90 einingar) við guðfræðideild Háskóla Íslands og hefur skráð sig til frekara náms í guðfræði er veitir réttindi til að sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 38. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson,** biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

*Nethylur 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnsholt, vegna lóðarinnar Nethylur 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bíldshöfði 9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða, vegna lóðarinnar Bíldshöfði 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Salthamrar 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahverfi, vegna lóðarinnar Salthamrar 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Seljabraut 54.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 7. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi, vegna lóðarinnar Seljabraut 54.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Álftamýri 43-57.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 21. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Safamýri-Álftamýri, vegna lóðarinnar Álftamýri 43-57.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. nóvember 2005.*

**Helga Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

*Deiliskipulag lóðanna Eyrarvegur 11-13 á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. október 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna 11-13 við Eyrarveg á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv.1:1000 þann 2. mars 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. ágúst 2005 til og með 21. september 2005, með athugasemdafresti til og með 5. október 2005.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag lóðarinnar Gagnheiði 63 á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. október 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Gagnheiði 63 á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 19. ágúst 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. ágúst til og með 21. september 2005, með athugasemdafresti til og með 5. október 2005.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 10. nóvember 2005.*

**Grétar Zóphaníasson,** fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005

# REGLUR

**um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „14%“ í 2. mgr. í kafla 3.5. Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, kemur hlutfallstalan 25%.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi og komu til framkvæmda frá og með 1. október 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. nóvember 2005.*

F. h. r.

**Ragnheiður Snorradóttir.**

*Guðmundur Thorlacius.*

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Staðarbakka í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 13. október 2005, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Staðarbakka, Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 11 frístundahúsalóðum á 20 ha svæði auk 16 ha útivistarsvæðis.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 9. nóvember 2005.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson** byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005

# REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja.**

1. gr.

Í 2. gr. reglnanna undir liðnum *Fjölþjóða þróunarbankar (e. multilateral development banks)* bætist eftirfarandi við í upptalninguna:

Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin.

2. gr.

2. málsliður 7. tölul. 2. mgr. 19. gr. reglnanna verði eftirfarandi:

Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ótengdar veltubókarviðskiptum eða kerfisbundnar í eðli sínu.

3. gr.

1. málsliður 3. mgr. 39. gr. reglnanna verði svohljóðandi:

Við mat á áhættuskuldbindingum einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal miða við heildarskuldbindingu í hlutfalli af eigin fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, að undanskildum eiginfjárþætti C.

4. gr.

3. og 4. mgr. 41. gr. reglnanna verði svohljóðandi:

Hafi umframáhætta vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila varað 10 daga eða skemur má hún ekki fara yfir 500% af eigin fé fjármálafyrirtækisins eins og það er reiknað samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hafi umframáhætta vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila varað lengur en 10 daga má hún ekki fara yfir 600% af eigin fé fjármálafyrirtækisins eins og það er reiknað samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002.

5. gr.

Í viðauka I með reglunum um flokkun ríkja í svæði A og B, sbr. 12. gr. reglnanna, bætast eftirtalin ríki við upptalningu á ríkjum sem falla undir svæði A:

Eistland, Kýpur (gríski hlutinn), Lettland, Litháen, Malta og Slovenía.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Með breytingu samkvæmt 1. gr. þessara reglna er innleitt í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar nr. 2004/69/EB.

*Fjármálaeftirlitinu, 9. nóvember 2005.*

**Jónas Fr. Jónsson.**

*Ragnar Hafliðason.*

---

# REGLUR

## um breytingu á reglum nr. 531/2003, um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

1. gr.

Í 2. gr. reglnanna undir liðnum *Fjölþjóða þróunarbankar* bætist eftirfarandi við í upptalninguna:

Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin.

2. gr.

Í viðauka II með reglunum um flokkun ríkja í svæði A og B, sbr. 4. gr. reglnanna, bætast eftirtalin ríki við upptalningu á ríkjum sem falla undir svæði A:

Eistland
Kýpur (gríski hlutinn)
Lettland
Litháen
Malta
Slovenía

3. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Með breytingu samkvæmt 1. gr. þessara reglna er innleitt í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar nr. 2004/69/EB.

*Fjármálaeftirlitinu, 9. nóvember 2005.*

**Jónas Fr. Jónsson.**

*Ragnar Hafliðason.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Sundstræti 36, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Sundstræti 36, Ísafirði. Breytingin tekur til breyttrar notkunar, þannig að atvinnuhús á lóðinni breytist í íbúðar- og þjónustuhúsnæði. Bílastæði verða á 1800 fermetra lóð að Sundstræti 38.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 11. nóvember 2005.*

**Stefán Brynjólfsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005

# REGLUGERÐ

**um gjaldskrá Íbúðalánasjóðs.**

1. gr.

Lántökugjald af lánum frá Íbúðalánasjóði er með eftirfarandi hætti og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins:

1. Almenn lán sem veitt eru skv. VI. kafla laga um húsnæðismál, nr. 44/1998: 1% af lánsfjárhæð ÍLS-veðbréfs.
2. Lán sem veitt eru skv. 16. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998: 1% af lánsfjárhæð.
3. Lán til leiguíbúða sem veitt eru skv. VIII. kafla laga um húsnæðismál, nr. 44/1998: 0,5% af lánsfjárhæð.

2. gr.

Tækniþjónusta Íbúðalánasjóðs tekur tímagjald fyrir þjónustu sem hún veitir er nemur 3.300 kr. á klukkustund auk virðisaukaskatts miðað við byggingarvísitölu í desember 1998 og tekur gjaldið breytingum samkvæmt byggingarvísitölu.

3. gr.

Gjöld vegna innheimtu af lánum Íbúðalánasjóðs og vegna lána, sem veitt hafa verið í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og Íbúðalánasjóður hefur tekið við, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1998, eru með eftirfarandi hætti:

1. Við sendingu hvers greiðsluseðils vegna gjalddaga láns leggst á lánið tilkynninga- og greiðslugjald að fjárhæð 195 kr. fyrir hvert lán. Ef ekki er óskað eftir greiðsluseðli leggst á lánið greiðslugjald að fjárhæð 160 kr. fyrir hvert lán.
2. Fyrir ítrekun sem send er að liðnum 30 dögum frá gjalddaga láns leggst á lánið ítrekunargjald að fjárhæð 360 kr. fyrir hvert lán.

4. gr.

Gjöld vegna innheimtu vanskila á lánum Íbúðalánasjóðs og vegna lána, sem veitt hafa verið í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og Íbúðalánasjóður hefur tekið við, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1998, eru með eftirfarandi hætti:

1. Við sendingu greiðsluáskorunar: 4.500 kr. á hverja greiðsluáskorun, auk virðisaukaskatts. Gjald er þó takmarkað við eina greiðsluáskorun á hverja íbúð vegna hvers gjalddaga.
2. Við sendingu nauðungarsölubeiðnar: 2.000 kr. á hverja beiðni, auk virðisaukaskatts.
3. Við gerð kröfulýsingar í uppboðsandvirði: 5.000 kr. á hverja kröfulýsingu, auk virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjald fyrir skjalagerð vegna lána Íbúðalánasjóðs er sem hér segir:

1. Gjald fyrir skuldbreytingu lána er 2.000 kr. fyrir hvert lán.
2. Gjald fyrir veitingu veðleyfa er 2.000 kr. fyrir hvert veðleyfi.
3. Gjald fyrir veitingu veðbandslausna er 2.000 kr. fyrir hvert skjal.
4. Gjald fyrir veðflutning er 2.000 kr. fyrir hvert skjal.

Gjald vegna skjalagerðar og þjónustu Íbúðalánasjóðs við uppgreiðslu lána annarra fjármálafyrirtækja er 2.000 kr. fyrir hvert lán.

6. gr.

Gjöld vegna starfa á vegum Íbúðalánasjóðs sem unnin eru af utanaðkomandi aðilum og innheimt af þeim fara eftir þeim þjónustusamningum sem Íbúðalánasjóður hefur gert við viðkomandi aðila.

7. gr.

Þóknun vegna uppgreiðslu lána og aukaafborgana reiknast af mismun á vaxtastigi láns sem greitt er og markaðsvaxta sambærilegra nýrra lána hjá Íbúðalánasjóði ef þeir eru lægri, miðað við uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins, núvirt frá uppgreiðsludegi til lokagjalddaga eða miðað við innborgaða fjárhæð ef um aukaafborgun er að ræða.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 49. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjaldskrá Íbúðalánasjóðs, nr. 3/1999.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. nóvember 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist: Að fenginni ákvörðun ráðherra skv. 3. mgr. 23. gr. laga um húsnæðismál getur sjóðurinn boðið þeim lántakendum, sem undirrita yfirlýsingu um að þeir afsali sér heimild til að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga, sbr. 1. mgr. 15. gr., lægra vaxtaálag sem nemur allt að þeim hluta álagsins sem er ætlað að mæta vaxtaáhættu sjóðsins.

2. gr.

Við 15. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Íbúðalánasjóði er heimilt að bjóða þeim, sem undirrita yfirlýsingu um að þeir afsali sér heimild til að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga, lán með lægra vaxtaálagi sem nemur þeim hluta álagsins sem er ætlað að mæta vaxtaáhættu sjóðsins.

Óski lántaki sem tekið hefur lán með lægra vaxtaálagi en ella býðst, sbr. 3. mgr., eftir því að greiða af láni aukaafborganir eða greiða skuldabréfið upp að fullu fyrir lok lánstímans skal hann greiða sérstaka þóknun til Íbúðalánasjóðs samkvæmt gjaldskrá Íbúðalánasjóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 23. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. nóvember 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag Torfunefs – Strandgötu, Akureyri.**

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 8. nóvember 2005 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðis austan Drottningarbrautar, frá Strandgötu að Torfunefi. Hið nýja deiliskipulag kemur í stað eldra skipulags frá 1990.

Í skipulaginu er fyrirhuguðu menningarhúsi afmörkuð lóð og byggingarreitur. Lóð líkamsræktarstöðvar er stækkuð og gert ráð fyrir viðbyggingu við hana. Eins og í eldra skipulagi er gert ráð fyrir því að Torfunefsbryggja verði lengd og landfylling aukin innan hennar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var 1990.

*F.h. Akureyrarbæjar, 21. nóvember 2005,*

**Pétur Bolli Jóhannesson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2005

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 867, 26. september 2005, um veiðar á íslenskri sumargotssíld.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þessum takmörkunum:

1. Síldveiðar með vörpu eru bannaðar á svæðum þar sem togveiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju við slíkar veiðar.
   Þrátt fyrir þetta er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu upp að 12 sjómílum frá viðmiðunarlínu á eftirgreindum svæðum:
   a. Á svæði fyrir Vestfjörðum, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Blakknesi og norðan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðvestur frá Straumnesvita.
   b. Á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa, sbr. reglugerð nr. 724, 24. október 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu austnorðaustur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.
   c. Á svæði úti fyrir Suðausturlandi austan 12°50′V, sbr. reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.
2. Síldveiðar með vörpu eru bannnaðar á svæði fyrir Suðausturlandi þar sem kolmunnaveiðar eru bannaðar samkvæmt reglugerð nr. 794/2004, um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka og þar sem meðaflaskilja er áskilin við kolmunnaveiðar skv. reglugerð nr. 696/2005 um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju.
3. Þá eru síldveiðar bannaðar á svæðum þar sem slíkar veiðar eru bannaðar eða kunna að verða bannaðar með skyndilokunum eða reglugerðum. Tekur bannið til þeirrar veiðiaðferðar sem tilgreind er í hlutaðeigandi ákvörðun.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Guðný Steina Pétursdóttir.*

# REGLUGERÐ

## um eingreiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega í desember 2005.

1. gr.

Hinn 1. desember 2005 skal Tryggingastofnun ríkisins greiða þeim sem eiga rétt á greiðslu tekjutryggingar í nóvember eða desember 2005, eingreiðslu sem nemur 5% af ársréttindum tekjutryggingar 2005. Eingreiðslan verður þó eigi lægri en 4.500 kr. miðað við óskerta tekjutryggingu annan þessara mánaða. Fái viðkomandi skerta tekjutryggingu skal lágmarksgreiðsla reiknast hlutfallslega af 4.500 kr.

Þeir sem hafa misst bætur vegna dvalar á stofnun, sbr. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, og fá þess vegna ekki tekjutryggingu í nóvember eða desember 2005 skulu fá eingreiðslu sem skal reiknast eins og kveðið er á um í 1. mgr.

Þeir sem hafa réttindasamband við Tryggingastofnun ríkisins vegna lífeyris skulu fá eingreiðslu skv. 1. mgr. þrátt fyrir að hafa þegar fengið greidda alla tekjutryggingu ársins.

Eingreiðsla samkvæmt þessari reglugerð hefur ekki áhrif á eingreiðslu sem kveðið er á um í reglugerð nr. 1007/2004 um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. nóvember 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# AUGLÝSING

## (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

**1. Austurbyggð.**

1. Rétt á úthlutun eiga krókaaflamarksbátar og aflamarksskip sem skráð hafa verið með heimahöfn í Austurbyggð fiskveiðiárið 2004-2005 og útgerð hafi þar lögheimili og starfsstöð. Einnig geta bátar/skip átt rétt á úthlutun ef eigendur þeirra hafa átt lögheimili og starfsstöð í Austurbyggð á umræddu tímabili.
2. Úthlutuðum aflaheimildum til Fáskrúðsfjarðar verður eingöngu skipt á milli þeirra báta/skipa sem skráð hafa verið með heimahöfn á Fáskrúðsfirði og úthlutuðum aflaheimildum til Stöðvarfjarðar verður eingöngu skipt á milli þeirra báta/skipa sem skráð hafa verið með heimahöfn á Stöðvarfirði fiskveiðiárið 2004/2005. Litið er þannig á að bátar/skip sem skráð eru í Austurbyggð eigi heimahöfn þar sem lögheimili útgerðar er.
3. Forgang að úthlutun eiga bátar undir 200 brúttótonnum.
4. Umsækjandi skal tilgreina í umsókn hversu miklum aflaheimildum hann óskar eftir og treystir sér til að fara með samkvæmt reglum þessum.
5. Ef umsóknir um veiðiheimildir verða umfram úthlutað aflamark á hvorn stað skal aflaheimildum skipt hlutfallslega milli umsækjenda er uppfylla skilyrði um úthlutun, miðað við það magn sem bátur og/eða útgerð landaði í Austurbyggð á fiskveiðiárinu 2004/2005. Úthlutun verði þó aldrei minni en 5 þorskígildislestir á bát vegna þessa ákvæðis. Aflaheimildum skal fyrst skipt milli báta undir 200 brúttótonnum og því sem þá er eftir skipt milli stærri skipa sem sækja um, á sama grunni og milli minni báta.
6. Umsækjandi, útgerð, bátur eða aðili útgerðar sem hefur áður fengið úthlutað byggðakvóta, eiga því aðeins rétt á úthlutun nú að þeir hafi staðið við reglur sem giltu við fyrri úthlutun. Staðfestar upplýsingar um meðferð áður úthlutaðra aflaheimilda þurfa því að fylgja umsókn.
7. Umsækjandi skal leggja fram gögn um að hann sé eigandi að bátnum er sótt er um aflaheimildir á eða hafi fullgildan samning um leigu á viðkomandi bát.
8. Einungis verði úthlutað til þeirra sem leggja fram samkomulag við fiskvinnslustöð í Austurbyggð um úrvinnslu aflans samkvæmt umsókn. Jafnframt þurfa útgerðir viðkomandi báta/skipa að lýsa yfir vilja sínum til að landa til vinnslu á staðnum þreföldu því magni í þorskígildistonnum sem þeir fá úthlutað. Í lok kvótaárs skal skila staðfestingu frá vinnslu um að umrætt magn hafi borist henni. Við næstu úthlutun byggðakvóta áskilur sveitarstjórn sér rétt til að miða við landaðan afla til vinnslu í byggðarlaginu á fiskveiðiárinu 2005/2006 við ákvörðun um skiptingu veiðiheimilda.
9. Verði umsækjandi, útgerð, bátur eða aðili útgerðar sem fær úthlutað veiðiheimildum uppvís að því að virða ekki þau skilyrði sem sett eru varðandi vinnslu í sveitarfélaginu fyrirgerir hann rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar næstu 5 árin.

**2. Kaldrananeshreppur.**

1. Úthlutuðum byggðakvóta Kaldrananeshrepps í þorski, sbr. reglugerð nr. 722/2005, skal landað og hann unninn í heimabyggð.
2. Byggðakvóta skal skipt jafnt milli báta og skulu útgerð og meirihluti áhafnar eiga lögheimili í Kaldrananeshreppi þegar auglýstur umsóknarfrestur rennur út.
3. Útgerð báts sem fær úthlutað byggðakvóta má ekki leigja frá sér aflaheimildir umfram það sem hún hefur leigt til sín í þeim tegundum sem hún veiðir á fiskveiðiárinu 2005/2006.
4. Aðeins einn bátur frá sömu útgerð getur fengið byggðakvóta. Útgerð sem fær úthlutað byggðakvóta er óheimilt að selja frá sér aflaheimildir á fiskveiðiárinu.
5. Útgerðir leggi fram skriflegt samkomulag við fiskvinnslur í heimabyggð um vinnslu þeirra aflaheimilda sem þeim verður úthlutað samkvæmt þessum reglum og að þær leggi fram 5 kíló af þorski fyrir hvert kíló sem þeim er úthlutað af byggðakvóta Kaldrananeshrepps.
6. Komi til endurúthlutunar þar sem aðili sem fengið hefur úthlutað byggðakvóta afsalar sér honum eða missir rétt til hans vegna brota á reglum þessum skal þeim byggðakvóta sem um ræðir endurúthlutað til þeirra skipa sem fengu úthlutun samkvæmt reglum þessum og ekki hafa fyrigert rétti sínum til hans.
7. Útgerðir skulu í einu og öllu fara að þeim skilyrðum sem hér koma fram. Útgerðir sem ekki fara að skilyrðum reglnanna fyrirgera rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári.
8. Við úthlutun byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2005/2006 koma útgerðir þeirra fiskiskipa ekki til greina sem fengu úthlutað byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári og ekki hafa uppfyllt þau skilyrði sem sett voru vegna úthlutunar byggðakvóta síðasta árs í Kaldrananeshreppi, aflakvóti Byggðastofnunar þ.m.t.

**3. Siglufjarðarkaupstaður.**

Megintilgangur reglnanna skal vera að auka útgerð og vinnslu á fiski á Siglufirði og fjölga störfum.

1. Veiðiheimildum samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins frá 8. ágúst 2005 skal úthlutað til einstakra aflamarksskipa og krókaaflamarksbáta, sem leggja upp afla sinn til vinnslu hjá fiskverkunarstöðvum eða fiskmarkaði á Siglufirði, samkvæmt nánara samkomulagi. Eingöngu skulu fiskiskip sem skráð eru á Siglufirði 1. september 2005 koma til greina við úthlutun aflaheimilda. Ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 20 þorskígildislestir. Eftirstöðvum vegna 20 tonna ákvæðis skal skipta á milli fiskiskipa á grundvelli greinar 2.1.b.
   Ef bolfiskaflamark skips hefur minnkað frá úthlutun fiskveiðiársins 2004/2005 til 1. september 2005 vegna framsals þá kemur það skip aðeins til greina við skiptingu 15% hlutarins sbr. c-lið 2.1. gr.
   Þeir aðilar sem fengu úthlutað byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári og hafa ekki fylgt þágildandi reglum varðandi ráðstöfun byggðakvóta skulu ekki koma til greina við úthlutun nú.
2. Byggðakvóta verður skipt þannig milli þeirra fiskiskipa að hámarki 30 brúttólestir að stærð er sækja um og fullnægja skilyrðum.
   2.1. Veiðiheimildum 210 þorskígildistonnum skal skipt sem hér segir:
   a) 45% skal skipt jafnt á milli fiskiskipa.
   b) 35% skal skipt á grundvelli úthlutunar veiðiheimilda í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006.

c) 20% byggðakvóta verður úthlutað í janúar 2006. Um þann hluta geta sótt:
   - Fiskiskip sem uppfylla ekki skilyrði um framsal sbr. 2. málsgrein 1. töluliðar.
   - Fiskiskip sem gera út á ferðamennsku.

3. Öllum aðilum á Siglufirði sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
4. Þeir aðilar sem úthlutað er byggðakvóta skulu leggja fram gagnkvæman samning við fiskvinnslu/fiskmarkað á Siglufirði um löndun afla. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok 31. júlí 2006.
5. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á milli bolfisktegunda. Minnki aflaheimildir fiskiskips sem hlýtur byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári vegna framsals skulu þær afsala sér sambærilegu magni af byggðakvótanum, sem úthlutað verður að nýju.
6. Í lok fiskveiðiárs skulu útgerðir, sem fengið hafa byggðakvóta skila til sveitarstjórnar skýrslu um landaðan afla til vinnslu í samningsbundnum fiskverkunarfyrirtækjum eða á fiskmarkaði og skal skýrslan staðfest af viðkomandi samningsaðila. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun og vinnslu afla ekki fylgt skulu viðkomandi bátar og fiskverkanir ekki eiga rétt á úthlutun byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar.

**4. Skagafjörður.**

1. Sveitarstjórn auglýsir, fyrir 1. desember 2005, eftir umsóknum um nýtingu á þeim aflaheimildum sem koma í hlut Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005. Umsóknarfrestur er tvær vikur og skal öllum umsóknum svarað þremur vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.
2. Úthlutuðum veiðiheimildum verði eingöngu skipt milli þeirra skipa sem skráð voru með heimahöfn á Hofsósi í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006. Gerð er krafa um að útgerð sé með lögheimili á Hofsósi.
3. Umsækjandi skal tilgreina í umsókn hversu miklum aflaheimildum hann óskar eftir og treystir sér til að fara með samkvæmt reglum þessum. Æski umsækjendur í heild eftir meiri aflaheimildum en til úthlutunar eru, verður við úthlutun tekið tillit til löndunarsögu umsækjanda á Hofsósi, stærðar báts og gildi samnings við vinnslu í landi fyrir atvinnulíf á Hofsósi.
4. Einungis verði úthlutað til þeirra sem leggja fram samkomulag við fiskvinnslustöð í Hofsósi um úrvinnslu aflans hjá viðkomandi vinnslustöð. Jafnframt þurfa útgerðir viðkomandi báta að skulbinda sig með sérstökum samningi við sveitarfélagið til að landa til vinnslu á staðnum þreföldu því magni í þorskígildistonnum sem þeir fá úthlutað samkvæmt reglum þessum. Í lok kvótaárs skal skila staðfestingu frá vinnslu um að umrætt magn hafi borist henni.
5. Útgerð báts sem fær úthlutað byggðakvóta má hvorki leigja né selja af eigin aflamarksheimildum (miðað við upphaf kvótaárs) á fiskveiðiárinu 2005/2006. Bátur skal fyrst landa eigin aflamarksheimildum til vinnslu í Hofsósi áður en byggðakvóti er færður á viðkomandi bát. Þó skal tekið tillit til leyfilegs magns sem samkvæmt lögum má geyma milli ára.

6. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski án þess að það teljist framsal á úthlutuðum aflaheimildum. Framselji útgerðir aflaheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári skulu þær afsala sér sambærilegu magni af byggðakvótanum, sem úthlutað verður að nýju af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
7. Kvótaárið skiptist í þrjú tímabil: September 2005 – febrúar 2006, mars 2006 – maí 2006 og júní 2006 – ágúst 2006. Sveitarstjórn Skagafjarðar færir afla á viðkomandi bát eftir hvert tímabil sem tilgreint er hér að ofan. Þó verður aldrei fært meira á viðkomandi bát eftir hvert tímabil nema helmingur af úthlutuðum byggðakvóta í þorskígildum talið.
8. Fyrir 1. júlí 2006 skulu útgerðir þeirra báta sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir hafa nýtt og muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok fiskveiðiárs. Geti hlutaðeigandi ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér byggðakvótanum, sem sveitarstjórn mun síðan endurúthluta.
9. Sjái aðili, sem fengið hefur úthlutað byggðakvóta, fram á að hann geti ekki staðið við gert samkomulag um veiðar og vinnslu á byggðakvóta samkvæmt reglum þessum þá skal viðkomandi gera sveitarstjórn grein fyrir því fyrir lok maímánaðar 2006 og afsala sér jafnframt byggðakvótanum. Þeim kvóta verður þá úthlutað jafnt milli annarra báta á Hofsósi, sem úthlutun hafa fengið.
10. Standi útgerð eða útgerðarmenn ekki við samkomulag við vinnslustöð(var) og/eða reglur sveitarstjórnar vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006 koma hlutaðeigandi ekki til greina þegar úthlutað verður næst.
11. Umsókn skal send á:
    Sveitarfélagið Skagafjörður
    Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 17-21
    550 Sauðárkróki
    Í umsókn skal tekið skýrt fram:
    - Hversu mikið magn af fiski er fyrirhugað að veiða.
    - Á hvaða bát ætlunin er að veiða.
    - Hversu miklum aflaheimildum útgerðin hefur yfir að ráða.
    - Fyrirhugað fyrirkomulag við veiðar s.s. veiðarfæri, fjöldi áhafnarmeðlima o.s.frv.
    - Önnur atriði sem umsækjandi telur skipta máli við umsóknina.

    Umsóknarfrestur er til 15. desember 2005.

**5. Vesturbyggð.**

1. Grundvöllur úthlutunarreglna Vesturbyggðar á byggðakvóta er reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins nr. 722/2005 um úthlutun á 4.010 þorskígildislestum á kvótaárinu 2005/2006 til stuðnings byggðarlögum. Gildir reglugerð ráðuneytisins í einu og öllu um atriði sem ekki er tekið á sérstaklega í úthlutunarreglum þessum.
2. Úthluta skal til einstakra skipa og báta sem skráðir eru í Vesturbyggð og hafa gilt haffærnisskírteini, eða hafi haft á nýliðnu fiskveiðiári hlutfallslega miðað við þorskígildislestir sem þeir hafa umráð yfir þegar umsókn er send inn. Gildir þá einu hvort um er að ræða eigin kvóta eða leigukvóta. Umráðaafli skal fundinn út þannig að til viðmiðunar er allur landaður afli frá upphafi kvótaársins fram að umsóknardegi að viðbættri skráðri kvótastöðu þess dags. Útgerðaraðilum báta, sem skráðir eru í sveitarfélaginu, er því gefinn kostur á að auka veiðiheimildir sínar með kaupum eða leigu á kvóta allt til þess tíma að umsóknarfrestur til sveitarfélagsins rennur út og leggja þannig sannanlega eigin umráðakvóta á þeim tímapunkti til grundvallar umsókn sinni, enda skilyrði úthlutunarreglna

uppfyllt að öðru leyti. Ekkert fiskiskip skal þó hljóta meira en 25 þorskígildislestir miðað við óslægðan fisk. Víkja má frá þessari takmörkun á hlut hvers báts fáist heildarhlut einhvers byggðarlags ekki skipt með öðrum hætti. Komi minna en 100 þorskígldiskíló í hlut einhvers fiskiskips, samkvæmt framangreindum reglum, fellur úthlutun til þess fiskiskips niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðakjarna.

3. Af þeim 248 þorskígildislestum sem ráðuneytið úthlutaði Vesturbyggð skal við það miðað, verði því við komið, að 140 þorskígildislestum verði úthlutað á báta sem skráðir eru á Bíldudal, 103 þorskígildislestum á báta sem skráðir eru á Patreksfirði og 5 þorskígildislestum á báta sem skráðir eru á Brjánslæk. Takist ekki að uppfylla skilyrði úthlutunarreglna í einstöku byggðarlagi, og fullnaðarúthlutun samkvæmt ofanskráðu næst því ekki, skal þorskígildislestum sem eftir standa úthlutað á báta í öðrum byggðarlögum innan sveitarfélagsins að því gefnu að þar verði uppfyllt skilyrði úthlutunarreglnanna að öðru leyti.
4. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til af eigin umráðaafla að lágmarki kvóta til jafns við úthlutaðan byggðakvóta og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert
5. Afla sem fenginn er á grundvelli aflaheimilda samkvæmt 3. og 4. tl. er skylt að landa til vinnslu í viðurkenndri vinnslustöð í Vesturbyggð sem er með gilt rekstrarleyfi. Skal aflanum landað í þeim byggðakjarna í sveitarfélaginu þar sem úthlutun á sér stað skv. 3. tl. enda liggi til grundvallar, hafi útgerð báts krafist þess, fullgild bankaábyrgð til tryggingar skilvísum greiðslum viðkomandi vinnslustöðvar fyrir landaðan afla. Útgerð báts, sem fær úthlutað byggðakvóta samkvæmt reglum þessum, er því einungis heimilt að landa afla annars staðar að hún geti sýnt fram á með sannanlegum hætti að bankaábyrgð hafi ekki fengist. Skal umsókn um byggðakvóta fylgja staðfesting viðkomandi fiskverkunar á því að afli verði unninn þar ásamt bankaábyrgð, sé hún fyrir hendi. Öllum afla samkvæmt þessum tölulið skal landað fyrir lok fiskveiðiársins.
6. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur. Framselji útgerðir eftir úthlutun byggðakvótans aðrar aflaheimildir sem þær hafa yfir að ráða skulu þær afsala sér samsvarandi magni af úthlutuðum byggðakvóta, sem úthlutað verður þá að nýju. Að sama skapi fellur úthlutun niður í heild sinni til útgerða framselji þær aflaheimildir í meira magni en sem nemur úthlutuðum byggðakvóta. Komi til endurúthlutunar skal úthlutað í samræmi við ákvæði reglna þessara en þó einungis til báta sem ekki náðu hámarksúthlutun skv. 2. tl. við upphaflega úthlutun. Samanlögð má heildarúthlutun til einstakra báta aldrei verða hærri en sem nemur hámarksúthlutun skv. 2. tl.
7. Í lok fiskveiðiárs skulu útgerðir sem úthlutað hefur verið byggðakvóta skila til sveitarstjórnar skýrslu um landaðan afla til vinnslu í því fiskverkunarfyrirtæki, sem þeir tilnefndu sem samstarfsaðila og skal skýrslan staðfest af viðkomandi vinnsluaðila með áritun. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla ekki fylgt skulu viðkomandi bátar ekki eiga rétt á úthlutun byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar að nýju á næsta fiskveiðiári þar á eftir.

2. gr.

Leiðréttingar á auglýsingu nr. 970, 11. nóvember 2005.

**Öxarfjörður.**

2. málsliður 4. tl. orðast svo:

Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 5. desember 2005 og skulu umsóknir hafa borist fyrir kl. 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins þann dag.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Guðný Steina Pétursdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

*Deiliskipulag lóðar nr. 1 við Erlurima á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 3. nóvember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Erlurimi 1 á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 2. september 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. september til og með 6. október 2005, með athugasemdafresti til og með 20. október 2005.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 18. nóvember 2005.*

**Grétar Zóphaníasson,** fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

*Deiliskipulag lóðanna Hásteinsvegur 26 og 28 á Stokkseyri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. ágúst 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 26 og 28 við Hásteinsveg á Stokkseyri.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 7. september 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 1. júní 2005 til og með 29. júní 2005, með athugasemdafresti til og með 13. júlí 2005.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 21. nóvember 2005.*

**Grétar Zóphaníasson,** fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2005

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 255/2002 um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi.**

1. gr.

Eftirfarandi texti undir liðnum *„Lakkviðgerðir ökutækja"* í I. viðauka reglugerðarinnar fellur brott:

– yfirborðsmeðferð ökutækja, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 70/156/EBE, eða hluta þeirra, sem framkvæmd er sem hluti af viðgerð ökutækja, viðhaldi eða skreytingu utan bifreiðasmiðjanna, eða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar 2004/42/EB um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysa í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB, sem vísað er til í 9. tl. XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2003, þann 11. júní 2005.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um rokgjörn lífræn efnasambönd í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja.**

1. gr.
*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun rokgjarnra lífrænna efnasambanda í tiltekinni málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja til að draga úr mengun andrúmsloftsins af völdum ósons við yfirborð jarðar.

2. gr.
*Gildissvið.*

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til málningar, lakks og annarrar efnavöru sem notuð er til yfirborðsmeðferðar á byggingum, skreytingum þeirra og innréttingum og talin er upp í viðauka I.1 við reglugerð þessa, að undanskildum úðaefnum, sem ætluð er til skreytingar, hlífðar eða til að ná fram annarri virkni.

Reglugerðin tekur einnig til lakkefna til yfirborðsmeðferðar ökutækja eða hluta þeirra sem talin eru upp í viðauka I.2 og ætluð eru til viðgerða, viðhalds eða skreytinga utan bifreiðasmiðja.

3. gr.
*Skilgreiningar.*

*Efnavara:* Hreint efni eða blanda tveggja eða fleiri efna í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.

*Efni:* Frumefni og sambönd þess, bæði náttúruleg og manngerð.

*Filma:* Samfelld húð sem fæst með því að bera einu sinni eða oftar á undirlag.

*Innihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda:* Massi rokgjarnra lífrænna efnasambanda, mældur í grömmum/lítra (g/l) í efnavörunni eins og hún er þegar hún er tilbúin til notkunar. Massi rokgjarnra lífrænna efnasambanda í efnavörunni sem hvarfast efnafræðilega við þornun og myndar hluta af yfirborðshúðinni telst þó ekki hluti af innihaldi rokgjarnra lífrænna efnasambanda.

*Leysiblönduð yfirborðsefni (lb):* Yfirborðsefni þar sem seigjan hefur verið stillt með lífrænum leysi.

*Lífrænn leysir:* Sérhvert rokgjarnt lífrænt efnasamband sem er notað, eitt sér eða með öðrum efnum, til að leysa upp eða þynna hráefni, afurðir eða úrgangsefni, eða notað sem hreinsiefni, mýkiefni, rotvarnarefni, dreifiefni eða efni til að stilla seigju eða yfirborðsspennu.

*Lífrænt efnasamband:* Sérhvert efnasamband sem inniheldur kolefni og eitt eða fleiri eftirtalinna efna: vetni, súrefni, brennistein, fosfór, kísil, köfnunarefni eða halógen að undanskildum kolefnisoxíðum og ólífrænum karbónötum og bíkarbónötum.

*Markaðssetning:* Dreifing eða sala efnavöru.

*Rokgjarnt lífrænt efnasamband:* Sérhvert lífrænt efnasamband með upphafssuðumark lægra en eða jafnt 250°C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa.

*Vatnsblönduð yfirborðsefni (vb):* Yfirborðsefni þar sem seigjan hefur verið stillt með vatni.

*Yfirborðsefni:* Sérhver efnavara, þ.m.t. lífrænn leysir eða efnavara, sem inniheldur lífrænan leysi, sem notuð er til að mynda filmu sem skreytir eða verndar yfirborðsfleti eða til að þekja yfirborð í öðrum tilgangi.

4. gr.
*Skilyrði.*

Efnavöru sem talin er upp í viðauka I má eingöngu framleiða og markaðssetja ef innihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda í efnavörunni er undir þeim mörkum sem fram koma í viðauka II.

Þegar blanda þarf efnavöru sem talin er upp í viðauka I með lífrænum leysi eða öðrum efnisþáttum sem innihalda lífræna leysa til að efnavaran verði tilbúin til notkunar, skulu viðmiðunargildin í viðauka II gilda um efnavöruna þegar hún er tilbúin til notkunar.

5. gr.
*Undanþágur.*

Efnavara sem talin er upp í viðauka I og eingöngu er seld til notkunar í stöðvum sem falla undir reglugerð um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi, og hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir frá heilbrigðisnefnd, er undanþegin ákvæðum 4. gr.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu fyrir kaup og sölu á takmörkuðu magni af efnavöru sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru í viðauka II ef hún er notuð við endurbyggingu, endursmíði eða viðhald bygginga og fornökutækja sem þar til bær aðili metur að hafi sérstakt sögu- eða menningarlegt gildi.

6. gr.
*Merkingar.*

Efnavara sem talin er upp í viðauka I skal við markaðssetningu merkt með:

a) Undirflokki efnavöru og viðeigandi viðmiðunarmörkum fyrir rokgjörn lífræn efnasambönd eins og fram kemur í viðauka II.
b) Hámarksinnihaldi rokgjarnra lífrænna efnasambanda (g/l) í efnavöru tilbúinni til notkunar.

7. gr.
*Prófanir.*

Framkvæma skal prófanir skv. viðauka III til þess að sýna fram á að efnavara uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar.

8. gr.
*Eftirlit.*

Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

9. gr.
*Viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

10. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/42/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysa í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB, sem vísað er til í 9. tl. XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2003, þann 11. júní 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

I.

Til 1. janúar 2008 er heimilt að selja efnavöru sem talin er upp í viðauka I þrátt fyrir að hún uppfylli ekki skilyrði 4. gr. um hámarksinnihald lífrænna efnasambanda ef sýnt er fram á að varan hafi verið framleidd fyrir 1. janúar 2007 í samræmi við I. áfanga í viðauka II.

II.

Til 1. janúar 2011 er heimilt að selja efnavöru sem talin er upp í viðauka I þrátt fyrir að hún uppfylli ekki skilyrði 4. gr. um hámarksinnihald lífrænna efnasambanda ef sýnt er fram á að varan hafi verið framleidd fyrir 1. janúar 2010 í samræmi við II. áfanga í viðauka II. Íslensk framleiðsla sem sýnt er fram á að hafi verið framleidd fyrir 1. janúar 2010 í samræmi við II. áfanga í viðauka II má þó vera á markaði til 1. janúar 2013.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

VIÐAUKI I
**Efnavara sem fellur undir reglugerðina.**

1. **Málning og lakk ætlað til yfirborðsmeðferðar á mannvirkjum og innréttingum þeim tengdum. Undirflokkar til merkinga á efnavöru sbr. 6. gr.**
   a) *„Matt yfirborðsefni fyrir veggi og loft innanhúss.“* Á við um yfirborðsefni með gljástig ≤ 25@60° sem ætlað er fyrir veggi og loft innanhúss.
   b) *„Gljáandi yfirborðsefni fyrir veggi og loft innanhúss.“* Á við um yfirborðsefni með gljástig > 25@60° sem ætlað er fyrir veggi og loft innanhúss.
   c) *„Yfirborðsefni til notkunar utanhúss á veggi úr steinefnum.“* Á við um yfirborðsefni sem ætlað er til notkunar utanhúss á veggi úr múr, múrsteinum, steinsteypu eða veggi með múrhúð.
   d) *„Pensillakk fyrir við, málm eða plast innan- og utanhúss.“* Á við um yfirborðsefni sem ætlað er til að mynda þekjandi filmu til að snyrta eða lagfæra. Ætlað fyrir undirlag úr viði, málmi eða plasti. Í þessum undirflokki er einnig grunn- og millimálning.
   e) *„Glært eða gagnsætt lakk og viðarvörn til notkunar innan- og utanhúss.“* Á við um yfirborðsefni sem er borið á við, málm eða plast og myndar glæra eða hálfgagnsæja filmu til skrauts og verndar. Þessi undirflokkur nær yfir þekjandi viðarvörn eins og skilgreint er í staðli EN 927-1:1996, í flokki hálfstöðugra efna.
   f) *„Viðarvörn með lágmarksfilmuþykkt.“* Á við um viðarvörn sem, í samræmi við staðal EN 927-1:1996, hefur þykkt sem er að meðaltali minni en 5 µm í prófun sem er gerð samkvæmt ISO staðli 2808:1997, aðferð 5A.
   g) *„Grunnur.“* Á við um yfirborðsefni með lokandi og/eða einangrandi eiginleika sem er ætlað til notkunar á við eða veggi og loft.
   h) *„Bindigrunnur.“* Á við um yfirborðsefni sem er notað til að festa lausar agnir undirlagsins eða veita vatnsfælni eiginleika og/eða vernda við gegn gráma.
   i) *„Eins þáttar yfirborðsefni.“* Á við um yfirborðsefni með sérstaka filmumyndandi eiginleika. Efnið er notað í sérstökum tilgangi, t.d. sem grunnur og yfirmálning fyrir plastefni, grunnur fyrir járnbundin efni, grunnur fyrir ál, sink og aðra hvarfgjarna málma, tæringarvarnarmálning, gólfmálning, þ.m.t. fyrir viðar- og steingólf, málning gegn veggjakroti, eldvarnarmálning og sem málning sem þarf að uppfylla heilbrigðisstaðla í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði og á sviði heilsugæslu.
   j) *„Tveggja þátta yfirborðsefni.“* Á við um yfirborðsefni sem er notað í sama tilgangi og eins þáttar yfirborðsefni þar sem öðrum þætti er bætt í (t.d. þrígreind amín) áður en það er borið á.
   k) *„Marglita yfirborðsefni.“* Á við um yfirborðsefni sem er ætlað að gefa tveggja lita eða marglita áferð um leið og það er borið á.
   l) *„Hrif yfirborðsefni.“* Á við um yfirborðsefni sem er ætlað að gefa sérstök, fagurfræðileg áhrif á sérstaklega undirbúnu grunnmáluðu undirlagi og er síðan meðhöndlað með ýmiss konar áhöldum meðan það þornar.

Í liðum a, b, c, i, j, k og l er heimilt í merkingu að skipta út orðinu yfirborðsefni fyrir orðið málning eða lakk eftir því sem við á.

2. **Efni til lakkviðgerða ökutækja, undirflokkar til merkinga á efnavöru sbr. 6. gr.**
   a) *„Efnavara til undirbúnings og hreinsunar."* Á við um efnavöru sem er ætluð til að fjarlægja eldri málningu og ryð, annaðhvort á vélrænan eða efnafræðilegan hátt eða til að gefa viðloðun fyrir ný yfirborðsefni:
      i) *Efnavara til undirbúnings* eins og þvottaþynnir (efnavara sem er ætluð til að hreinsa málningarsprautur og annan búnað), málningarhreinsir, fituhreinsir (m.a. efni sem eyða stöðurafmagni í plasthlutum) og sílíkonhreinsir.
      ii) *„Forhreinsir"* (precleaner): Á við um hreinsiefni sem er ætlað til að fjarlægja óhreinindi af yfirborðsflötum og er liður í undirbúningi áður en yfirborðsefni er borið á.
   b) *„Spartl og fylliefni"* (bodyfiller/stopper). Á við um efni með mikilli fyllingu sem er ætlað til að fylla í djúpar misfellur í yfirborði áður en fylligrunnur (surfacer/filler) er borinn á.
   c) *„Grunnur."* Á við um hvers kyns yfirborðsefni sem er ætlað til að nota á beran málm eða áður áborna fleti til að veita vernd gegn tæringu áður en fylligrunnur (primer surfacer) er borinn á:
      i) *„Fylligrunnur"* (surfacer/filler). Á við um yfirborðsefni sem bera skal á áður en yfirlakk er borið á og er ætlað að veita þol gegn tæringu, til að tryggja viðloðun yfirlakks og til að stuðla að myndun einsleits yfirborðs með því að fylla í minni háttar misfellur í yfirborði.
      ii) *„Alhliða málmgrunnur"* (general metal primer). Á við um yfirborðsefni sem er borið á sem grunnur, t.d. viðloðunaraukandi efni, þéttiefni, fylligrunnur (surfacer), undirmálning, plastgrunnur, efni sem er borið á blautt í blautt, slípifrí fylliefni (non-sand filler) og úðafylliefni.
      iii) *„Ætigrunnur"* (wash primer). Á við um yfirborðsefni, sem inniheldur a.m.k. 0,5% miðað við þyngd af fosfórsýru, sem borið er beint á bera málmfleti til að veita vörn gegn tæringu og tryggja viðloðun; yfirborðsefni notað sem suðugrunnur og litfestilausn fyrir galvanhúðaða fleti og sinkfleti.
   d) *„Yfirlakk"* (topcoat). Á við um hvers kyns yfirborðsefni með fastlitarefnum sem borið er á annaðhvort sem eitt lag eða mörg lög til að veita gljáa og endingu. Til þess telst öll efnavara sem notuð er, s.s. undirlakk (base coatings) og glært lakk (clear coatings):
      i) *„Undirlakk."* Á við um yfirborðsefni með fastlitarefnum sem ætlað er að gefa lit og hvers kyns ljósfræðileg áhrif en hvorki gljáa né yfirborðsstyrk málningarkerfisins.
      ii) *„Glært lakk."* Á við um glært yfirborðsefni sem er ætlað að gefa málningarkerfinu endanlegan gljáa og styrk.
   e) *„Sérstakt frágangsefni."* Á við um yfirborðsefni sem er borið á sem yfirmálning sem krefst sérstakra eiginleika, s.s. málmgljáa eða perluáferðar, í einu lagi, litföst hágæðamálning og glært lakk (t.d. efni sem veitir vörn gegn rispum og flúrað glært lakk), endurskinsmálning, málning með sérstakri áferð (t.d. hamraðri), hálkuvarnarmálning, vörn fyrir undirvagna, efni sem veitir vörn gegn steinkasti, innilakk og úðaefni.

VIÐAUKI II

## A. Viðmiðunargildi fyrir hámarksinnihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda í málningu og lakki.

| | Undirflokkur efnavöru | Gerð | I. áfangi (g/l (*)) (frá 1.1. 2007) | II. áfangi (g/l (*)) (frá 1.1. 2010) |
|---|---|---|---|---|
| a | Matt yfirborðsefni fyrir veggi og loft innanhúss (gljái ≤ 25@60°) | vb.<br>lb. | 75<br>400 | 30<br>30 |
| b | Gljáandi yfirborðsefni fyrir veggi og loft innanhúss (gljái > 25@60°) | vb.<br>lb. | 150<br>400 | 100<br>100 |
| c | Yfirborðsefni fyrir veggi úr steinefnum til notkunar utanhúss. | vb.<br>lb. | 75<br>450 | 40<br>430 |
| d | Pensillakk fyrir við, málm og plast | vb.<br>lb. | 150<br>400 | 130<br>300 |
| e | Glært eða gagnsætt lakk og viðarvörn til notkunar innan- og utanhúss | vb.<br>lb. | 150<br>500 | 130<br>400 |
| f | Viðarvörn með lágmarksfilmuþykkt til notkunar innan- og utanhúss | vb.<br>lb. | 150<br>700 | 130<br>700 |
| g | Grunnur | vb.<br>lb. | 50<br>450 | 30<br>350 |
| h | Bindigrunnur | vb.<br>lb. | 50<br>750 | 30<br>750 |
| i | Eins þáttar yfirborðsefni | vb.<br>lb. | 140<br>600 | 140<br>500 |
| j | Tveggja þátta yfirborðsefni | vb.<br>lb. | 140<br>550 | 140<br>500 |
| k | Marglita yfirborðsefni | vb.<br>lb. | 150<br>400 | 100<br>100 |
| l | Hrif yfirborðsefni | vb.<br>lb. | 300<br>500 | 200<br>200 |

(*) g/l af efnavöru sem er tilbúin til notkunar.
vb: Vatnsblönduð yfirborðsefni.
lb: Leysiblönduð yfirborðsefni.

## B. Viðmiðunargildi fyrir hámarksinnihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda í efnavöru til lakkviðgerða ökutækja.

| | Undirflokkur efnavöru | Yfirborðsefni | I. áfangi (g/l (*)) (frá 1.1. 2007) |
|---|---|---|---|
| a | Efnavara til undirbúnings og hreinsunar | Til undirbúnings<br>Forhreinsir | 850<br>200 |
| b | Spartl og fylliefni | Allar gerðir | 250 |
| c | Grunnur | Fylligrunnur<br>Alhliða (málm)grunnur<br>Ætigrunnur | 540<br>540<br>780 |
| d | Yfirlakk | Allar gerðir | 420 |
| e | Sérstakt frágangsefni | Allar gerðir | 840 |

(*) g/l af efnavöru sem er tilbúin til notkunar. Ekki skal taka tillit til vatnsinnihalds efnavörunnar, eins og hún er þegar hún er tilbúin til notkunar, nema í undirflokki a.

# VIÐAUKI III
## Aðferðir sem um getur í 7. gr.

| **Færibreyta** | **Eining** | **Prófun** | |
|---|---|---|---|
| | | **Staðalaðferð** | **Útgáfuár** |
| Innihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda | g/l | ISO 11890-2 | 2002 |
| Innihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda ef um er að ræða hvarfgjörn þynningarefni | g/l | ASTMD 2369 | 2003 |

---

# REGLUR

**um brottfellingu reglna nr. 602/1999, um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.**

1. gr.

Reglur nr. 602/1999, um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum, falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Ragnhildur Arnljótsdóttir.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2005

# REGLUGERÐ

## um öryggisblöð.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um:

a. Efni og efnavörur sem falla undir reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

b. Efnavörur sem innihalda a.m.k. eitt efni, sem tilgreint er í fylgiskjali 1 við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, í styrk ≥ 1% miðað við þyngd (föst og fljótandi efni) eða ≥ 0,2% miðað við rúmmál (loftkennd efni).

c. Efnavörur sem innihalda a.m.k. eitt efni sem tilgreint er í viðauka 1 við reglur Vinnueftirlits ríkisins, nr. 154/1999, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

d. Sprengiefni sem falla undir reglugerð um sprengiefni.

2. gr.

*Almenn ákvæði.*

Sá sem afhendir efni eða efnavöru sem fellur undir reglugerð þessa, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili, skal láta viðtakanda sem notar efnið eða efnavöruna í atvinnuskyni í té öryggisblöð með upplýsingum sem greinir í 3. gr. Öryggisblöðin skulu vera á íslensku, dagsett og þau skal afhenda án endurgjalds.

Öryggisblöð skulu fylgja með efni og efnavöru við fyrstu afhendingu og þegar breytingar hafa verið gerðar á þeim vegna nýrra upplýsinga um öryggi er varðar heilsu starfsmanna og verndun umhverfis. Þegar öryggisblöðum hefur verið breytt skal koma fram á þeim að um endurskoðaða útgáfu sé að ræða. Við endurskoðun á öryggisblöðum skulu allir þeir sem fengið hafa viðkomandi efni eða efnavöru á síðustu 12 mánuðum fá ný öryggisblöð sér að kostnaðarlausu óski þeir eftir því.

Ekki er skylt að láta öryggisblöð fylgja með efnum eða efnavörum við afhendingu til almenningsnota enda séu umbúðir merktar samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Öryggisblöð má afhenda með tölvu- eða myndskeyti hafi móttakandi slíkan búnað.

3. gr.

*Upplýsingar í öryggisblöðum.*

Öryggisblöð sem um getur í 2. gr. skulu innihalda upplýsingar um eftirtalin atriði eins og nánar er tilgreint í viðauka:

1. Heiti efnis eða efnavöru og upplýsingar um framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.
2. Samsetningu/upplýsingar um innihald.
3. Hættuflokkun.
4. Skyndihjálp.
5. Viðbrögð við eldsvoða.
6. Viðbrögð við efnaleka.
7. Meðhöndlun og geymslu.
8. Takmörkun áverkunar (*exposure*)/persónuhlífar.

9. Eðlis- og efnafræðilega eiginleika.
10. Stöðugleika og hvarfgirni.
11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.
12. Hættur gagnvart umhverfi.
13. Förgun.
14. Flutning.
15. Lög og reglugerðir.
16. Aðrar upplýsingar.

4. gr.
*Eftirlit.*

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.
*Valdsvið og þvingunarúrræði.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila fer samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.
*Viðurlög.*

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

7. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 20. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun 2001/58/EB, um aðra breytingu á tilskipun 91/155/EBE, þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 14. greinar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB og er varða hættuleg efni til framkvæmdar 27. greinar tilskipunar ráðsins 67/548/EBE (öryggisblöð), sem vísað er til í 10. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2004, þann 27. apríl 2004.

Reglugerðin byggir einnig á ákvæðum eftirfarandi áður innleiddra tilskipana:

a. Tilskipun 91/155/EBE þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 10. gr. tilskipunar 88/379/EBE.
b. Tilskipun 93/112/EBE um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 10. gr. tilskipunar 88/379/EBE.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

VIÐAUKI

**Leiðbeiningar um gerð öryggisblaða.**

Markmiðið með þessum leiðbeiningum er að tryggja samræmi og nákvæmni í upplýsingum í öryggisblöðum. Þær eiga að tryggja að upplýsingar undir hverjum lið 3. gr. reglugerðar þessarar geri notendum efna eða efnavara kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir með tilliti til öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum og verndun umhverfis.

Öryggisblöð skulu gera atvinnurekanda kleift að ákvarða hvort einhver hættuleg efni eða efnavörur séu á vinnustaðnum og meta áhættu fyrir heilsu og öryggi starfsmanna af notkun þeirra.

Upplýsingarnar í öryggisblöðum skulu standast kröfur Vinnueftirlits ríkisins, sbr. reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

Í sumum tilvikum kann að vera þörf á viðbótarupplýsingum í ljósi fjölbreytilegra eiginleika efna. Ef í ljós kemur að upplýsingar um tiltekna eiginleika þjóna engum tilgangi eða ef tæknilega er ógerlegt að afla þeirra skulu ástæður þess koma fram á skýran hátt undir hverjum lið. Veita skal upplýsingar um alla hættulega eiginleika. Ef tekið er fram að ekki sé um að ræða sérstaka hættu skal greina skýrt á milli tilvika þegar upplýsingar eru ekki tiltækar og tilvika þar sem neikvæðar prófunarniðurstöður liggja fyrir.

Upplýsingarnar skulu vera á íslensku og á aðgengilegu og skýru máli. Þær skulu unnar af þar til hæfum aðila og skal hann taka tillit til sérstakra þarfa notenda þeirra, eftir því sem vitað er um þær. Útgáfudagsetning öryggisblaða skal vera á fyrstu síðu.

Þegar lokið hefur verið við að endurskoða öryggisblöð skal viðtakendum gerð grein fyrir breytingunum.

**1. Heiti efnis eða efnavöru og upplýsingar um framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.**

1.1. Söluheiti efnis eða efnavöru skal vera það sama og notað er á merkimiða, sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

1.2. Tilgreina skal ætlaða eða ráðlagða notkun efnisins eða efnavörunnar, eftir því sem vitað er. Þegar notkunarmöguleikar eru margir þarf aðeins að tilgreina þá mikilvægustu eða algengustu. Þessu skal fylgja stutt lýsing á því til hvers efnið eða efnavaran er ætluð, t.d. eldtefjandi efni, þráavarnarefni o.s.frv.

1.3. Gefa skal upp nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á markaðsetningu efnis eða efnavöru í Evrópu, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi eða dreifingaraðili. Ef viðkomandi aðili er ekki staðsettur á Íslandi skal gefa upp nafn, heimilisfang og síma þess aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu efnis eða efnavöru hér á landi.

1.4. Gefa skal upp símanúmer sem nota má í neyðartilfellum, s.s. síma Eitrunarmiðstöðvar.

**2. Samsetning /upplýsingar um innihald.**

Upplýsingar í öryggisblöðum eiga að gera viðtakanda kleift að greina auðveldlega hættu af innihaldsefnum efnavöru. Hættu, sem stafar af efnavörunni sjálfri, skal gefa upp undir 3. lið.

2.1. Ekki er nauðsynlegt að veita nákvæmar upplýsingar um samsetningu, þótt almenn lýsing á innihaldsefnum og styrk þeirra geti verið gagnleg.

2.2. Fyrir efnavörur, sem eru flokkaðar sem hættulegar í samræmi við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni skulu eftirfarandi efni þó tilgreind, auk upplýsinga um styrk eða styrkleikasvið:
- efni sem geta verið hættuleg heilsu manna og umhverfi ef styrkur þeirra er jafn eða meiri en tilgreint er í fylgiskjali 5, lið B, í framangreindri reglugerð,
- efni sem falla undir reglur Vinnueftirlits ríkisins um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

2.3. Fyrir efnavöru, sem er ekki flokkuð sem hættuleg samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, skal tilgreina eftirfarandi efni ásamt styrk þeirra eða styrkleikasvið ef þau eru í styrk $\geq$ 1% miðað við þyngd fyrir efnavörur sem eru ekki loftkenndar og í styrk $\geq$ 0,2% miðað við rúmmál fyrir loftkenndar efnavörur:
- efni sem eru hættuleg heilsu manna og umhverfi í skilningi framangreindrar reglugerðar, sbr. þó 4. og 5. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar,
- efni sem falla undir reglur Vinnueftirlits ríkisins um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

2.4. Tilgreina skal flokkun framangreindra efna með táknstöfum sem fylgja varnaðarmerkjum og númer hættusetninga sem þau fá í samræmi við eðlisefnafræðilega hættu og hættu fyrir heilsu og umhverfi sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. Hér þarf ekki að skrifa texta hættusetninga. Vísa skal til 16. liðar þar sem viðkomandi hættusetningar eru ritaðar í heild.

2.5. Heiti framangreindra efna og EB-raðnúmer (EINECS- eða ELINCS-númer) skal tilgreina samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. CAS-númer og IUPAC-heiti (ef það er fyrir hendi) geta einnig komið að notum. Ekki er þörf á nákvæmu efnafræðilegu heiti yfir efni sem tilgreind eru með almennu heiti í samræmi við 4. og 5. mgr. 13. gr. framangreindrar reglugerðar.

2.6. Ef nauðsynlegt er, sbr. síðasta málslið í lið 2.5, að halda upplýsingum um innihald tiltekinna efna leyndum skal efnafræðilegum eiginleikum þeirra lýst í þeim tilgangi að tryggja að þau séu meðhöndluð á öruggan hátt.

**3. Hættuflokkun.**

Hér skal tilgreina flokkun efnis eða efnavöru sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. Tilgreina skal hættuna, sem mönnum og umhverfi stafar af efninu eða efnavörunni á skýran og gagnorðan hátt.

Greina skal skýrt á milli efnavara sem flokkast sem hættulegar og efnavara sem eru ekki flokkaðar sem hættulegar í samræmi við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Lýsa skal helstu skaðlegu eðlisefnafræðilegu áhrifum og áhrifum á heilsu manna og umhverfi og einkennum sem tengjast hugsanlegri notkun og misnotkun efnis eða efnavöru.

Nauðsynlegt getur verið að nefna aðrar hættur, eins og ryksöfnun og hættu á köfnun og kali eða umhverfisáhrifum, eins og hættu fyrir jarðvegslífverur o.s.frv. sem ekki koma fram í flokkuninni en geta átt sinn þátt í skaðsemi efnisins eða efnavörunnar.

Upplýsingar á merkimiða skal tilgreina í 15. lið.

**4. Skyndihjálp.**

Brýnt er að geta þess hvort þörf er á læknisaðstoð þegar í stað ef óhapp verður.

Upplýsingar um skyndihjálp skulu vera stuttar og auðskiljanlegar fyrir þann sem hefur skaðast og fyrir þá sem veita skyndihjálp. Geta skal stuttlega um einkenni og áhrif. Í upplýsingum skal koma fram hvað gera skuli á staðnum ef óhapp verður og einnig ef búast má við síðkomnum áhrifum.

Skipta skal upplýsingunum í undirflokka eftir því hvernig efni eða efnavara kemst í snertingu við fólk þ.e. við innöndun, snertingu við húð, snertingu við augu og inntöku.

Geta skal þess hvenær þörf er á eða ráðlegt að leita læknis.

Fyrir sum efni er mikilvægt að leggja áherslu á að þess er krafist að til staðar sé sérstakur búnaður eða efni, svo sem lyf, eða að gripið skuli til sérstakra aðgerða verði óhapp.

**5. Viðbrögð við eldsvoða.**

Geta þarf þess til hvaða viðbragða skal grípa ef kviknar í efni eða efnavöru eða ef eldur er laus í nágrenni.

- Viðeigandi slökkvibúnaður/efni.
- Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota.
- Hættur sem stafa frá efnavöru eða efnum sem myndast við brunann.
- Sérstakur persónulegur hlífðarbúnaður sem nota skal við slökkvistörf.

**6. Viðbrögð við efnaleka.**

Nauðsynlegt getur verið að gefa upplýsingar um eftirtalin atriði, allt eftir því um hvaða efni eða efnavöru er að ræða.

- Öryggisráðstafanir til að vernda fólk, t.d. um:
  íkveikjuvalda sem þarf að fjarlægja, nægilega loftræstingu/öndunargrímur, eftirlit með ryki, ráðstafanir til að fyrirbyggja snertingu við húð og augu.
- Öryggisráðstafanir til verndar umhverfi, t.d. um:
  að efni eða efnavara berist ekki í niðurfall, yfirborðs- eða grunnvatn eða jörðu, hugsanlega nauðsyn þess að aðvara nágranna.
- Aðferðir við hreinsun, t.d. um:
  notkun á ísogsefnum (t.d. sandi, kísilgúr, sýrubindiefni, alhliða bindiefni, sagi o.s.frv.), takmörkun á gasi/reyk með hjálp vatns eða þynningu.

Huga skal að leiðbeiningum eins og t.d.: „Notið aldrei ....“. „Hlutleysið með ....“.

Vísa ber í 8. og 13. lið þegar það á við.

**7. Meðhöndlun og geymsla.**

Upplýsingarnar í þessum kafla skulu fjalla um heilsu-, öryggis- og umhverfisvernd. Atvinnurekandi skal styðjast við þær þegar hann semur viðeigandi verklagsreglur og gerir skipulagsráðstafanir í samræmi við 5. gr. í reglum um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

7.1. *Meðhöndlun.*

Gefa skal upp öruggar, hnitmiðaðar notkunarreglur þar með taldar tillögur að tæknibúnaði, svo sem um lokuð kerfi, almenna og sérstaka loftræstingu, aðgerðir til að hindra úða- og rykmyndun og til að koma í veg fyrir bruna svo og ráðstafanir sem er krafist til umhverfisverndar (t.d. nota síur eða hreinsibúnað í loftræstingu, notkun á mengunarkví, ráðstafanir fyrir söfnun og förgun spilliefna o.s.frv.) og allar sérstakar kröfur eða reglur um efni eða efnavöru (t.d. um búnað sem er bannaður eða búnað sem er ráðlagður).

7.2. *Geymsla.*

Gefa skal upp hvað teljist öruggar geymsluaðstæður, t.d. ef þörf er á sérstakri hönnun húsnæðis eða íláta (t.d. með tilliti til varnarveggja og loftræstingar). Tilgreina skal hvaða efni má ekki geyma með hlutaðeigandi efni eða efnavöru. Þá skal lýsa geymsluaðstæðum (hita- og rakastigi o.s.frv.) og ef koma þarf í veg fyrir stöðurafmagn.

Þegar það á við skal gefa upp hámarksmagn sem má hafa í geymslu.

Ef við á skal veita upplýsingar um kröfur til efna sem nota má í umbúðir um viðkomandi efni eða efnavöru.

7.3. *Sérstök notkun.*

Fyrir efnavörur, sem eru framleiddar til sérstakra nota, skulu ráðleggingar taka mið af ætlaðri notkun og vera ítarlegar og hagnýtar. Ef mögulegt er skal vísa í leiðbeiningar sem hafa hlotið viðurkenningu atvinnugreinarinnar eða geira innan hennar.

**8. Takmörkun áverkunar/persónuhlífar.**

8.1. *Viðmiðunarmörk fyrir áverkun (mengunarmörk).*

Tilgreina skal viðmiðunarmörk fyrir áverkun í starfi, þar með talin líffræðileg mörk, með tilvísunum. Veita skal upplýsingar um heppilegar aðferðir til að mæla eða meta hvort áverkun sé undir eða yfir mörkum. Sjá reglur Vinnueftirlits ríkisins, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum. Fyrir efnavörur er rétt að tilgreina mörk fyrir þau innihaldsefni sem gerð er krafa um að séu skráð í öryggisblöð skv. 2. lið.

8.2. *Takmörkun áverkunar.*

Með takmörkun áverkunar er átt við allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem grípa skal til við notkun efnis eða efnavöru til að draga úr áverkun sem starfsmenn og umhverfi geta orðið fyrir.

8.2.1. *Takmörkun áverkunar í starfi.*

Atvinnurekandi skal taka tillit til upplýsinga undir þessum lið við mat á áhættu fyrir heilsu og öryggi starfsmanna af völdum efna og efnavara samkvæmt reglugerð, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, þar sem er gerð krafa um að settar séu viðeigandi verklags- og eftirlitsreglur, að notaður sé viðunandi búnaður og efni, að beitt sé almennum meginreglum um forvarnir við upptök mengunar og að gerðar séu ráðstafanir til að verja einstaklinga, svo sem með persónuhlífum. Gefa skal viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um þessar ráðstafanir til að unnt sé að gera viðhlítandi áhættumat. skv. fyrrgreindri reglugerð. Þetta skal koma til viðbótar upplýsingum sem þegar eru veittar undir lið 7.1.

Ef þörf er á persónuhlífum skal veita upplýsingar um hvers konar búnaður er nauðsynlegur eða æskilegur. Taka skal mið af gildandi reglum og stöðlum eftir því sem við á.

8.2.1.1. *Öndunargrímur.*

Ef um er að ræða hættulegar lofttegundir, úða eða ryk skal tilgreina hvers konar búnað eigi að nota, t.d. ferskloftsgrímu eða grímu með viðeigandi síu.

8.2.1.2. *Til hlífðar höndum.*

Gefa skal upp hvers konar hanskaefni skal nota við meðhöndlun á efni eða efnavöru og mettunartíma hanskaefnisins með tilliti til magns og tíma áverkunar á hendur. Ef nauðsyn krefur skal gefa upplýsingar um annan búnað eða ráð til að verja hendur.

8.2.1.3. *Til hlífðar augum.*
Gefa skal upp hvers konar hlífðarbúnaður er nauðsynlegur, t.d. hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

8.2.1.4. *Til hlífðar húð.*
Ef þörf er á að hlífa öðrum líkamshlutum en höndum skal veita upplýsingar um gerð persónuhlífa, t.d. hlífðarsvuntu, stígvél o.s.frv. Ef nauðsyn krefur skal tilgreina sérstakar hlífðarráðstafanir og hreinlætisráðstafanir.

8.2.2. *Takmörkun áverkunar á umhverfi.*
Veita skal upplýsingar sem atvinnurekandi þarf, svo hann geti uppfyllt kröfur í löggjöf um umhverfisvernd.

**9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.**

Hér skal veita nauðsynlegar upplýsingar um efnið eða efnavöruna, svo bregðast megi við hugsanlegri hættu. Sérstaklega á þetta við atriðin í 9.2.

9.1. *Almennar upplýsingar.*

- Útlit: Gefa skal upp á hvaða formi efni eða efnavara er (fast, fljótandi eða loftkennt) og lit efnis eða efnavöru.
- Lykt: Ef lykt er merkjanleg skal gefa stutta lýsingu á henni.

9.2. *Mikilvægar upplýsingar um heilsu, öryggi og umhverfi.*

- pH: Tilgreina skal sýrustig efnis eða efnavöru, eins og það er við afhendingu. Tilgreina skal styrk og sýrustig vatnslausnar ef við á.
- Suðumark/suðumarksbil.
- Blossamark.
- Eldfimi.
- Sprengimark.
- Eldnærandi eiginleikar.
- Gufuþrýstingur.
- Eðlisþyngd.
- Leysanleiki: a) vatnsleysanleiki, b) fituleysanleiki (gefa skal upp leysiefnið).
- Deilistuðull: n-oktanól/vatn.
- Seigja.
- Eðlismassi gufu.
- Uppgufunarhraði.

9.3. *Aðrar upplýsingar.*

Hér skal tilgreina aðrar upplýsingar sem skipta máli með tillit til öryggis eins og t.d. blöndunareiginleika, leiðni, bræðslumark og bræðslumarksbil, sjálfsíkveikjumark o.s.frv.

Vísað er til prófunaraðferða hvað varðar framangreinda eiginleika, sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Að því er varðar efnavörur skal að öllu jöfnu veita upplýsingar um eiginleika efnavörunnar sjálfrar. Ef tekið er fram að ekki sé um að ræða sérstaka hættu skal þó greina skýrt á milli tilvika þegar upplýsingar eru ekki tiltækar og tilvika þar sem neikvæðar prófunarniðurstöður liggja fyrir. Ef talið er nauðsynlegt að veita upplýsingar um eiginleika einstakra innihaldsefna skal taka skýrt fram til hvers gögnin vísa.

**10. Stöðugleiki og hvarfgirni.**

Hér skal veita upplýsingar um stöðugleika efnis eða efnavöru og möguleika á hættulegum efnahvörfum undir vissum kringumstæðum bæði við notkun og ef losun efnis eða efnavöru á sér stað út í umhverfið.

10.1. *Aðstæður sem skal forðast.*

Gefa skal upp aðstæður, t.d. hitastig, þrýsting, lýsingu eða högg sem getur komið af stað hættulegu hvarfi og gefa jafnframt stutta lýsingu á hættu ef þess er nokkur kostur.

10.2. *Efni sem skal varast.*

Gefa skal upp efni, t.d. vatn, loft, sýru, basa, oxandi efni eða önnur efni sem geta komið af stað hættulegu hvarfi og lýsa því ef þess er nokkur kostur.

10.3. *Varasöm niðurbrotsefni.*

Tilgreina skal varasöm efni sem myndast í hættulega miklu magni við niðurbrot.
Einkum skal tiltaka:

- nauðsyn á sérstökum efnum til að auka stöðugleikann og hvort þau eru fyrir hendi,
- möguleika á hættulegu útvermu hvarfi,
- öryggissjónarmið sem taka verður mið af vegna breytinga á eðlisfræðilegu formi efnis eða efnavöru,
- varasöm niðurbrotsefni sem geta myndast við snertingu við vatn,
- möguleika á niðurbroti í óstöðug efni.

**11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.**

Í þessum hluta skulu vera stuttar en fullnægjandi og auðskiljanlegar lýsingar á hinum mismunandi eiturhrifum (heilsufarsáhrifum) sem notandi getur orðið fyrir komist efni eða efnavara í snertingu við hann.

Veita skal upplýsingar um hættuleg áhrif á heilsu af völdum efnis eða efnavöru sem byggðar eru á bæði reynslu og ályktunum út frá vísindalegum rannsóknum. Lýsingin skal innihalda upplýsingar um með hvaða hætti efni eða efnavara getur haft skaðleg áhrif (innöndun, inntaka, snerting við húð og augu), ásamt lýsingu á einkennum sem eru af eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum toga.

Veita skal upplýsingar um þekkt bráð og síðkomin áhrif og þá einnig langtímaáhrif vegna bæði skammvinnrar og langtíma áverkunar, t.d. ofnæmi, krabbamein, stökkbreytingar, áhrif á æxlun, þar á meðal fósturskemmdir sem og svæfingar- og deyfiáhrif.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram koma í 2. lið getur verið nauðsynlegt að veita upplýsingar um áhrif einstakra efna á heilsu.

**12. Hættur gagnvart umhverfi.**

Lýsa skal hugsanlegum áhrifum, virkni og afdrifum efnis eða efnavöru í lofti, vatni og/eða jarðvegi. Tilgreina skal viðeigandi prófunargögn (t.d. $LC_{50}$ fiskur $\leq$ 1 mg/l) þegar þau liggja fyrir.

Lýsa skal mikilvægustu einkennum sem eru líkleg til að hafa áhrif á umhverfið vegna eðlis efnisins eða efnavörunnar og líklegra notkunaraðferða. Sams konar upplýsingar skal veita vegna hættulegra efna sem myndast við niðurbrot efna eða efnavöru.

12.1. *Eiturhrif.*

Tiltaka skal gögn um eiturhrif á vistkerfi í vatni, bæði bráð og langvinn, í fiski, halaflóm, þörungum og öðrum vatnaplöntum. Auk þess skal tiltaka gögn um eiturhrif á örverur og stærri lífverur í jarðvegi og aðrar lífverur sem skipta máli fyrir umhverfið, eins og fugla, býflugur og plöntur, þegar þau eru fyrir hendi. Þegar efni eða efnavara

hefur hindrandi áhrif á starfsemi örvera skal taka fram hugsanleg áhrif á niðurbrot í skólphreinsistöðvum.

12.2. *Hreyfanleiki.*
Greina skal frá möguleikum á að efni eða innihaldsefni efnavöru[1] berist í grunnvatn eða dreifist langt frá losunarstað, ef þau eru losuð út í umhverfið.
Viðeigandi gögn eru t.d.:
- þekkt eða fyrirsjáanleg dreifing efnisins í umhverfinu,
- yfirborðsspenna,
- ísog/afsog.

Varðandi aðra eðlisfræðilega eiginleika, sjá 9. lið.

12.3. *Þrávirkni og niðurbrot.*
Greina skal frá möguleikum á því að efni eða innihaldsefni efnavöru[1] brotni niður í umhverfinu, annaðhvort með lífrænu niðurbroti eða öðrum ferlum eins og oxun eða vatnsrofi. Tilgreina skal helmingunartíma niðurbrots þegar hann er þekktur. Einnig skal tilgreina hæfni efnis eða innihaldsefna efnavöru[1] til niðurbrots í skólphreinsunarstöðvum.

12.4. *Hugsanleg uppsöfnun í lífverum.*
Tiltaka skal tilhneigingu efnis eða innihaldsefna efnavöru[1] til að safnast upp í lífríkinu og fara í gegnum fæðukeðjuna, með vísun til deilistuðuls fyrir oktanól-vatn ($K_{ow}$) og lífsþéttnistuðuls (BCF), ef þeir eru fyrir hendi.

12.5. *Önnur skaðleg áhrif.*
Tiltaka skal upplýsingar um öll önnur skaðleg áhrif á umhverfið, ef þau eru fyrir hendi t.d. ósoneyðingarmátt, ljósefnafræðilega ósonmyndunarhæfni og/eða upphitunarstuðul.
Tryggja skal að upplýsingar, sem máli skipta fyrir umhverfið, séu einnig tilgreindar í öðrum liðum í öryggisblöðunum, einkum ráð varðandi losun, ráðstafanir vegna losunar af slysni, flutning og förgun í 6., 7., 13., 14. og 15. lið.

**13. Förgun.**

Ef förgun efnis eða efnavöru (umframmagn eða úrgangur sem myndast við notkun) skapar hættu skal gefa lýsingu á efnaleifum og upplýsingar um örugga meðhöndlun. Tilgreina skal viðeigandi aðferð við förgun efnis eða efnavöru og mengaðra umbúða (brennsla, endurvinnsla, urðun o.s.frv.)

Vísa skal til laga um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra skv. þeim.

**14. Flutningur.**

Tiltaka skal sérstakar varúðarráðstafanir sem notandinn þarf að vita af eða hlíta í sambandi við flutninga innan og/eða utan athafnasvæðis síns.

Veita skal upplýsingar um flokkun flutninga eftir þeim flutningsreglum sem við eiga: IMDG (á sjó), ADR (á vegum), RID (með járnbrautum), ICAO/IATA (í lofti). Þetta gæti m.a. verið:
- UN- númer,
- flokkur,
- farmheiti,
- pökkunarflokkur,

---

[1] Ekki er hægt að veita þessar upplýsingar um efnavöru vegna þess að um eiginleika efna er að ræða. Þessar upplýsingar skal veita þegar þær eru tiltækar fyrir innihaldsefni sem þarf að skrá í öryggisblöð samkvæmt reglum í 2. lið.

- sjávarmengunarvaldur,
- aðrar upplýsingar sem skipta máli.

**15. Lög og reglugerðir.**

Tiltaka skal þær upplýsingar sem eru á merkimiða sem varða heilsu, öryggi og umhverfi í samræmi við ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingar og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Ef efni eða efnavara sem þessi öryggisblöð taka til er háð sérstökum ákvæðum um vernd manna og umhverfis skal tilgreina þessi ákvæði eftir því sem unnt er.

Einnig skal, þegar unnt er, tilgreina lög og reglur varðandi framkvæmd þessara ákvæða og allar aðrar innlendar ráðstafanir sem eiga við.

**16. Aðrar upplýsingar.**

Veita skal aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir öryggi og heilsu og verndun umhverfis, eins og t.d.:

- skrá yfir viðeigandi hættusetningar. Skrifa skal heildartexta allra hættusetninga sem vísað er til í 2. og 3. lið öryggisblaðanna,
- ráðleggingar um menntun/þjálfun,
- ráð um notkun eða takmarkanir á notkun,
- frekari upplýsingar (skriflegur heimildarlisti og/eða aðgangur að tæknilegum upplýsingum),
- heimildir við gerð öryggisblaða,
- þegar öryggisblöð eru endurskoðuð skal koma skýrt fram hvaða upplýsingum hefur verið bætt við, eytt eða hvað hefur verið endurskoðað (nema það hafi verið tilgreint annars staðar).

---

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit.**

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Niðurskógar í landi Húsafells III, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagsbreytingin felst m.a. í breytingum á hæð útveggja og mænis, byggingarefnis og stærð frístundahúsanna auk þess sem heimilt verður að byggja svefnskála og gufubað auk geymslu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Fyrir hönd hreppsnefndar, 15. nóvember 2005,*

**Linda Björk Pálsdóttir,** sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.**

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Stóra-Áss, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagsbreytingin felst í breytingum á mænishæð, þakhalla og stærð frístundahúsanna.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Fyrir hönd hreppsnefndar, 15. nóvember 2005,*

**Linda Björk Pálsdóttir,** sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# REGLUGERÐ
## um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** | **Verðtollur** | **Magntollur** |
|---|---|---|---|---|---|
| *Tollnúmer:* | | | **kg** | **%** | **kr./kg** |
| 0702.0001 | Tómatar, 1. nóv. til 15. mars | 01.01.-15.03.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0702.0001 | Tómatar, 1. nóv. til 15. mars | 01.11.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0702.0002 | Tómatar, á öðrum tíma | 16.03.-31.10.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0703.1001 | Laukur | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0703.1009 | Skallottlaukur | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0703.2000 | Hvítlaukur | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0703.9009 | Annað | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.2000 | Rósakál | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.9005 | Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala) | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.9009 | Annað | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.1111 | Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars | 01.01.-15.03.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.1111 | Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars | 01.11.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.1112 | Jöklasalat, á öðrum tíma | 16.03.-31.10.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.1191 | Annað, 1. nóv. til 15. mars | 01.01.-15.03.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.1191 | Annað, 1. nóv. til 15. mars | 01.11.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.1199 | Annað (salat) | 16.03.-31.10.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.1900 | Annað | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.2100 | Kaffifífilsblöð | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0705.2900 | Annað | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0706.9009 | Annars | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0707.0011 | Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars | 01.01.-15.03.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0707.0011 | Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars | 01.11.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0707.0012 | Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars | 01.01.-15.03.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0707.0012 | Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars | 01.11.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0707.0021 | Gúrkur | 16.03.-31.10.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0707.0022 | Reitagúrkur, á öðrum tíma | 16.03.-31.10.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0708.1000 | Ertur (Pisum sativum) | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0708.2000 | Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.) | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0708.9000 | Aðrir belgávextir | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.1000 | Jarðartískokka | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.2000 | Spergill | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |

| Tollnúmer: | Vara | Tímabil | Vörumagn kg | Verðtollur % | Magntollur kr./kg |
|---|---|---|---|---|---|
| 0709.3000 | Eggaldinjurtir | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.5200 | Tröfflur | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.6001 | Allrahanda (pimento) | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.6002 | Paprika, 1. nóv. til 15. mars | 01.01.-15.03.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.6002 | Paprika, 1. nóv. til 15. mars | 01.11.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.6003 | Græn paprika | 16.03.-31.10.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.6004 | Önnur paprika | 16.03.-31.10.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.6009 | Önnur (Chillepipar) | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.7000 | Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.9001 | Sykurmaís | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.9002 | Kúrbítur (Courgettes) | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.9003 | Ólífur | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.9004 | Steinselja | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.9009 | Annars | 01.01.-31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðauka IV A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| *Tollnúmer:* | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** kg | **Verðtollur** % | **Magntollur** kr./kg |
|---|---|---|---|---|---|
| 0208.4001 | Hvalkjöt, fryst | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0208.4002 | Hvalaafurðir, ót.a., frystar | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0208.4003 | Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0208.9003 | Rjúpur, frystar | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# REGLUGERÐ

## um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** | **Verðtollur** | **Magntollur** |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Úr tollnúmeri:*** | | | **kg** | **%** | **kr./kg** |
| 0408.1901 | Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í ≥ 5 kg umbúðum | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 39 |
| 0408.9901 | Soðin egg í ≥ 10 kg umbúðum | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 91 |

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. nóvember 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1050/2004.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

*Skilgreiningar.*

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í reglugerð þessari:

*Afhendingarstaður:* Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

*Afltoppur:* Afltoppur er hæsta meðalálag raforku, mælt í skilgreindan tíma. Mælieining afltopps er kW eða kVAr.

*Almennur notandi:* Sá sem kaupir raforku til eigin nota, en er ekki stórnotandi.

*Ábyrgðaraðili jöfnunarorku*: Sá aðili sem ábyrgist með skriflegum samningi við kerfisstjórn að jafnvægi sé milli öflunar raforku, þ.e. raforkuframleiðslu og raforkukaupa annars vegar, og ráðstöfunar, þ.e. sölu og notkunar hins vegar.

*Ábyrgðaraðili mælinga:* Flutningsfyrirtæki og dreifiveitur.

*Gagnaflutningssamband:* Fjarskiptasamband til flutnings á mæligögnum.

*Hámarksúttekt:* Mesta leyfilega afl í kW og kVA sem flytja má um tengingu eins og kveðið er á um í tengisamningi.

*Heimilisnotandi*: Almennur notandi sem kaupir raforku til heimilisnota, þar með talið húshitunar.

*Innmötun:* Raforka sem er mötuð inn á flutningskerfi eða dreifikerfi.

*Jöfnunarorka:* Mismunur innmataðrar/úttekinnar orku og kaup-/söluskuldbindinga hvers ábyrgðaraðila jöfnunarorku.

*Kennitala mælistaðar:* Hlaupandi talnakóði fyrir hvern mælistað (mæliverk) í raforkukerfinu.

*Mælibúnaður:* Mælibúnaður er safnheiti yfir allan nauðsynlegan búnað til að mæla raforkunotkun. Til mælibúnaðar teljast m.a. raforkumælar, straumspennar, spennuspennar, tímarofar, mælitaugar, einangrun, varnarbúnaður, gagnasafnverk og samskiptabúnaður.

*Mælisnúmer:* Sérstakt eigandanúmer raforkumælis eða raðnúmer á upplýsingaskildi mælis.

*Notkunarferill:* Mismunur heildarorkuúttektar á notkunarferilssvæði á klukkustund annars vegar, og tímamældrar notkunar einstakra notenda og ómældrar þekktrar notkunar hins vegar. Töp í raforkukerfinu teljast hluti af notkunarferli.

*Notkunarstaður:* Sá staður þar sem dreifiveita afhendir raforku til almenns notanda.

*Ómæld þekkt notkun*: Raforka sem seld er samkvæmt afltaxta, þar sem uppsett afl og nýtingartími er notað til útreiknings á raforkunotkun og mælingu verður ekki komið við af tæknilegum ástæðum eða vegna kostnaðar.

*Raforkumælir:* Mælir, sem ætlaður er til að mæla raun- eða launorku.

*Raforkusölusamningur:* Samningur milli sölufyrirtækis og notanda um sölu hins fyrrnefnda á raforku til hins síðarnefnda.

*Stoðþjónusta:* Kaup á aðföngum eins og tíðnireglun, spennureglun, varaafli, o.fl., sem nauðsynleg eru til að uppfylla skyldur um kerfisþjónustu.

*Stórnotandi:* Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma í 8000 stundir eða meira.

*Sölufyrirtæki:* Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.

*Sölumælir:* Mælir sem notaður er til uppgjörs á sölu raforku.

*Tengisamningur dreifiveitu:* Samningur dreifiveitu við almennan notanda eða vinnslufyrirtæki um tengingu þessara aðila við dreifikerfið, dreifingu raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.

*Tengisamningur flutningskerfis:* Samningur flutningsfyrirtækis við vinnslufyrirtæki, dreifiveitu eða stórnotanda um tengingu þessara aðila við flutningskerfið, flutning raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.

*Tímamæling:* Mæling raforkunotkunar sem safnað er klukkustund fyrir klukkustund.

*Töp í raforkukerfinu*: Mismunur á mældri innmataðri orku á svæði og því sem mælt er út af sama svæði ásamt ómældri þekktri notkun sem til uppgjörs er á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. breytist og orðist svo:

Dreifiveita skal annast dreifingu þeirrar raforku sem kemur frá flutningskerfinu og þeim virkjunum sem framleiða beint inn á dreifikerfi hennar, til notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði. Dreifiveita ber ábyrgð á mælingum og ómældri þekktri notkun á sínu dreifiveitusvæði og að skila gögnum til viðkomandi aðila.

Við 2. mgr. 6. gr. bætist nýr tl., sem verður 1. tl. Númer síðari töluliða breytast til samræmis. Nýr 1. tl. orðast svo:

Tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá. Gerður skal tengisamningur við notendur. Dreifiveitu er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. breytist og orðist svo:

Notandi á frá og með 1. janúar 2006 rétt á að velja sér sölufyrirtæki sem hann gerir raforkusölusamning við um afhendingu raforku á tilgreindum stað.

Við 7. gr. bætast 2 nýjar málsgreinar er verða 2. og 3. mgr. Önnur málsgreinanúmer breytast til samræmis:

Í þeim tilvikum sem um nýja neysluveitu eða notendur sem ekki hafa síðastliðna 12 mánuði verið í raforkuviðskiptum fyrir eigin reikning er að ræða, ber dreifiveitu þegar við skráningu að leiðbeina notendum skriflega um rétt þeirra til að velja sér raforkusala, fresti til þess og um álag á raforkuverð ef raforkusali er ekki valinn. Dreifiveitu er óheimilt að vekja athygli notenda á einu sölufyrirtæki umfram annað. Notandi skal innan 4 vikna frá tengingu gera samning við raforkusala. Hafi samningur ekki verið gerður við sölufyrirtæki innan tilgreinds frests ber dreifiveitu að gera samning við sölufyrirtæki um að afhenda viðkomandi notanda raforku með 50% álagi á lægsta verð fyrir almenna notkun hjá því sölufyrirtæki sem dreifiveita skiptir við. Á reikningi ber að upplýsa um álagið og ástæður þess.

Í þeim tilvikum sem um er að ræða notendur sem ekki eiga kost á að velja sér raforkusala, t.d. vegna vanskila, ber dreifiveitu að útvega raforku með 50% álagi á lægsta verð fyrir áætlaða notkun. Um áhrif vanskila fer skv. 10. gr.

Núverandi 2. mgr., sem verður 4. mgr., breytist og orðist svo:

Staðlaður samningur um viðskipti með raforku milli sölufyrirtækis og almenns notanda skal liggja til grundvallar viðskiptum með raforku. Slíkan samning er heimilt að gera rafrænt, að því tilskildu að hann sé í kjölfarið staðfestur með sannanlegum hætti. Samningsaðilum er þó heimilt að gera með sér sérsamning, og skal slíkur samningur vera skriflegur. Uppsögn raforkusamninga skal vera sannanleg.

Núverandi síðasti ml. 5. mgr. (sem verður 7. mgr.) 7. gr. breytist og orðist svo:

Tilkynning um uppsögn raforkusölusamnings skal hafa borist dreifiveitu fyrir 1. dag mánaðar eigi skipti á sölufyrirtæki að taka gildi næstkomandi mánaðamót.

4. gr.

9. gr. breytist og orðist svo:

Raforkusölusamningum milli heimilisnotenda og sölufyrirtækja er heimilt að segja upp með a.m.k. 1 mánaðar fyrirvara, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt að gera samninga til allt að tveggja ára með upplýstu samþykki og gegn betri viðskiptakjörum notanda.

5. gr.

1. mgr. 41. gr. breytist og orðist svo:

Sölufyrirtækjum, sem hafa hlotið heimild ráðherra til að stunda sölustarfsemi, er heimilt að innheimta gjöld fyrir sölu og dreifingu raforku. Þegar innheimtan er í höndum sölufyrirtækis ber því að beina innheimtunni um viðskiptabanka og skal halda greiðslu dreifiveituþjónustu aðskilinni á sérgreindum bankareikningi sem einungis er heimilt að ráðstafa til greiðslu fyrir dreifiveituþjónustu. Heimilt er að sölu- og dreififyrirtæki innheimti gjöld fyrir þjónustu hvort í sínu lagi. Á reikningi ber að sérgreina gjald fyrir flutning, dreifingu og sölu raforku.

3. mgr. 41. gr. fellur út. Önnur málsgreinanúmer breytast til samræmis.

6. gr.

2. mgr. 46. gr. breytist og orðist svo:

Dreifiveitum er heimilt að skilgreina fleiri en einn notkunarferil á dreifiveitusvæði sínu. Þó er ekki heimilt að leggja fleiri en einn notkunarferil til grundvallar úttekt á hverjum afhendingarstað úr flutningskerfinu. Samtengdir og sammældir afhendingarstaðir teljast í þessu sambandi einn afhendingarstaður. Breytingar á notkunarferlum skulu gerðar í samráði við flutningsfyrirtækið.

7. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 20. gr. raforkulaga nr. 65/2003 tekur þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. nóvember 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

---

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 63, 25. janúar 2005, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2005.**

1. gr.

Í stað: „4.000“ í 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar komi: 4.500.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 724, 4. ágúst 2005, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2005/2006.**

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:
Í stað: „Innfjarðarrækja samtals 300" komi: Innfjarðarrækja samtals 0.
Í stað: „Þ.a. Arnarfjörður 300" komi: Arnarfjörður 0.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Guðný Steina Pétursdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fólksflutninga á landi nr. 528/2002.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. reglugerðarinnar:

2. mgr. breytist og orðist svo: Námskeið samkvæmt ákvæði þessu eru í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í tilskipun nr. 96/26/EB, sbr. tilskipun nr. 98/76/EB, um aðgang að starfsgrein farmflytjanda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/2001 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 9. nóvember 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# REGLUGERÐ

## um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** | **Verðtollur** | **Magntollur** |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Tollnúmer:*** | | | **kg** | **%** | **kr./kg** |
| 0407.0001 | Frjóegg (af tegund Gallus domesticus) | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0404.9000 | Annað (mysuduft) | 01.01 - 31.12.06 | ótilgr. | 0 | 5 |

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.0001) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, með síðari breytingum.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Borgarfjarðarsveitar í eitt sveitarfélag.**

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 10. nóvember 2005 staðfest sameiningu Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Borgarfjarðarsveitar, í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi og sýslumannsins í Stykkishólmi, í eitt sveitarfélag.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór 23. apríl 2005 lýsti meirihluti íbúa Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Borgarfjarðarsveitar, sig hlynnta því að sveitarfélögin sameinuðust ásamt Skorradalshreppi í eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir að sameiningartillagan hafi ekki hlotið samþykki íbúa Skorradalshrepps hafa sveitarstjórnir sveitarfélaganna fjögurra ákveðið, með vísan til 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, að sameina þau sveitarfélög sem samþykktu tillöguna. Ráðuneytið telur skilyrði vera fyrir hendi til sameiningar sveitarfélaganna fjögurra samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði og er því fallist á beiðni sem undirrituð er af oddvitum sveitarfélaganna, dags. 3. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið staðfesti sameininguna.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 10. júní 2006.
- Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.
- Íbúar sveitarfélaganna fjögurra skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.
- Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.
- Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.
- Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:
- Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.
- Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákveðið.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega samhliða sveitarstjórnarkosningum 2006. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. nóvember 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Róbert Ragnarsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Hf. Eimskipafélags Íslands sem staðfest var 11. nóvember 1964, nr. 247.**

Stjórn Háskólasjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á 5., 6. og 7. gr. skipulagsskrár sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:
Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.
Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Stjórnarformaður Landsbanka Íslands hf., varaformaður stjórnar og bankastjóri.

6. gr. orðist svo:
Sjóðsstjórnin skal annast reikningshald sjóðsins og ávaxa fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðsstjórnin halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.
Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur Landsbanka Íslands hf. Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir ásamt reikningum Landsbanka Íslands hf. Skal háskólaráði sent eintak af reikningunum.

7. gr. orðist svo:
Sjóðsstjórn er heimilt að selja hlutabréf sjóðsins fyrir hagkvæmt verð, en þó aldrei fyrr en gefandi er látinn.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Hf. Eimskipafélags Íslands staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

# REGLUGERÐ

**um framkvæmd raforkulaga.**

## I. KAFLI
**Gildissvið og skilgreiningar.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

1. *Afhendingarstaður:* Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.
2. *Dreifikerfi:* Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug. Enn fremur mælar og mælabúnaður hjá notendum.
3. *Dreifiveita:* Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
4. *Dreifiveitusvæði:* Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.
5. *Endurnýjanlegar orkulindir:* Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.
6. *Ekki afhent orka/raforkuskerðing:* Áætlað magn raforku sem ekki var unnt að afhenda notanda eða dreifiveitu vegna bilunar í raforkukerfinu, viðhaldsvinnu eða breytinga á því.
7. *Flutningsfyrirtæki:* Fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.
8. *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna, að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna.
9. *Flutningsvirki:* Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
10. *Heimtaugargjald:* Almennt gjald fyrir tengingu nýs notanda við dreifikerfi.
11. *Kerfisframlag:* Hlutdeild viðskiptavinar í fjárfestingu vegna nýrrar tengingar eða styrkingar á flutnings- eða dreifikerfi.
12. *Kerfisþjónusta:* Sú þjónusta sem flutningsfyrirtæki og dreifiveitur veita til að tryggja öruggan rekstur og stöðugleika flutningskerfis og dreifikerfis ásamt gæðum raforku.
13. *Launafl:* Raffræðilegt hugtak á hliðrun straums og spennu í riðstraumskerfi.
14. *Notandi:* Sá sem kaupir raforku til eigin nota.
15. *Notkunarferill:* Mismunur heildarorkuúttektar á notkunarferilssvæði á klukkustund annars vegar, og tímamældrar notkunar einstakra notenda og ómældrar þekktrar notkunar hins vegar. Töp í raforkukerfinu teljast hluti af notkunarferli.
16. *Orkulind:* Náttúruleg uppspretta orku á ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur, sólarljós, en einnig olíu- og gaslindir og kolanámur.
17. *Raflína:* Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfisins.

18. *Raforkukerfi:* Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
19. *Raforkuver/virkjun:* Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.
20. *Raforkuviðskipti/viðskipti:* Kaup og sala raforku.
Ráðherra skal á grundvelli framlagðra gagna meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu leyfis. Telji hann svo ekki vera skal hann synja um veitingu leyfis eða binda leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg í þessu sambandi. Synjun um veitingu leyfis skal rökstudd.

Fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti skal greiða 50.000 kr. Skal gjaldið greitt við móttöku leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum reglugerðar þessarar, skilyrðum leyfisins eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

31. gr.
*Skyldur sölufyrirtækja.*

Sölufyrirtæki er skylt að:

1. Útvega þá raforku sem nauðsynleg er til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Sölufyrirtæki er skylt að semja við flutningsfyrirtæki skv. III. kafla raforkulaga nr. 65/2003 um uppgjör jöfnunarorkuábyrgðar. Sölufyrirtæki er heimilt að fela öðrum að sjá um uppgjör jöfnunarábyrgðar fyrir sína hönd. Jöfnunarábyrgð gagnvart flutningsfyrirtækinu hvílir þó ávallt á sölufyrirtæki. Í jöfnunarorkuábyrgð felst að greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum sbr. reglugerð um kerfisstjórnun raforkukerfisins auk hæfilegrar umsýsluþóknunar skv. gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.
3. Tilkynna flutningsfyrirtækinu daglega um heildarviðskipti með raforku á hverju dreifiveitusvæði. Tilkynningin skal sett fram á því formi sem flutningsfyrirtækið ákveður. Dreifiveitum ber að láta Orkustofnun í té sömu upplýsingar ef stofnunin óskar eftir þeim.
4. Ef notandi kaupir raforku af öðrum en dreifiveitu á sínu dreifiveitusvæði skal viðkomandi sölufyrirtæki tilkynna dreifiveitunni um upphaf og lok viðskipta. Tilkynningin skal sett fram á því formi sem dreifiveitur ákveða.

Heimilt er sölufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Sölufyrirtæki skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti samkvæmt VI. kafla reglugerðarinnar.

32. gr.
*Orkuviðskipti.*

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari getur hann kvartað til Orkustofnunar.

Um samskipti dreifiveitna og notenda fer að öðru leyti samkvæmt efni reglugerða um einstakar dreifiveitur sem staðfestar voru af ráðherra fyrir gildistöku reglugerðarinnar og í gildi voru 30. júní 2003.

VI. KAFLI
**Bókhaldslegur aðskilnaður.**

33. gr.

Um ársreikninga fyrirtækja sem falla undir ákvæði reglugerðarinnar fer samkvæmt lögum um ársreikninga.

Ef fyrirtæki á samkvæmt reglugerðinni að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri starfsemi í ársreikningi. Gera skal Orkustofnun grein fyrir sundurliðuninni í því formi sem stofnunin ákveður.

Sameiginlegum rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækis skv. 3. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja starfsemi í þeim hlutföllum sem eru á milli bókfærðs verðs þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru.

Skipta skal afskriftum af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta í sömu hlutföllum og þeim sem skiptanlegar eru.

Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu skal fyrirtækið gera grein fyrir afkomu einstakra rekstrarþátta í ársreikningi. Skila skal Orkustofnun skýrslu um afkomuna í því formi sem stofnunin ákveður. Útreikningur á afkomu einstakra rekstrarþátta og skiptingu á sameiginlegum kostnaði skal vera í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækisins skv. 5. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Þeim sameiginlegu þáttum í rekstrar- og efnahagsreikningi sem getið er um í 3. mgr. skal skipt í hlutfalli við verðmæti þeirrar orku sem afhent er.

2. Verðmæti raforku, sbr. 1. tölul., skal miðast við meðalverð raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis, en að teknu tilliti til samninga við notendur sem nota meira en 100 GWst á ári.
3. Til þess að ákvarða verðmæti annarrar orku, sbr. 1. tölul., svo sem heits vatns og gufu, skal Orkustofnun skilgreina eðlilegt einingarverð á þeirri orku við afhendingu frá orkuverinu. Í því skyni skal stofnunin hafa hliðsjón af verði orkunnar þegar hún kemur til kaupenda en að frádregnum kostnaði við flutning, dreifingu og sölu hennar. Jafnframt skal höfð hliðsjón af því við ákvörðun þessa verðs að hlutfall arðs af fastafjármunum sem eru bundnir í jarðvarmaorkuverinu sé svipað hvort sem um er að ræða raforkuvinnslu eða aðra orkuvinnslu.

VII. KAFLI
**Eftirlit og úrræði.**

34. gr.
*Eftirlit Orkustofnunar.*

Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt reglugerð þessari fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt henni, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum. Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppniseftirlitið um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á.

Um samráð við eftirlitsskylda aðila fer samkvæmt reglugerð um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. raforkulaga.

Orkustofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. fyrir sína hönd.

35. gr.
*Heimildir Orkustofnunar.*

Orkustofnun skal við framkvæmd eftirlits ekki beita viðurhlutameiri heimildum en nauðsyn krefur og byggja eftirlitið eins og kostur er á innra eftirliti hinna eftirlitsskyldu aðila.

Orkustofnun getur krafið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að eftirlitsskyldur aðili komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn reglugerð þessari, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

36. gr.
*Úrræði Orkustofnunar.*

Telji Orkustofnun að eftirlitsskyld starfsemi samræmist ekki skilyrðum reglugerðar þessarar, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10-500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum

kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Telji Orkustofnun að gjaldskrá sem tilkynnt hefur verið uppfylli ekki kröfur reglugerðar þessarar tekur gjaldskráin ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt að mati stofnunarinnar. Þá getur Orkustofnun gert flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að breyta gjaldskrá sinni að viðlögðum dagsektum.

37. gr.
*Eftirlit Samkeppniseftirlits.*

Samkeppnislög gilda um atvinnustarfsemi þá sem reglugerð þessi nær til.

Ef fyrirtæki stundar vinnslu eða sölu á raforku er því óheimilt að niðurgreiða þá starfsemi með sérleyfisstarfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíka niðurgreiðslu er samkeppnisyfirvöldum heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu.

38. gr.
*Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.*

Forsvarsmenn vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis og dreifiveitna bera ábyrgð á því að koma á fót og starfrækja innra eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi. Eftirlitið skal byggt upp á grundvelli gæðastaðla og tekið út og samþykkt af faggiltri skoðunarstofu.

Orkustofnun skal ákveða eðlileg viðmiðunarmörk afhendingaröryggis og gæða raforku í samráði við vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur og birta þau með opinberum hætti. Fyrirtækin skulu á grundvelli viðmiðunarmarkanna setja sér skrifleg markmið um gæði raforku og afhendingaröryggi. Þá skulu fyrirtækin skrá með skipulegum og varanlegum hætti frávik frá hinum settu markmiðum og ákvarða viðbragðsferla vegna frávika. Fyrirtækin skulu vinna úr hinum skráðu upplýsingum í samræmi við fyrirmæli sem Orkustofnun setur þeim og senda Orkustofnun á því formi sem stofnunin ákveður í samráði við þau. Skal úrvinnslan við það miðuð að einfalt sé að sannreyna innra eftirlitið.

39. gr.
*Þagnarskylda.*

Starfsmenn Orkustofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum Orkustofnunar eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir hana, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa.

40. gr.
*Kæruleiðir.*

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli reglugerðar þessarar og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála, samkvæmt 30. gr. raforkulaga.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem ekki verða kærðar samkvæmt 1. mgr., verða kærðar til iðnaðarráðherra. Kæra til iðnaðarráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

41. gr.
*Gjaldtaka.*

Kostnaður vegna eftirlits Orkustofnunar sem fram fer á grundvelli reglugerðar þessarar er greiddur af gjaldi því sem innheimt er samkvæmt 31. gr. raforkulaga.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa, enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

VIII. KAFLI
**Ýmis ákvæði.**

42. gr.
*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 1. mgr. 5. gr., 9. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr., 6. mgr. 16. gr., 3. mgr. 20. gr. og 44. gr. raforkulaga tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 511/2003 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 25. nóvember 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðjón Axel Guðjónsson.*

# AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.**

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *spilliefnamóttöku Hringrásar hf.*, Klettagörðum 9, Reykjavík, kt. 420589-1319. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. nóvember 2017.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins* við Gufunesveg, Reykjavík, kt. 470597-2289. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. nóvember 2017.

*Umhverfisstofnun, 17. nóvember 2005.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,*
*forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

---

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að biðskylda verði á eftirtöldum götum í Reykjavík:

1. Á Rauðarárstíg fyrir umferð um Flókagötu.
2. Á Stórholti til norðurs fyrir umferð suður Stórholt og vestur Skipholt.
3. Á Einholti fyrir umferð um Stórholt.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. nóvember 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi austurbæjar, svæði IB-3 í Vestmannaeyjum.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 19. október 2005. breytingu á deiliskipulagi austurbæjarins á svæði IB-3 í Vestmannaeyjum. Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 16. nóvember 2005.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja,

**Sigurður Smári Benónýsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Hafnarfirði.**

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgata nr. 9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgata nr. 9 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í því að lóðin nr. 9 við Strandgötu er stækkuð um 1,4 m til suðvesturs. Byggingarreitur stækkar um 3,4 m til suðvesturs og suðausturs. Stærð lóðar er 334 fm, stærð byggingar 2 hæðir og kjallari, byggingarmagn 601,2 fm. Hámarkshæð byggingar 8 m og nýtingarhlutfall 1,8. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgata 57.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. október 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgötu 57, Hafnarfirði. Breytingin felst í viðbyggingu á 3. hæð og viðbótarlyftuhúsi, sem nær yfir hæðarkóta gildandi deiliskipulags. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ, Norðurbraut 13.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 7. september 2005, óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ í Hafnarfirði. Í gildi er deiliskipulag íbúðabyggðar í Norðurbæ, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 16. nóvember 1982. Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur fyrir 62 $m^2$ bílskúr er gerður í norðvestur horni lóðarinnar við Norðurbraut 13. Portbyggt ris má vera á 2/3 hluta bílskúrsþaksins austanmegin. Nýtingarhlutfall verður 0,6. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 10. nóvember 2005.*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð um skemmtibáta nr. 168/1997.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Gildissvið og skilgreiningar.*

Reglugerð þessi gildir um:

a) með tilliti til hönnunar og smíði:
   i) skemmtibáta og hálfsmíðaða báta,
   ii) einmenningsför á sjó,
   iii) íhluta, sem um getur í II. viðauka, þegar þeir eru settir sér á markað á Evrópska efnahagssvæðinu og þegar þeir eru ætlaðir til uppsetningar,
b) með tilliti til losunar með útblæstri:
   i) aflvélar sem eru settar í eða ætlaðar sérstaklega til uppsetningar á eða í skemmtibáta og einmenningsför á sjó,
   ii) aflvélar sem eru settar á eða í þessa báta eftir „umtalsverða breytingu á vél“,
c) með tilliti til hávaðamengunar:
   i) skemmtibáta sem eru með skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis eða með innanborðsaflvél,
   ii) skemmtibáta sem eru með skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis eða með innanborðsaflvél og sem umtalsverð breyting er gerð á og eru síðan settir á markað á Evrópska efnahagssvæðinu innan fimm ára frá því að breytingin átti sér stað,
   iii) einmenningsför á sjó,
   iv) innanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi, ætlaðar til uppsetningar í skemmtibátum,
d) ákvæði þessarar reglugerðar gilda einungis um framleiðsluvörurnar, sem falla undir ii-lið a-liðar og b- og c-lið, frá því að þær eru fyrst settar á markað og/eða teknar í notkun í fyrsta sinn eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

Eftirfarandi er undanskilið gildissviði þessarar reglugerðar:

a) með tilliti til a-liðar 1. mgr.:
   i) bátar sem eru eingöngu ætlaðir til keppni, þ.m.t. kappróðrarbátar og árabátar til þjálfunar sem eru merktir sem slíkir af framleiðendum,
   ii) kanóar og kajakar, gondólar og hjólabátar,
   iii) seglbretti,
   iv) brimbretti, þ.m.t. vélknúin brimbretti,
   v) upprunaleg, söguleg för og einstakar eftirlíkingar þeirra sem eru smíðuð fyrir 1950 og sem eru alfarið smíðuð úr upprunalegum efnivið og merkt sem slík af framleiðendum,
   vi) tilraunaför, að því tilskildu að þau verði ekki síðar meir sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu,
   vii) för smíðuð til eigin nota, að því tilskildu að þau verði ekki sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu um fimm ára skeið,

viii) för sem sérstaklega er gert ráð fyrir að hafi áhöfn og flytji farþega í ábataskyni, með fyrirvara um a-lið 3. mgr., einkum þeir sem eru skilgreindir í tilskipun 82/714/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum, óháð farþegafjölda,
ix) sökkvanleg för,
x) svifnökkvar,
xi) spaðabátar,
xii) gufuknúnir bátar með ytri brennslu og brenna kolum, koksi, viði, olíu eða gasi,

b) með tilliti til b-liðar 1. mgr.:
i) aflvélar sem eru settar í eða sérstaklega ætlaðar til uppsetningar í eftirfarandi:
– för sem eru eingöngu ætluð til keppni og merkt sem slík af framleiðendum,
– tilraunaför, að því tilskildu að þau verði ekki síðar sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu,
– för sem sérstaklega er gert ráð fyrir að hafi áhöfn og flytji farþega í ábataskyni, með fyrirvara um a-lið 2. mgr., einkum þau sem eru skilgreind í tilskipun 82/714/EBE, óháð farþegafjölda,
– sökkvanleg för,
– svifnökkva,
– spaðabáta,
ii) upprunalegar og einstakar sögulegar eftirlíkingar aflvéla, byggðar á smíði frá því fyrir 1950, ekki sem raðframleiðsla en settar í báta, sem um getur v- og vii-lið a-liðar 2. mgr.,
iii) aflvélar smíðaðar til eigin nota, að því tilskildu að þær verði ekki settar á markað á Evrópska efnahagssvæðinu um fimm ára skeið,

c) með tilliti til c-liðar 1. mgr.:
– öll för, sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar,
– för smíðuð til eigin nota, að því tilskildu að þau verði ekki sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu um fimm ára skeið.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skemmtibátur“: allar tegundir fara, ætluð til íþrótta og tómstunda, óháð knúningsmáta, sem eru með bollengd frá 2,5 m til 24 m, mælt í samræmi við samhæfða staðla. Sú staðreynd að hægt er að nota sama bátinn til leiguflutninga og til þjálfunar í skemmtisiglingum kemur ekki í veg fyrir að hann falli undir gildissvið þessarar reglugerðar þegar hann er settur á markað í tómstundaskyni,
b) „einmenningsfar á sjó“: bátur, undir 4 m að lengd, búinn brunahreyfli með vatnsgeisladælu sem helsta knúningsafli og sem reiknað er með að einn eða fleiri einstaklingar stýri, sitjandi, standandi eða krjúpandi, úti frekar en inni í stýrishúsi,
c) „aflvél“: allir brunahreyflar með neista- eða þjöppukveikju sem eru notaðir sem knúningsafl, þ.m.t. innanborðstvígengis- og -fjórgengisvélar, skutdrif með eða án sambyggðs útblásturskerfis og utanborðsvélar,
d) „umtalsverð breyting á vél“: breyting á vél sem:
– kann að valda því að vélin fari yfir viðmiðunarmarkið fyrir losun, sem er sett fram í B-hluta I. viðauka, að undanskilinni kerfisbundinni endurnýjun á íhlutum sem breytir ekki eiginleikum losunar, eða
– eykur nafnafl vélarinnar um meira en 15%,

e) „umtalsverð breyting á fari“: breyting á fari sem:
   - hefur í för með sér breytingu á aðferð við að knýja farið áfram,
   - felur í sér umtalsverða breytingu á vél,
   - felur í sér það mikla breytingu á farinu að það telst vera nýtt far,

f) „knúningsaðferð“: vélræn aðferð sem er notuð til að knýja farið áfram, t.d. með skrúfu eða vatnsgeisladælu,

g) „hópur véla“: flokkun framleiðenda véla sem, með tilliti til hönnunar þeirra, má gera ráð fyrir að hafi svipuð einkenni hvað varðar losun með útblæstri og sem eru í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar varðandi losun með útblæstri,

h) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hannar og framleiðir vöru sem fellur undir þessa reglugerð eða lætur hanna og/eða framleiða slíka framleiðsluvöru í því skyni að setja hana sjálfur á markað,

i) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hans hönd með tilliti til skuldbindinga þess síðarnefnda samkvæmt þessari reglugerð.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Frjálsir flutningar framleiðsluvara sem um getur í 1. mgr. 1. gr.*

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir að settar verði á markað og/eða teknar í notkun á Íslandi framleiðsluvörur, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru merktar CE-merkinu, sem um getur í IV. viðauka, sem gefur til kynna samræmi þeirra við öll ákvæði þessarar reglugerðar, þar á meðal samræmisreglurnar í II. kafla.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir að settir verði á markað hálfsmíðaðir bátar ef bátasmiðurinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða einstaklingur sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu lýsir því yfir, í samræmi við a-lið í III. viðauka, að þeir verði fullgerðir af öðrum.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða hindra að íhlutar, sem um getur í II. viðauka og eru merktir CE-merkinu, sem um getur í IV. viðauka, sem gefur til kynna samræmi þeirra við viðeigandi grunnkröfur, verði settir á markað og/eða teknir í notkun, ef þessum íhlutum fylgir skrifleg samræmisyfirlýsing, eins og kveðið er á um í XV. viðauka, og ætlunin er að setja þessa íhluti í skemmtibáta, í samræmi við yfirlýsingu, sem um getur í b-lið III. viðauka, frá framleiðandanum, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða, í tilviki innflutnings frá þriðja landi, frá einstaklingi sem setur þessa íhluta á markað á EES svæðinu.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir að settar verði á markað og/eða teknar í notkun:

- innanborðsvélar og skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis,
- vélar sem eru með gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 97/68/EB og eru í samræmi við II. þrep, sem kveðið er á um í lið 4.2.3 í I. viðauka við þá tilskipun og,
- vélar sem eru með gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 88/77/EBE,

ef framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu lýsir því yfir í samræmi við 3. lið XV. viðauka að vélin, þegar hún er sett í skemmtibát eða einmenningsfar á sjó í samræmi við notkunarleiðbeiningar framleiðanda, sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar varðandi losun með útblæstri.

Siglingastofnun skal ekki hindra að framleiðsluvörur, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru ekki í samræmi við þessa reglugerð, séu til sýnis á kaupstefnum, sýningum, kynningum

o.s.frv., að því tilskildu að vel sýnilegt merki gefi greinilega til kynna að slíkar framleiðsluvörur megi ekki setja á markað eða taka í notkun fyrr en þær hafa verið færðar til samræmis við tilskildar kröfur.

Ef framleiðsluvörurnar, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., falla undir ákvæði annarra reglugerða, sem taka til annarra þátta og kveða á um áfestingu CE-merkis, skal merkið gefa til kynna að slíkar framleiðsluvörur uppfylli einnig ákvæði þeirra reglugerða. CE-merkið skal gefa til kynna samræmi við ákvæði þeirra reglugerða sem beitt er eða viðkomandi hluta þeirra. Í þessu tilviki skulu tilvísanir til áðurnefndra reglugerða, sem framleiðandi beitir, eins og þær eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda, koma fram í þeim skjölum, samræmisyfirlýsingum eða notkunarleiðbeiningum sem krafist er í reglugerðum og fylgja slíkum framleiðsluvörum.

3. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Öryggisákvæði.*

Ef Siglingastofnun Íslands kemst að raun um að framleiðsluvörur, sem falla undir gildissvið 1. gr. og bera CE-merkið sem um getur í IV. viðauka, kunna að stofna öryggi og heilbrigði einstaklinga, eignum og umhverfi í hættu, þó að þær séu rétt hannaðar, smíðaðar, settar upp eftir því sem við á, rétt haldið við og þær notaðar eins og til er ætlast, skal það gera viðeigandi, tímabundnar ráðstafanir til þess að taka þær af markaði eða banna eða koma í veg fyrir að þær verði settar á markað og/eða teknar í notkun.

4. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Samræmismat.*

Áður en markaðssetning og/eða notkun hefst á þeim framleiðsluvörum sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins fara eftir þeim reglum sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Ef hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins axlar ábyrgðina á því að framleiðsluvara sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, að því er varðar mat sem fer fram að lokinni smíði skemmtibáts, getur hvaða einstaklingur eða hvaða lögaðili með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er, sem setur framleiðsluvöruna á markað og/eða tekur hana í notkun á eigin ábyrgð, tekið á sig ábyrgðina. Í slíku tilviki verður einstaklingurinn, sem setur framleiðsluvöruna á markað eða tekur hana í notkun, að leggja fyrir tilkynntan aðila umsókn um skýrslu að lokinni smíði. Einstaklingurinn, sem setur framleiðsluvöruna á markað og/eða tekur hana í notkun, verður að láta tilkynnta aðilanum í té öll tiltæk skjöl og öll tiltæk tækniskjöl sem varða fyrstu markaðssetningu framleiðsluvörunnar í upprunalandinu. Tilkynnti aðilinn skal skoða hverja einstaka framleiðsluvöru og vinna útreikninga og annað mat til að tryggja samræmi hennar við viðkomandi kröfur þessarar tilskipunar. Á auðkennisplötu framleiðanda, sem lýst er í lið 2.2 í I. viðauka, skal m.a. standa („vottorð að lokinni smíði“). Tilkynnti aðilinn skal semja samræmisskýrslu út frá matinu, sem unnið var, og upplýsa einstaklinginn, sem setur framleiðsluvöruna á markað og/eða tekur hana í notkun, um skuldbindingar hans. Sá einstaklingur skal semja samræmisyfirlýsingu (sjá XV. viðauka) og setja eða láta setja CE-merkið á framleiðsluvöruna ásamt auðkennisnúmeri hlutaðeigandi tilkynnts aðila.

Við A- og B-hönnun og smíði framleiðsluvara, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-

svæðisins fara að eftirfarandi reglum um bátahönnunarflokka A, B, C og D, eins og um getur í 1. lið A-hluta I. viðauka:

a) flokkar A og B
   i) fyrir báta með bollengd frá 2,5 m til 12 m: innri framleiðslustýring og prófanir (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
   ii) fyrir báta með bollengd frá 12 m til 24 m: EB-gerðarprófun (aðferðareining B), sem um getur í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
b) flokkur C:
   i) fyrir báta með bollengd frá 2,5 m til 12 m:
      – þar sem samhæfðir staðlar varðandi liði 3.2 og 3.3 í A-hluta I. viðauka eru uppfylltir: innri framleiðslustýring (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
      – þar sem samhæfðir staðlar varðandi liði 3.2 og 3.3 í A-hluta I. viðauka eru ekki uppfylltir: innri framleiðslustýring og prófanir (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
   ii) fyrir báta með bollengd frá 12 m til 24 m: EB-gerðarprófun (aðferðareining B), sem um getur í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
c) flokkur D:
   fyrir báta með bollengd frá 2,5 m til 24 m: innri framleiðslustýring (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
d) einmenningsfar á sjó:
   innri framleiðslustýring (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
e) íhlutar sem um getur í II. viðauka: einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+C eða B+D eða B+F eða G eða H.

Með tilliti til losunar með útblæstri:
að því er varðar framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. skal framleiðandi vélarinnar eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins nota EB-gerðarprófun (aðferðareining B), sem lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhverja af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D, eða B+E, eða B+F, eða G eða H.

Með tilliti til hávaðamengunar:

a) að því er varðar framleiðsluvörur, sem um getur í i- og ii-lið c-liðar 1. mgr. 1. gr., skal bátasmiðurinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins nota:
   i) ef notaður er samhæfður staðall fyrir hávaðamælingu við prófanirnar: annaðhvort innri framleiðslustýringu ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða einingarsannprófun (aðferðareining G), sem um getur í XI. viðauka, eða fulla gæðatryggingu (aðferðareining H), sem um getur í XII. viðauka,
   ii) ef Froude-talan og aðferðin við að mæla hlutfall milli vélarafls og slagrýmis er notuð við matið: annaðhvort innri framleiðslustýringu (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýringu ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða einingarsannprófun (aðferðareining G), sem um getur í XI. viðauka, eða fulla gæðatryggingu (aðferðareining H), sem um getur í XII. viðauka,
   iii) ef gögn um staðfestan viðmiðunarbát, sem tekin eru upp í samræmi við i-lið, eru notuð við matið: annaðhvort innri framleiðslustýringu (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýringu ásamt viðbótarkröfum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða einingarsannprófun (aðferðareining G), sem um getur í XI. viðauka, eða fulla gæðatryggingu (aðferðareining H), sem um getur í XII. viðauka,
b) að því er varðar framleiðsluvörur, sem um getur í iii- og iv-lið c-liðar 1. mgr. 1. gr., skal framleiðandi einmenningsfars á sjó eða vélar eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins nota: innri framleiðslustýringu ásamt viðbótarkröfum, sem um getur í VI. viðauka (aðferðareining Aa), eða aðferðareiningu G eða H.

5. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Samgönguráðuneytið tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að inna verkefni af hendi sem lúta að reglum um samræmismatið sem um getur í 7. gr., ásamt sérverkefnum sem þessir aðilar hafa verið tilnefndir til að inna af hendi og kenninúmerin sem framkvæmdastjórn ESB hefur úthlutað þeim fyrirfram.

6. gr.

1., 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þegar eftirtaldar framleiðsluvörur eru settar á markað skulu þær bera CE-samræmismerkið:

a) skemmtibátar, einmenningsför á sjó og íhlutar, sem um getur í II. viðauka, og sem álitið er að samræmist grunnkröfunum sem settar eru fram í I. viðauka,
b) utanborðsvélar sem álitið er að samræmist grunnkröfunum sem settar eru fram í B- og C-hluta I. viðauka,
c) skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi sem álitið er að samræmist grunnkröfunum sem settar eru fram í B- og C-hluta I. viðauka.

CE-samræmismerkið, eins og það er sýnt í IV. viðauka, skal fest á skemmtibáta og einmenningsför á sjó, eins og tilgreint er í lið 2.2 í A-hluta I. viðauka, á íhluta þeirra, eins og tilgreint er í II. viðauka, og/eða á umbúðir þeirra og á utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi, eins og tilgreint er í lið 1.1 í B-hluta I. viðauka, á greinilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt.

CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnts aðila sem er ábyrgur fyrir því að reglunum í IX., X., XI., XII. og XVI. viðauka sé komið í framkvæmd.

Bannað er að festa á skemmtibáta merki eða áletranir sem geta valdið því að þriðju aðilar fái villandi upplýsingar um þýðingu og útfærslu CE-merkisins. Heimilt er að festa öll önnur merki á framleiðsluvörur, sem falla undir þessa reglugerð, og/eða á umbúðir þeirra, að því tilskildu að það geri CE-merkið ekki ógreinilegra eða ólæsilegra.

7. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 29. grein laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.

8. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein til bráðabirgða sem orðast svo:

*Bráðabirgðaákvæði.*

Svo fremi sem framleiðsluvörur séu í samræmi við gildandi reglur þegar þessi reglugerð er sett, má setja þær á markað og/eða taka þær í notkun, sem hér segir:
a) til og með 31. desember 2005 ef framleiðsluvörurnar falla undir a-lið 1. mgr. 1. gr.,
b) til og með 31. desember 2005 ef um er að ræða þjöppukveikju og fjórgengisvélar með neistakveikju og
c) til og með 31. desember 2006 ef um er að ræða tvígengisvél með neistakveikju.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á I. viðauka reglugerðarinnar:
1. Fyrirsögn I. viðauka orðast svo:

I. VIÐAUKI
GRUNNKRÖFUR
FORMÁLSORÐ

Í þessum viðauka merkir hugtakið „far“ skemmtibát og einmenningsfar á sjó.
A. **Grunnöryggiskröfur um hönnun og smíði skemmtibáta.**

2. Í stað töflunnar „1. HÖNNUNARFLOKKAR FYRIR FÖR“ kemur eftirfarandi:

| Hönnunarflokkur | Vindhraði (á Beaufort-kvarða) | Hæð kenniöldu (H 1/3 metrar) |
|---|---|---|
| A - „Úthafsför" | meiri en 8 | hærri en 4 |
| B - „Grunnsævisför" | 8 eða minna | 4 eða lægri |
| C - „Strandför" | 6 eða minna | 2 eða lægri |
| D - „För á skýldum hafsvæðum /vatnaleiðum" | 4 eða minna | 0,3 eða lægri |

3. Skilgreiningin á hönnunarflokki A fyrir för orðast svo:
   A. Úthafsför: Hönnuð fyrir lengri ferðir þar sem vindhraði getur mælst meiri en 8 vindstig (á Beaufort-kvarða) og hæð kenniöldu er 4 m eða hærri, burtséð frá óvenjulegum aðstæðum, og bátar sem eru að mestu sjálfbærir.

4. Skilgreining á hönnunarflokki D fyrir för orðast svo:
   D. För á skýldum hafsvæðum/vatnaleiðum: Hönnuð fyrir ferðir á skýldu strandsævi, víkum, vötnum, ám og skurðum þar sem vindhraði getur mælst allt að 4 vindstig og hæð kenniöldu er allt að 0,3 m, með stöku öldum sem ná 0,5 m hámarkshæð, t.d. frá skipum sem sigla framhjá þeim.

5. Síðasti undirliður undir „1. Hönnunarflokkar fyrir för" orðast svo:
   För í hverjum flokki skulu hönnuð og smíðuð þannig að þau standist þessar færibreytur að því er varðar stöðugleika, uppdrift og aðrar viðeigandi grunnkröfur sem eru taldar upp í I. viðauka og að þau hafi góða stjórnhæfniseiginleika.

6. Textinn við „2. Almennar kröfur" orðast svo:
   Framleiðsluvörur, sem falla undir a-lið 1. mgr. 1. gr., skulu samræmast grunnkröfunum sem gilda um þær.

7. Í lið 2.1:
   a) orðast fyrirsögn svo: „Auðkenni fars",
   b) orðast inngangsorðin svo:
      Á öllum förum skal vera kenninúmer ásamt eftirfarandi upplýsingum:

8. Í lið 2.2 „Auðkennisplata framleiðanda" orðast fjórði undirliður svo:
   – hámarksfarmur, sem framleiðandi mælir með í samræmi við lið 3.6, að undanskilinni þyngd innihalds föstu tankanna þegar þeir eru fullir,

9. Í lið 3.6 „Hámarksfarmur sem framleiðandi mælir með" falla eftirfarandi orð niður:
   ..., eins og tilgreint er á auðkennisplötu framleiðanda,...

10. Í 5. lið „Kröfur um uppsetningu" bætist við liður er orðast svo:
    5.1.5. Einmenningsfar á sjó án stjórnanda:
    Einmenningsfar á sjó skal annaðhvort hannað með sjálfvirku gangrofi vélar eða með sjálfvirkum búnaði til að draga úr ferð, sigla í hring og áfram þegar stjórnandinn fer sjálfviljugur frá borði eða fellur fyrir borð.

11. Liður 5.2.2 orðast svo:
   5.2.2. Eldsneytisgeymar.
   Tryggilega skal gengið frá eldsneytisgeymum, leiðslum og slöngum og þær aðskildar eða varðar gegn öllum þýðingarmiklum hitagjöfum. Efnið sem geymarnir eru smíðaðir úr og útfærsla þeirra skal vera í samræmi við rými þeirra og eldsneytisgerð. Allir geymar skulu hafa loftræstibúnað.
   Bensín skal geymt í geymum sem eru ekki hluti af bol bátsins og eru:
   a) einangraðir frá vélarrúminu og öllum öðrum kveikjugjöfum,
   b) aðskildir vistarverum,
   Geyma má dísileldsneyti í geymum sem eru hluti af bol bátsins.

12. Liður 5.6.2 orðast svo:
   5.6.2. Slökkvibúnaður.
   För skulu útbúin með slökkvibúnaði sem er í samræmi við eldhættuna en annars ber að tilgreina hvar hentugum búnaði, sem samsvarar eldhættunni, hefur verið komið fyrir og hversu öflugur hann er. Ekki má taka farið í notkun fyrr en hentugum slökkvibúnaði hefur verið komið fyrir. Bensínvélarrými skal varið með þannig slökkvikerfi að ekki sé þörf á að opna rýmið ef kviknar í. Ef hreyfanleg slökkvitæki eru sett upp skal þeim komið þannig fyrir að auðvelt sé að komast að þeim og eitt þeirra skal þannig staðsett að auðvelt sé að ná í það frá aðalstýristað farsins.

13. liður 5.8 orðast svo:
   5.8. Búnaður til að koma í veg fyrir losun og búnaður til að auðvelda flutning úrgangs upp á land.
   Bátar skulu þannig smíðaðir að ekki sé hætta á að mengunarefni (olía, eldsneyti o.s.frv.) verði losuð í sjóinn.
   Bátar með salerni skulu annaðhvort hafa:
   a) safngeyma, eða
   b) möguleika á að hafa safngeyma.
   Bátar með varanlega uppsettum safngeymum skulu hafa staðlaða tengingu fyrir losun til að unnt sé að tengja rör sem taka við úrgangi við frárennslisrör bátsins.
   Þar að auki skulu öll rör fyrir mannaúrgang, sem liggja gegnum bol bátsins, útbúin með tryggum lokunarbúnaði.

14. Við viðaukann bætast nýjar greinar er orðast svo:
   B. **Grunnkröfur að því er varðar losun með útblæstri frá aflvélum.**
   Aflvélar skulu vera í samræmi við grunnkröfurnar að því er varðar losun með útblæstri
   1. *Auðkenni vélar.*
      1.1. Hver vél skal vera greinilega merkt með eftirfarandi upplýsingum:
         – vörumerki eða viðskiptaheiti framleiðanda vélarinnar,
         – gerð vélar, hópi véla, ef við á,
         – kenninúmeri vélar,
         – CE-merki, sé þess krafist skv. 7. gr.
      1.2. Merkingar þessar skulu endast eðlilegan endingartíma vélarinnar og skulu vera auðlesnar og óafmáanlegar. Ef merkimiðar eða -plötur eru notaðar skulu þær vera festar á þann hátt að festingin endist eðlilegan endingartíma vélarinnar og að ekki sé hægt að fjarlægja merkimiðana/-plöturnar án þess að eyðileggja þær eða gera þær ólæsilegar.

1.3. Merkingar þessar skulu festar við einhvern vélarhluta sem er nauðsynlegur við eðlilega notkun vélarinnar og sem að öllu jöfnu þarf ekki að endurnýja svo lengi sem vélin endist.

1.4. Merkingum þessum skal vera þannig fyrir komið að venjulegt fólk komi auðveldlega auga á þær eftir að vélin hefur verið sett saman með öllum þeim íhlutum sem nauðsynlegir eru fyrir notkun hennar.

2. *Kröfur er varða losun með útblæstri.*

Aflvélar skulu hannaðar, smíðaðar og settar saman þannig að losun fari ekki yfir viðmiðunarmörk eftirfarandi töflu þegar þær eru settar upp á réttan hátt og notkun er eðlileg:

Tafla 1

*(g/kWh)*

| Gerð | Kolsýringur $CO = A + B/P_N^n$ | | | Vetniskolefni $HC = A + B/P_N^n$ | | | Köfnunar-efnisoxíð ($NO_x$) | Agnir PT |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | B | n | A | B | n | | |
| Tvígengisvél með neistakveikju | 150,0 | 600,0 | 1,0 | 30,0 | 100,0 | 0,75 | 10,0 | Á ekki við |
| Fjórgengisvél með neistakveikju | 150,0 | 600,0 | 1,0 | 6,0 | 50,0 | 0,75 | 15,0 | Á ekki við |
| Þjöppukveikja | 5,0 | 0 | 0 | 1,5 | 2,0 | 0,5 | 9,8 | 1,0 |

Ef A, B og n eru fastar í samræmi við töfluna er $P_N$ nafnafl vélarinnar í kW og losun með útblæstri er mæld í samræmi við samhæfða staðalinn.

Þegar vélar eru yfir 130 kW ber að nota annan hvorn vinnsluhringinn E3 (IMO) eða E5 (vélar í skemmtibáta).

Viðmiðunareldsneyti fyrir losunarprófanir á vélum sem brenna bensíni og dísilolíu skal vera eins og tilgreint er í tilskipun 98/69/EB (tafla 1 og 2 í IX. viðauka) og fyrir losunarprófanir á vélum sem brenna fljótandi jarðolíugasi skal það vera eins og tilgreint er í tilskipun 98/77/EB.

3. *Ending.*

Framleiðandi vélar skal láta í té uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar sem ættu að sjá til þess, ef farið er eftir þeim, að vélin, miðað við venjulega notkun, uppfylli áfram framangreind mörk á eðlilegum endingartíma vélarinnar við venjuleg notkunar-skilyrði.

Framleiðandi vélar skal afla þessara upplýsinga með undanfarandi þolprófun, sem byggist á venjulegum prófunarlotum, og með því að reikna út slit á íhlutum, svo að hann geti samið nauðsynlegar viðhaldsleiðbeiningar og látið fylgja öllum nýjum vélum þegar þær eru settar á markað í fyrsta sinn.

Með eðlilegum endingartíma vélar er átt við:

a) innanborðsvélar eða skutdrif með eða án sambyggðs útblásturskerfis: 480 klukku-stundir eða 10 ár, hvort sem verður fyrr,

b) vélar í einmenningsförum á sjó: 350 klukkustundir eða fimm ár, hvort sem verður fyrr,
c) utanborðsvélar: 350 klukkustundir eða 10 ár, hvort sem verður fyrr.

4. *Notendahandbók.*
Notendahandbók skal fylgja með hverri vél á tungumáli eða tungumálum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, að ákvörðun þess aðildarríkis þar sem setja á vélina á markað. Í handbókinni verða að vera:
a) uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að vélin starfi eðlilega og samræmist kröfunum í 3. lið (Ending),
b) upplýsingar um afl vélarinnar, mælt í samræmi við samhæfða staðalinn.

C. **Grunnkröfur að því er varðar hávaðamengun**

Skemmtibátur með innanborðsvélar eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis, einmenningsfar á sjó og utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi skulu vera í samræmi við eftirfarandi grunnkröfur að því er varðar hávaðamengun.

1. *Hávaðastig.*
1.1. Skemmtibáta með innanborðsvélar eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis, einmenningsfar á sjó og utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi skal hanna, smíða og setja saman þannig að hávaðamengun, mæld í samræmi við prófanir í samhæfða staðlinum, fari ekki yfir viðmiðunarmörk eftirfarandi töflu:

Tafla 2

| Afl einstakrar vélar kW | Hámarkshljóðþrýstingsstig = LpASmax dB |
|---|---|
| $P_N \leq 10$ | 67 |
| $10 < P_N \leq 40$ | 72 |
| $P_N > 40$ | 75 |

þar sem PN = nafnafl vélar í kW á nafnhraða og $L_{pASmax}$ = hámarkshljóðþrýstingsstig í dB.
Fyrir einingar með tvær eða margar vélar af öllum gerðum má frávikið vera 3 dB.

1.2. Annar kostur en hljóðmæling er að skemmtibátur með innanborðsvél eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis telst samræmast þessum hávaðakröfum ef Froude-talan er $\leq$ 1,1 og hlutfallið milli vélarafls og slagrýmis er $\leq$ 40 og vél og útblásturskerfi er sett upp í samræmi við forskrift frá framleiðanda vélarinnar.

1.3. „Froude-tala“ finnst með því að deila kvaðratrótinni af lengd vatnslínunnar lwl (m) í hámarkshraða báts V (m/s) og margfalda með uppgefnum þyngdarfasta (g = 9,8 m/s$^2$)

$$Fn = \frac{V}{\sqrt{(g.Lwl)}}.$$

„Hlutfallið milli vélarafls og slagrýmis“ finnst með því að deila slagrými báts

$$D\ (t) = \frac{P}{D}$$ í vélarafl P (kW).

1.4. Enn annar kostur í stað hljóðmælingar er að skemmtibátur með innanborðsvél eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis telst samræmast þessum hávaðakröfum ef helstu hönnunarfæribreytur eru jafngildar eða samrýmast hönnunarfæribreytum fyrir staðfest viðmiðunarfar eða eru innan þeirra vikmarka sem eru tilgreind í samhæfða staðlinum.

1.5. „Staðfest viðmiðunarfar" er sérstök samsetning af bol og innanborðsvél eða skutdrifi án sambyggðs útblásturskerfis, sem samræmist kröfum er varða hávaðamengun, þegar hávaðamengun er mæld í samræmi við lið 1.1, og verða allar helstu viðkomandi hönnunarfæribreytur og hljóðstigsmælingar síðan að hafa verið tilgreindar í opinberri skrá yfir staðfest viðmiðunarför.

2. *Notendahandbók.*

Að því er varðar skemmtibáta með innanborðsvél eða skutdrif með eða án sambyggðs útblásturskerfis og einmenningsför á sjó skal notendahandbókin, sem krafist er samkvæmt lið 2.5 í A-hluta I. viðauka, innihalda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að halda farinu og útblásturskerfinu í því ástandi sem, eftir því sem unnt er, tryggir samræmi við tiltekin hávaðamörk við venjulega notkun.

Að því er varðar utanborðsvélar skal notendahandbókin, sem krafist er skv. 4. lið B-hluta I. viðauka, innihalda leiðbeiningar sem eru nauðsynlegar til að halda utanborðsvélinni í því ástandi sem, eftir því sem unnt er, tryggir samræmi við tiltekin hávaðamörk við venjulega notkun.

10. gr.

4. liður II. viðauka reglugerðarinnar orðast svo:

4. Eldsneytisgeymar ætlaðir fyrir fasta uppsetningu og eldsneytisleiðslur.

11. gr.

VI. viðauki reglugerðarinnar orðast svo:

VI. VIÐAUKI
INNRI FRAMLEIÐSLUSTÝRING ÁSAMT PRÓFUNUM
(aðferðareining Aa, 1. kostur)

Þessi aðferðareining er sett saman úr aðferðareiningu A, eins og um getur í V. viðauka, og eftirfarandi viðbótarkröfum:

A. **Hönnun og smíði.**

Framleiðandinn eða aðilar fyrir hans hönd láta fara fram eina eða fleiri eftirfarandi prófana á einum eða fleiri förum sem eru dæmigerð fyrir framleiðslu framleiðanda eða sjá um samsvarandi útreikninga eða eftirlit:

a) stöðugleikaprófun í samræmi við lið 3.2 í grunnkröfunum (A-hluti I. viðauka),
b) prófun á uppdriftseiginleikum í samræmi við lið 3.3 í grunnkröfunum (A-hluti I. viðauka).

Eftirfarandi ákvæði gilda um báðar prófanir:

Prófanirnar, útreikningarnir eða eftirlitið skal vera á ábyrgð tilkynnts aðila sem framleiðandi velur.

B. **Hávaðamengun.**

Að því er varðar skemmtibáta með innanborðsvél eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis og einmenningsför á sjó:

Framleiðandi fars eða aðilar fyrir hans hönd láta fara fram hljóðmengunarprófanirnar, sem eru skilgreindar í C-hluta I. viðauka, á einu eða fleiri förum, sem eru dæmigerð fyrir framleiðslu framleiðanda, á ábyrgð tilkynnts aðila sem framleiðandinn velur.
Að því er varðar utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi:
Framleiðandi vélar eða aðilar fyrir hans hönd skulu láta fara fram hljóðmengunarprófanirnar, sem eru skilgreindar í C-hluta I. viðauka, á einni eða fleiri vélum í hverjum hópi véla, sem eru dæmigerðar fyrir framleiðslu framleiðanda, á ábyrgð tilkynnts aðila sem framleiðandinn velur.
Eigi að prófa fleiri en eina vél úr hópi véla skal nota tölfræðilegu aðferðina, sem lýst er í XVII. viðauka, til að tryggja samræmi úrtaks.

12. gr.

Við VIII. viðauka reglugerðarinnar bætist nýr liður er orðast svo:

4. Þegar um er að ræða mat á samræmi við kröfur þessarar reglugerðar er varða losun með útblæstri og ef framleiðandi starfar ekki samkvæmt viðeigandi gæðakerfi, eins og lýst er í XII. viðauka, getur tilkynntur aðili, sem framleiðandinn velur, sinnt eða látið sinna eftirliti af og til. Ef gæðin eru ófullnægjandi eða nauðsynlegt virðist að sannprófa gildi gagnanna, sem framleiðandinn lagði fram, skal eftirfarandi málsmeðferð beitt:
   Vél er tekin út úr framleiðsluröðinni og prófuð eins og lýst er í B-hluta I. viðauka. Prófunarvélar skulu vera tilkeyrðar að hluta eða öllu leyti, í samræmi við forskriftir framleiðanda. Ef losun með útblæstri, sem einkennir vélina sem tekin var úr framleiðsluröðinni, fer yfir viðmiðunarmörkin skv. B-hluta I. viðauka getur framleiðandinn farið fram á að mælingar verði gerðar á úrtaki véla, sem teknar eru úr framleiðsluröðinni, þ.m.t. á vélinni sem upprunalega var tekin úr röðinni. Til að tryggja að framangreint úrtak véla sé í samræmi við kröfur reglugerðarinnar skal nota tölfræðilegu aðferðina sem lýst er í XVII. viðauka.

13. gr.

Við lið 5.3 í X. viðauka reglugerðarinnar bætist ný undirgrein er orðast svo:

Við mat á samræmi við kröfurnar varðandi losun með útblæstri skal beita málsmeðferðinni sem skilgreind er í XVII. viðauka.

14. gr.

XIII. viðauki reglugerðarinnar orðast svo:

## XIII. VIÐAUKI
## TÆKNISKJÖL SEM FRAMLEIÐANDI LEGGUR FRAM

Í tækniskjölum sem um getur í V., VII., VIII., IX., XI. og XVI. viðauka skulu vera öll viðeigandi gögn eða aðferðir sem framleiðandi notar til að tryggja að för og íhlutar þeirra samræmist grunnkröfunum sem eiga við um þau.

Tækniskjölin skulu gera kleift að skilja hönnun, framleiðslu og notkun framleiðsluvörunnar og meta samræmi hennar við kröfur þessarar reglugerðar.

Skjölin skulu innihalda, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir matið:

a) almenna lýsingu á gerðareintakinu,
b) heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

c) lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og fyrir notkun framleiðsluvörunnar,
d) skrá yfir staðlana, sem um getur í 5. gr. og sem beitt er að öllu leyti eða að hluta, og lýsingar á lausnum sem samþykktar hafa verið til að uppfylla grunnkröfur reglugerðarinnar þegar stöðlunum, sem um getur í 5. gr., hefur ekki verið beitt,
e) niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
f) prófunarskýrslur eða útreikninga á stöðugleika í samræmi við lið 3.2 í grunnkröfunum og á uppdrift í samræmi við lið 3.3 í grunnkröfunum. (A- hluti I. viðauka),
g) prófunarskýrslur um losun með útblæstri sem sýna fram á samræmi við 2. lið í grunnkröfunum (B-hluti I. viðauka),
h) prófunarskýrslur um hávaðamengun eða gögn um staðfest viðmiðunarfar sem sýna fram á samræmi við 1. lið í grunnkröfunum (C-hluti I. viðauka).

15. gr.

Í stað 1. liðar XIV. viðauka reglugerðarinnar, komi tveir liðir er orðast svo:

1. Tilkynnti aðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn, sem sjá um sannprófanir skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar né annast uppsetningu á framleiðsluvörum, sem um getur í 1. gr., sem þeir skoða né heldur vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi áðurnefndra framleiðsluvara. Þetta útilokar ekki möguleikann á skiptum á tæknilegum upplýsingum milli framleiðandans og tilkynnta aðilans.

1a. Tilkynntur aðili skal vera óháður og ekki starfa undir stjórn framleiðenda eða birgja.

16. gr.

XV. viðauki reglugerðarinnar orðast svo:

XV. VIÐAUKI
SKRIFLEG SAMRÆMISYFIRLÝSING

1. Skrifleg yfirlýsing um samræmi við ákvæði reglugerðarinnar skal alltaf fylgja:
   a) skemmtibátum og einmenningsförum á sjó og vera hluti af notendahandbók (liður 2.5 í A-hluta I. viðauka),
   b) íhlutunum sem um getur í II. viðauka,
   c) aflvélum og vera hluti af notendahandbók (4. liður B-hluta I. viðauka).
2. Skriflega samræmisyfirlýsingin skal innihalda eftirfarandi, á því tungumáli eða tungumálum sem kveðið er á um í lið 2.5 í A-hluta I. viðauka:
   a) nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (firmanafn og fullt póstfang, viðurkenndur fulltrúi skal einnig tilgreina firmanafn og póstfang framleiðanda),
   b) lýsingu á framleiðsluvörunni sem er skilgreind í 1. lið, þ. á m. gerð og raðnúmer, ef við á,
   c) tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla sem eru notaðir eða tilvísanir í forskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við,
   d) eftir því sem við á, tilvísun í önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem beitt er,
   e) eftir því sem við á, tilvísun í EB-gerðarprófunarvottorð sem tilkynntur aðili hefur gefið út,

f) eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans,
g) auðkenni einstaklings sem hefur umboð til að undirrita fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Að því er varðar:
   - innanborðsvélar og skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis,
   - vélar sem eru með gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 97/68/EB, og eru í samræmi við II. þrep, sem kveðið er á um í lið 4.2.3 í I. viðauka við síðarnefndu tilskipunina og,
   - vélar sem eru með gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 88/77/EBE,

   skal samræmisyfirlýsingin innihalda, auk upplýsinganna í 2. lið, yfirlýsingu frá framleiðanda um að vélin samræmist kröfum þessarar tilskipunar er varða losun með útblæstri, þegar hún er sett í skemmtibát í samræmi við notkunarleiðbeiningar frá framleiðanda, og að ekki megi taka vélina í notkun fyrr en lýst hefur verið yfir að skemmtibáturinn, sem setja á vélina í, samræmist viðkomandi ákvæði tilskipunarinnar, svo fremi þess sé óskað.

17. gr.

Við reglugerðina bætast tveir viðaukar er orðast svo:

XVI. VIÐAUKI
GÆÐATRYGGING VÖRU
(aðferðareining E)

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi vörur séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem við þær eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa CE-merki á hverja vörueiningu og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja auðkennistákn tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Framleiðandinn skal nota viðurkennt gæðakerfi við lokaskoðun og prófun á vörum, eins og kveðið er á um í 3. lið, og skal sæta eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.
3. Gæðakerfi.
   3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi framleiðsluvara hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
   Umsóknin skal innihalda:
   - allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan vöruflokk,
   - upplýsingaskjöl um gæðakerfið,
   - ef við á, tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

   3.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hver framleiðsluvara rannsökuð og gerðar á henni viðeigandi prófanir, eins og tilgreint er í viðeigandi staðli eða stöðlum sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir til að tryggja að hún samræmist þeim kröfum tilskipunarinnar sem við eiga. Skjalfesta skal alla þá þætti, kröfur og ákvæði, sem framleiðandi hefur stuðst við, á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,
- þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni,
- aðferðum til að fylgjast með því að gæðakerfið sé skilvirkt,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2.

Hann skal gera ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðakerfinu.

Í úttektarhópnum skal vera a.m.k. einn maður sem hefur reynslu af því að meta framleiðslutæknina sem um er að ræða. Matið skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar uppfærslur á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi fullnægir kröfunum, sem um getur í lið 3.2, eða hvort nýtt mat þarf að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðanda ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.

4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki skyldur sínar vegna samþykkta gæðakerfisins.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að stöðum fyrir skoðun, prófun og geymslu og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og láta framleiðandanum í té úttektarskýrslu.

4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið starfi rétt ef með þarf. Hann skal gefa framleiðandanum skýrslu um vitjunina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Framleiðandi skal, í a.m.k. tíu ár eftir að varan var síðast framleidd, hafa tiltækt fyrir innlend yfirvöld:

- skjölin sem um getur í þriðja undirlið annarrar undirgreinar í lið 3.1,
- gögn um þær uppfærslur sem um getur í annarri undirgrein í lið 3.4,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokaundirgrein liðar 3.4 og í liðum 4.3 og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar um viðurkenningar gæðakerfa sem hafa verið veittar eða afturkallaðar.

## XVII. VIÐAUKI
## SAMRÆMI FRAMLEIÐSLUMATS Á LOSUN MEÐ ÚTBLÆSTRI OG HÁVAÐAMENGUN

1. Til að sannprófa samræmi innan vélahóps skal taka úrtak af vélum úr framleiðsluröðinni. Framleiðandinn ákveður stærð úrtaksins (n) í samráði við tilkynnta aðilann.
2. Hreint meðaltal niðurstaðnanna, X, sem úrtakið gefur, skal reiknað út fyrir hvern undirliggjandi þátt í losun með útblæstri og hávaðamengun sem viðkomandi reglur gilda um. Framleiðsluröðin telst vera í samræmi við kröfurnar (fullnægjandi niðurstaða) ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   $X + K.\ S \leq L$

   S er staðalfrávik, þar sem:

   $S^2 = \sum (x - X)^2 / (n - 1)$

   X = hreint meðaltal niðurstaðnanna
   x = einstakar niðurstöður um úrtakið
   L = viðkomandi viðmiðunarmark
   n = fjöldi véla í úrtaki
   k = tölfræðilegur stuðull sem ákvarðast af n (sjá töflu)

| n | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| k | 0,973 | 0,613 | 0,489 | 0,421 | 0,376 | 0,342 | 0,317 | 0,296 | 0,279 |
| n | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| k | 0,265 | 0,253 | 0,242 | 0,233 | 0,224 | 0,216 | 0,210 | 0,203 | 0,198 |

   Ef $n \geq 20$ þá er k = 0,860/vn. $k = 0{,}860/\sqrt{n}$ .

### 18. gr.
*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. og 4. og 6. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/44/EB frá 16. júní 2003 um breytingu á tilskipun 94/25/EB um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2005.

*Samgönguráðuneytinu, 27. október 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

# REGLUGERÐ

**um að fella úr gildi reglugerð um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga.**

1. gr.

Felld er úr gildi reglugerð um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga nr. 119 frá 9. mars 1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. nóvember 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Sandra Baldvinsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# GJALDSKRÁ

**fyrir aukasorpgjöld í Hrunamannahreppi.**

Gjaldskrá þessi miðast við stærri atvinnurekendur í hreppnum.

| Flokkur | kr. |
|---|---|
| a | 15.000 |
| b | 30.000 |
| c | 45.000 |
| d | 75.000 |
| e | 100.000 |
| f | 150.000 |
| g | 200.000 |
| h | 250.000 |
| i | 300.000 |

Einingaverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún var í ágúst 2005 (312,9) og reiknast í samræmi við gildandi byggingarvísitölu hverju sinni. Aukasorpgjöld eru lögð á stærri fyrirtæki og stærri atvinnurekendur árlega.

*Flúðum, 18. nóvember 2005.*

F.h. Hrunamannahrepps,

**Ísólfur Gylfi Pálmason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

*Ánanaust 15.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 16. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sólvallagötureit 1.133.4, vegna lóðarinnar Ánanaust 15.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reitur 1.152.5, Skúlagötusvæði.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.152.5 vegna lóðanna að Lindargötu 40, 42, 46 og Vatnsstíg 12.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 29. nóvember 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

---

# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.**

*Blikanes 13.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar þann 20. október 2005 breytingu á deilskipulagi lóðarinnar Blikanes 13. Breytingin felst í stækkun byggingarreits.

Uppdrættir hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Suðurhraun 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar þann 20. október 2005 breytingu á deilskipulagi lóðarinnar Suðurhraun 1. Breytingin felst í stækkun byggingarreits.

Uppdrættir hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hlíðarbyggð.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar þann 20. október 2005 breytingu á deilskipulagi Hlíðarbyggðar. Breytingin felst í stækkun byggingarreita.

Uppdrættir hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 9. nóvember 2005.*

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

**Eiríkur Bjarnason.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2005

# REGLUGERÐ

**um eingreiðslur vegna atvinnuleysistrygginga.**

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um eingreiðslur vegna atvinnuleysistrygginga í desember 2005.

2. gr.

Sá sem var á atvinnuleysisskrá á tímabilinu 9.-23. nóvember 2005 og hefur verið á skrá í samtals 45 vikur á árinu 2005 á rétt á eingreiðslu að fjárhæð 26.000 kr. enda hafi umsækjandi átt rétt á hámarksbótum skv. 8. gr. laga um atvinnuleysistryggingar þann tíma.

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum skal teljast með við útreikninga skv. 1. mgr. enda hafi umsækjandi verið á atvinnuleysisskrá þann tíma.

3. gr.

Sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. 2. gr. en hefur átt rétt á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum á þeim tíma sem þar greinir á rétt á hlutfallslegri eingreiðslu skv. 2. gr. í samræmi við það bótahlutfall sem umsækjandi hafði á tímabilinu 9.-23. nóvember 2005.

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum skal teljast með við útreikninga skv. 1. mgr. enda hafi umsækjandi verið á atvinnuleysisskrá þann tíma.

4. gr.

Sá sem var á atvinnuleysisskrá á tímabilinu 9.-23. nóvember 2005 en hefur verið á skrá í skemmri tíma en 45 vikur á árinu 2005 á rétt á hlutfallslegri eingreiðslu skv. 2. gr. í samræmi við fjölda daga sem hann hefur verið á atvinnuleysisskrá enda hafi umsækjandi átt rétt á hámarksbótum skv. 8. gr. laga um atvinnuleysistryggingar þann tíma, sbr. þó 5. gr.

Sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. en hefur átt rétt á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum á þeim tíma sem hann hefur verið á skrá á rétt á hlutfallslegri eingreiðslu skv. 2. gr. í samræmi við bótahlutfall sem hann hafði á tímabilinu 9.-23. nóvember 2005 og fjölda daga sem hann hefur verið á atvinnuleysisskrá, sbr. þó 5. gr.

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum skal teljast með við útreikninga skv. 1.-2. mgr. enda hafi umsækjandi verið á atvinnuleysisskrá þann tíma.

5. gr.

Eingreiðslan skv. 4. gr. skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 4.500 kr. miðað við hámarksbætur skv. 8. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Lágmarkseingreiðsla er ¼ hluti sömu fjárhæðar.

6. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá yfir þá sem eiga rétt á eingreiðslu skv. reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 7. gr. og 30. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Eingreiðslur skv. reglugerð þessari skulu greiddar út eigi síðar en 15. desember 2005.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. nóvember 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.**

*Kauptún í Urriðaholti.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar á fundum sínum þann 15. september 2005 og 20. október 2005 breytingar á deilskipulagi Kauptúns í Urriðaholti. Um er að ræða ýmsar minniháttar breytingar.

Uppdrættir hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Deiliskipulag Kauptúns, sem samþykkt var í bæjarráði Garðabæjar 28. júní og auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda þann 14. júlí 2005, fellur úr gildi við gildistöku ofangreinds deiliskipulags.

*Garðabæ, 15. nóvember 2005.*

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

**Eiríkur Bjarnason.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag fyrir Lindavirkjun í landi Gríshóls í Helgafellssveit.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Helgafellssveitar hinn 9. júní 2005 samþykkt deiliskipulag fyrir Lindavirkjun í landi Gríshóls, Helgafellssveit. Deiliskipulagið nær yfir um 57,4 ha svæði og þar er gert ráð fyrir 580 kW aflstöð. Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Helgafellssveit, 7. nóvember 2005.*

**Benedikt Benediktsson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag á Akranesi.**

*Breyting á deiliskipulagi Sunnubrautar 12 í Akratorgsreit.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 15. nóvember 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni Sunnubraut 12 í Akratorgsreit á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að hárri rishæð er breytt í þriðju hæð með lágu risi og eykst nýtingarhlutfallið á lóðinni úr 0,6 í 0,74.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 30. nóvember 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2005

# GJALDSKRÁ

**til innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar.**

1. gr.

Þeir sem haft hafa rekstrarleyfi Fiskistofu til eldis nytjastofna sjávar frá 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 greiði fast eftirlitsgjald með gjalddaga 1. nóvember 2005. Þeir sem höfðu rekstrarleyfi hluta af tímabilinu greiði fast eftirlitsgjald í hlutfalli þess tíma miðað við 20.000 –tuttuguþúsund– kr. fyrir 365 daga.

Upphæð gjaldsins er sem hér segir:

Eldisstöðvar með leyfi til minni ársframleiðslu en 200 tonn greiði 20.000 –tuttuguþúsund– kr.

Eldisstöðvar með leyfi til meiri ársframleiðslu en 200 tonn greiði 30.000 –þrjátíuþúsund– kr.

2. gr.

Eindagi eftirlitsgjalda skv. 1. gr. er vegna dráttar á útgáfu gjaldskrárinnar ákveðinn 31. desember 2005 og varða vanefndir afturköllun rekstrarleyfa viðkomandi aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sjávarútvegsráðuneytinu að fengnum tillögum Fiskistofu, með heimild í 7. gr. laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar og 25. gr. reglugerðar nr. 238/2003 sem sett var á grundvelli þeirra laga, og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. desember 2005.*

F. h. r.
**Vilhjálmur Egilsson.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Borgarbyggð.**

*Breyting á deiliskipulagi við Stangarholt.*

Breyting felst í því að geymslur verða jafnframt skilgreindar sem gestahús og verður hámarksstærð þeirra 20 m$^2$ í stað 10 m$^2$.

*Breyting á deiliskipulagi tjaldsvæðis og húsdýragarðs á Ölvaldsstöðum I.*

Breyting felst í að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bílgeymslu austan við mini golfvöll. Hámarksstærð húss er 120 m$^3$ og hámarksþakhæð er 4,5 m. Byggingarreitur sem ætlaður var fyrir þjónustuhús er breytt í byggingarreit fyrir íbúðarhús. Aðkomuvegi er breytt á tveimur stöðum.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Þær hafa verið yfirfarnar af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreind skipulagsmál öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 22. nóvember 2005.*

**Sigurður P. Harðarson,** bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2005

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað 1.-3. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar koma eftirfarandi töluliðir:

1. Skriflegur leigusamningur.
2. Yfirlýsing leigutaka um að hann samþykki fyrir sína hönd frjálsa skráningu og þar með greiðslu virðisaukaskatts af leigugjaldi.
3. Vottorð um að yfirlýsingu skv. 2. tölul. hafi verið þinglýst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. nóvember 2005.*

F. h. r.
**Baldur Guðlaugsson.**

*Vala R. Þorsteinsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

*Vættaborgir 33.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 23. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarhverfi, vegna lóðarinnar að Vættaborgum 33.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reitur 1.151.5, Skúlagötusvæði.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.151.5, Skúlagötusvæði, sem afmarkast af Lindargötu, Klapparstíg, Hverfisgötu og Smiðjustíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Krókháls 16.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 16. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa og Djúpadal, vegna lóðarinnar að Krókhálsi 16.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. desember 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

*a. Frístundabyggð í landi Þverár I.*

Á svæði, sem er 3,6 ha, er leyfð bygging 7 frístundahúsa. Húsin skulu vera á einni hæð með bröttu risi. Fjarlægð milli húsa verður ekki undir 27 m. Skipulag þetta var upphaflega samþykkt af sveitarstjórn 13. júlí 2004 og aftur 29. mars 2005.

*b. Breyting á deiliskipulagi frístundalóðar nr. 10 í Leifsstaðabrúnum.*

Breytingin var auglýst sem óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin felst í því að leyfð er bygging 60 $m^2$ frístundahúss á lóðinni, en hús, sem fyrir er, verði geymsla eða gestahús.

Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2005.

*c. Breyting á deiliskipulagi Djúpadalsvirkjunar 1 og 2, vegna Djúpadalsvirkjunar 2.*

Tillagan var auglýst sem óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samþykkt í sveitarstjórn 16. ágúst 2005.

Breytingin felst í að stíflumannvirki eru færð 160 m til suðurs og lengist fallpípa sem því nemur. Við það minnkar uppistöðulónið um 2 ha við yfirfallshæð og 3 ha við hæsta vatnsborð. Gert er ráð fyrir nýju efnistökusvæði og efnistakan áætluð 10 þús. $m^3$ á 4000 $m^2$ svæði.

*Eyjafjarðarsveit, 25. nóvember 2005.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Bláskógabyggð.**

*Gufubað á miðsvæði Laugarvatns.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 10. maí 2005 deiliskipulag í landi Laugarvatns.

*Laugarvatn í Laugardal, Bláskógabyggð.*

Tillaga að deiliskipulagi baðstaðar hollvinasamtaka gufubaðsins á Laugarvatni og aðliggjandi lóða. Deiliskipulagssvæðið sem er 4,8 ha nær yfir lóð hollvinasamtaka gufubaðsins, opin svæði meðfram vatnsbakka, suður fyrir íþróttahúsið, að Laugarbraut og Lindarbraut í vestri, norður fyrir veitingastaðinn Lindina og norður fyrir Vígðulaug. Gert er ráð fyrir allt að 1.600 $m^2$ gufubaðsbyggingu innan byggingarreits. Bílastæðum er komið fyrir á 4 stæðum, alls um 160 stæði. Skilgreindar eru lóðir Lindar (3.874 $m^2$), Heimakletts (1.803 $m^2$), Lindargarðs (2.600 $m^2$) og íþróttahúss (7.856 $m^2$) auk lóðar hollvinasamtakanna (8.798 $m^2$).

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 25. nóvember 2005.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Arinbjörn Vilhjálmsson.**

---

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð, nr. 94/2004, um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar.

1. gr.

Skilgreiningin á faggildingaraðila í 2. gr. verði eftirfarandi:

*Faggildingaraðili:* Faggildingarsvið Neytendastofu eða annar viðurkenndur faggildingaraðili á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa skoðunarstofur allt að 12 mánuði frá því umsókn um starfsleyfi er lögð inn til Siglingarstofnunar til þess að uppfylla ákvæði þessarar greinar um faggildingu enda leggi þessir aðilar fram greinargóða áætlun um á hvern hátt unnið verður að innleiðingu gæðakerfa og vinnuferla og annarra ákvæða staðalsins og reglugerða. Áætluninni skal skila til faggildingardeildar Neytendastofu og skal hún hljóta samþykki Neytendastofu. Í áætluninni skal skilgreina tímasetningu einstakra þátta verkefnisins og skal Neytendastofa hafa eftirlit með því að áætlunni sé fylgt.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa skoðunarstofur allt að 24 mánuði frá því umsókn um starfsleyfi er lögð inn til Siglingarstofnunar til þess að uppfylla ákvæði þessarar greinar um faggildingu enda leggi skoðunarstofan fram greinargóða áætlun um á hvern hátt unnið verður að innleiðingu gæðakerfa og vinnuferla annarra ákvæða staðalsins og reglugerða. Áætluninni skal skila til faggildingardeildar Neytendastofu og skal hún hljóta samþykki Neytendastofu. Í áætluninni skal skilgreina tímasetningu einstakra þátta verkefnisins og skal Neytendastofa hafa eftirlit með því að áætluninni sé fylgt.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 3. nóvember 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, Leirvogstungumelar.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að athafnasvæði við Leirvogstungumela stækkar úr 16 ha í 35 ha til vesturs, norðurs og austurs þar sem áður var opið óbyggt svæði. Göngu- og reiðstígar færast sem stækkuninni nemur til vesturs, norðurs og austurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

---

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis vegna Þrastarhöfða 39 og 49, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Þrastarhöfða 39 og 49.

Breytingin felst í því að fjarlægð frá götu að bílskúr á lóðunum Þrastarhöfða 39 og 49 verður sjö metrar í stað sex metra.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 5. desember 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2005

# REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins.**

1. gr.

5. og 6. gr. reglugerðarinnar, með breytingum sem voru gerðar með reglugerð nr. 916/2005, falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. gr., sbr. 66. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. desember 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Ósabotnar.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í lagningu vegar um Ósabotna milli Sandgerðis og Hafna sem opnar hringleið frá Hafnavegi yfir á Garðskagaveg og Stafnes.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 6. desember 2005.*

F. h. r.
**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, þrýstijöfnunarstrokkur í Hólsufs.**

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. desember 2005 staðfest breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun frá 15. ágúst 2002.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir þrýstijöfnunarstrokki frá aðrennsligöngum Kárahnjúkavirkjunar upp á yfirborð, syðst í Hólfsufs, um 2,5 km suðvestan við Miðfell. Aðkoma að svæðinu verður frá aðkomuvegi að aðgöngum 1 á móts við Miðfell.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 6. desember 2005.*

F. h. r.
**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2005

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

*Deiliskipulag lóðanna Langamýri 8a - 14b og 16a - 20b á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 17. nóvember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Langamýri 8a - 14b og 16a - 20b á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 í ágúst 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 15. september 2005 til og með 13. október 2005, með athugasemdafresti til og með 27. október 2005.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 30. nóvember 2005.*

**Grétar Zóphaníasson,** fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Hvömmum, Stekkjarhvammur 32, Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 1. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Hvömmum, Stekkjarhvammur 32, Hafnarfirði. Breytingin felst í staðsetningu allt að 13 fermetra sólstofu við norðurhlið húss. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. nóvember 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, Hringhella 6, Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, Hringhella 6, Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur á lóðinni er stækkaður og verður tvo metra frá lóðarmörkum í suðri í stað tíu metra og 7,5 metra frá lóðarmörkum í vestri í stað 15,5 metra. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. nóvember 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Austurgata 22b, Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 5. október 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Austurgata 22b í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðin stækkar úr 302 fermetrum í 376,1 fermetra. Hámarksbyggingarmagn hækkar úr 284,5 fermetrum í 306 fermetra. Gert er ráð fyrir að hluti húss úr timbri verði rifinn og endurbyggður úr steinsteypu á þremur hæðum. Gert er ráð fyrir tveim íbúðum í stað einnar og gert ráð fyrir 4 bílastæðum. Nýtingarhlutfall lækkar úr 0,94 í 0,82. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 1. desember 2005.*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984/2000.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar verður þannig orðuð:

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44, 7. maí 1993 og með innleiðingu á EB- og EBE-gerðum í 17d og 17e tölul. XIII. viðauka við EES-samninginn, með síðari breytingum, sbr. eftirfarandi yfirlit:

| *Tölul. í XIII. viðauka* | *Gerðir EB/EBE* | *Dags. gerða EB/EBE* | *Númer EES-ákvörðunar* | *Birting EES-gerðar í EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB* |
|---|---|---|---|---|
| 17d | Tilskipun nr. 95/50/EB | 06.10.1995 | 19/96 | 23. hefti, 23.05.1996, bls. 43 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 2001/26/EB | 07.05.2001 | 38/2002 | 29. hefti, 13.06.2002, bls. 18 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 2004/112/EB | 13.12.2004 | 83/2005 | 52. hefti, 13.10.2005, bls. 9 |
| 17e | Tilskipun nr. 94/55/EB | 21.11.1994 | 22/96 | 32. hefti, 25.07.1996, bls. 1 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 96/86/EB | 13.12.1996 | 7/97 | 29. hefti, 10.07.1997, bls. 27 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 1999/47/EB | 21.05.1999 | 176/1999 | 14. hefti, 15.03.2001, bls. 6 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 2000/61/EB | 10.10.2000 | 49/2001 | 30. hefti, 14.06.2001, bls. 44 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 2001/7/EB | 29.01.2001 | 74/2001 | 44. hefti, 06.09.2001, bls. 18 |
| | Breyting: Ákvörðun framkvæmda-stjórnar nr. 2002/886/EB | 07.11.2002 | 51/2003 | 39. hefti, 31.07.2003, bls. 17 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 2003/28/EB | 07.04.2003 | 117/2003 | 64. hefti, 18.12.2003, bls. 23 |
| | Breyting: Tilskipun nr. 2004/111/EB | 09.12.2004 | 83/2005 | 52. hefti, 13.10.2005, bls. 9 |

EB-gerðir, sbr. 1. mgr., eru birtar rafrænt á vef utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 30. nóvember 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

Viðauki III breytist þannig:
Við tilskipun 2003/97/EB í reitinn síðari viðbætur kemur: 2005/27/EB.

2. gr.

Viðauki IV breytist þannig.
Í tölulið 45zc við tilskipun 2003/97/EB í reitina „síðari viðbætur“, „stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

| | | |
|---|---|---|
| 2005/27/EB | L 81, 30.03.2005 | ***111/2005 |

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 30. nóvember 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluta, er taki gildi 1. janúar 2006.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258 21. mars 2001, með síðari breytingum, breytist þannig:

Sérgjöld hitaveitu:
Allir liðir hækki um 2,5%.

Önnur gjöld sameiginleg:
Allir liðir hækki um 2,5%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 30. nóvember 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Húsavíkurhöfn.**

1. gr.

*Stærð og takmörk hafnarinnar.*

Hafnarsvæði Húsavíkurhafnar er innan Húsavíkur við Skjálfanda og er nánar lýst þannig: Skilgreint hafnarsvæði er austan línu sem hugsast dregin vestast úr Kaldbaksnefi í svonefndar Snásur á Húsavíkurhöfða. Mörk á landi eru brún sjávarbakka frá Kaldbaksnefi að vestan að Snásum á Húsavíkurhöfða að austan.

Helstu hafnarsvæði eru: Suðurgarður, Hafnarstétt, Norðurgarður og Bökugarður.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.
- Dráttarbraut og land tengt henni.

Til Húsavíkurhafnar telst ennfremur hafnarsvæði í Flatey á Skjálfanda.

2. gr.

*Stjórn hafnarinnar.*

Húsavíkurbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn er í höndum umhverfis- og framkvæmdaráðs, sem fer með hlutverk hafnarstjórnar og framkvæmdastjóra umhverfis- og framkvæmdaráðs sem fer með hlutverk hafnarstjóra, skv. gildandi stjórnskipuriti Húsavíkurbæjar.

Hafnarstjórn, sbr. 1. mgr., er kjörin af bæjarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarfélagsins. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Bæjarstjórn Húsavíkurbæjar kýs formann og varaformann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

*Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.*

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leigu á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

4. gr.

*Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.*

Hafnarstjóri er ráðinn af bæjarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

*Um aðra starfsmenn hafnarinnar.*

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

*Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.*

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um Húsavíkurhöfn.

Sérhvert skip sem ætlar til Húsavíkurhafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnarvarðar með minnst 3ja klst. fyrirvara. Hafnsögumanni er skylt að fara til móts við skipið allt að 3 sjómílum undan enda Bökugarðs ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar síðastliðin 3 ár og komið næstliðið ár a.m.k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náið talstöðvarsamband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips sem þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

*Löggæsla á hafnarsvæði.*

Lögreglan á Húsavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

*Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.*

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

*Varnir gegn mengun og óþrifnaði.*

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir að eldsneyti renni í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistökuna. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

10. gr.

*Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.*

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslið greinarinnar.

11. gr.

*Hverjum gefa skal fyrirmæli.*

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

*Um skaðabótaskyldu.*

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, sem dómkvaddir eru af héraðsdómi Norðurlands eystra. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

*Kæruheimild.*

Notendum Húsavíkurhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörð-

unum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

14. gr.
*Brot.*

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn, nr. 307/1986, með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytinu, 10. nóvember 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*Efri-Brú í Grímsnesi, deiliskipulag frístundabyggðar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 24. ágúst 2005 deiliskipulag í landi Efri-Brúar í Grímsnesi.

*Efri Brú í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.*

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Brúar. Skipulagssvæðið sem er 65 ha að stærð liggur að landi Kaldárhöfða í norðri og að Úlfljótsvatni í vestri.

Gert er ráð fyrir 33 frístundalóðum og eru 14 vestan vegarins. Stærðir lóða eru frá 7000 $m^2$ að 20.000 $m^2$ (2 ha). Gert er ráð fyrir sameiginlegu bátaskýli fyrir byggðina með aðgengi að vatni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 28. nóvember 2005.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Arinbjörn Vilhjálmsson.**

---

# GJALDSKRÁ

**Fjármálaeftirlitsins fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa.**

1. gr.

Fyrir athugun Fjármálaeftirlitsins á útboðslýsingu vegna almenns útboðs verðbréfa, sbr. 3. mgr. 26. gr. IV. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti, skal greiða þóknun samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir athugun á útboðslýsingu skal greiða tímagjald sem nemur kr. 9.000.

3. gr.

Að lokinni athugun og gegn greiðslu kostnaðar afhendist verkbeiðanda útboðslýsing ásamt staðfestingu.

Sé hætt við útboð eftir að athugun á útboðslýsingu er hafin, greiðir verkbeiðandi áfallinn kostnað samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 33/2003, öðlast gildi við birtingu.

*Fjármálaeftirlitinu, 24. nóvember 2005.*

**Jónas Fr. Jónsson.**

*Ragnar Hafliðason.*

# AUGLÝSING

## (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

**1. Hólmavíkurhreppur.**

Úthluta skal til báta/skipa sem heimahöfn eiga á Hólmavík, landa aflanum í sinni heimabyggð og eigendur skráðir með búsetu í Hólmavíkurhreppi og eru enn skráðir þar þegar auglýstur umsóknarfrestur rennur út og hafi haft atvinnu af fiskveiðum sl. fiskveiðiár. Ekki koma til greina þær útgerðir sem leigt eða selt hafa kvóta frá sér á síðasta fiskveiðiári eða landað hafa utan heimahafnar nema gildar ástæður liggi fyrir s.s. sjóskaði eða stórkostleg vélarbilun. Úthlutunin skal vera jöfn milli allra þeirra sem úthlutun fá.

**2. Höfðahreppur.**

1. Úthlutuðum veiðiheimildum verði skipt eingöngu milli þeirra útgerðaraðila sem áttu lögheimili á Skagaströnd 1. desember 2004 og eiga skip með veiðileyfi, skráð 1. september 2005. Jafnframt er gert að skilyrði að 2/3 hlutar áhafnar skips sem sótt er um fyrir eigi lögheimili á Skagaströnd.
2. Miðað skal við að stærð fiskiskipa sem hljóta úthlutun sé takmörkuð við 250 brl.
3. Einungis verði úthlutað til þeirra sem leggja fram undirritaðan samning við samþykkta vinnslustöð á Skagaströnd um úrvinnslu aflans samkvæmt úthlutuðum heimildum. Í samningnum skal tiltekið hvers konar úrvinnslu um er að ræða svo og yfirlýsing um að samkomulag sé um fiskverð.

   Með vinnslustöð er átt við að umrædd fiskvinnsla taki við fiskinum vinni hann á staðnum og breyti óunnu hráefni í vöru. Slæging á fiski eða einhvers konar framhaldsvinna á fiskafurðum sem hafa verið meðhöndlaðar annarsstaðar er ekki viðurkennt sem vinnslustöð til samninga um móttöku á byggðakvóta. Vinnslustöð skal og hafa rekjanlega ferla þar sem hægt er að sýna fram á að fiskur frá ákveðnum aðila hafi komið til vinnslu á ákveðnum tíma.

   a) Viðkomandi útgerð skal skuldbinda sig til að leggja eitt tonn á móti hverjum tveimur sem úthlutað er af byggðakvóta til vinnslu á Skagaströnd. Við mat á hæfi umsækjanda skal tekið tillit til þess hvort viðkomandi hafi kvótastöðu til að uppfylla það skilyrði. Séu veiðiheimildir umsækjanda ekki nægar er heimilt að skerða úhlutun sem því nemur.
   b) Við gerð samkomulags um löndun afla vegna byggðakvótans skal við það miðað að honum hafi verið landað samkvæmt samkomulaginu fyrir 1. desember 2006. Jafnframt skal viðkomandi útgerð sýna fram á með óyggjandi hætti að staðið hafi verið við samkomulag um löndun byggðakvóta síðasta fiskveiðiárs ef slíkt samkomulag hefur verið gert. Hafi ekki verið staðið við löndun afla samkvæmt samkomulagi um byggðakvóta síðasta fiskveiðiárs verður úthlutun skert sem því nemur. Komi til skerðingar skv. a) og b) skal þeim hluta kvótans úthlutað skv. 5. tl. reglna þessara.

4. Við úthlutun veiðiheimildanna verði miðað við tvo flokka. Annars vegar þá sem hafa tapað veiðiheimildum vegna samdráttar í rækjuveiðum og hins vegar almenn úthlutun til útgerða báta með aflamark.
   a) Byggðakvóti til báta með leyfi til veiða á innfjarðarrækju í Húnaflóa. Kvóta sem nemur 100 þorskígildislestum verður úthlutað til þeirra sem hafa yfir að ráða heimildum til innfjarðarrækjuveiða enda uppfylli þeir skilyrði 1.-3. tl. reglna þessara. Skal kvótanum skipt hlutfallslega eftir veiðiheimildum til innfjarðarrækjuveiða á Húnaflóa eins og þær voru 1999-2000. Umræddum kvóta verði skipt milli þeirra útgerða sem stunduðu innfjarðarrækjuveiðar á tímabilinu og enn gera út frá Skagaströnd.
   b) Byggðakvóti til báta með aflamark. Kvóta sem nemur 40 þorskígildislestum verður úthlutað til báta sem uppfylla skilyrði 1.-3. tl. reglna þessara og skal skipta framangreindum heimildum jafnt á milli hæfra umsækjenda.
5. Fyrir 15. júlí 2006 skulu útgerðir þeirra báta sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok fiskveiðiárs. Geti hlutaðeigandi fyrirsjáanlega ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér byggðakvótanum. Skal þeim kvóta endurúthlutað 1. ágúst, í þeim flokki sem kvóta var úthlutað í. Skal kvótanum úthlutað jafnt milli þeirra sem þegar hafa uppfyllt skilyrði um veiðar og vinnslu byggðakvótans.
6. Sækja skal um aflaheimildir samkvæmt reglum þessum til hreppsnefndar Höfðahrepps. Með undirritun umsóknar samþykkja viðkomandi aðilar þá skilmála sem reglurnar fela í sér.

**3. Seyðisfjarðarkaupstaður.**

1. Útgerðaraðilar með lögheimili og skráða báta á Seyðisfirði þann 1. september 2005 geta sótt um aflaheimildir fyrir fiskveiðiárið 2005/2006.
2. Úthlutuðum afla skal landa á Seyðisfirði til vinnslu á staðnum og skal viðkomandi útgerðaraðili auk þess leggja til viðbótar a.m.k. jafnmikinn afla til vinnslu á staðnum og hann fær úthlutað.
3. Við úthlutun skal verja 1/3 jafnt milli þeirra aðila sem uppfylla almenn skilyrði fyrir úthlutun og 2/3 hlutum skal úthluta í hlutfalli við kvótastöðu þann 1. september 2005.
4. Við úthlutun verður tekið mið af þegar úthlutuðum aflaheimildum á vegum Byggðastofnunar.
5. Hafi umsækjandi ekki veitt heildaraflaheimildir viðkomandi skips á síðasta fiskveiðiári skal úthlutun til hans skerðast sem því nemur að teknu tilliti til leyfilegs tilflutnings milli ára.
6. Hafi umsækjandi fengið byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2004/2005 en ekki landað tvöföldu því magni til vinnslu á Seyðisfirði á því ári, þá fellur réttur hans til úthlutunar niður á fiskveiðiárinu 2005/2006.

**4. Þórshafnarhreppur.**

Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2006 og skal skila umsóknum skriflega á skrifstofu Þórshafnarhrepps.

1. Byggðakvóta skal úthluta í tvennu lagi. Annars vegar til nýrra útgerða, allt að 5 þorskígildistonn á hvern bát og hins vegar til þeirra báta sem gerðir eru út frá Þórshöfn, landað hafa afla þar og hafa veitt allan sinn kvóta á liðnu fiskveiðiári. Þá skal og áhöfn báts vera með lögheimili á Þórshöfn. Sé sótt um undanþágu frá skilyrði um lögheimili skal hún vel rökstudd í umsókn.

2. Skilyrði er að viðkomandi útgerð flytji ekki af viðkomandi báti/bátum aflamark nema sem skipti á aflamarki. Útgerð skal fyrst landa eigin aflaheimildum áður en byggðakvóti verður færður á bát/báta viðkomandi. Þær útgerðir sem gera út fleiri en einn bát skulu hafa veitt samanlagðar aflaheimildir allra báta sinna áður en til úthlutunar byggðakvóta kemur. Við úthlutun byggðakvóta koma aðeins þær útgerðir til greina þar sem um aðalatvinnu útgerðaraðila og áhafnar er að ræða.
3. Að frádregnum úthlutunum vegna nýrrar útgerða skiptist byggðakvóti Þórshafnarhrepps milli einstakra báta þannig að 70% miðast við stærð báta en 30% skiptast jafnt. Engri einstakri útgerð skal þó úthlutað meiru en sem nemur 25 þorskígildistonnum.
4. Hver útgerð sem úthlutað verður byggðakvóta skal landa a.m.k. tvöfalt meiri afla (tonn á móti tonni) en sem nemur byggðakvótanum til vinnslu á Þórshöfn. Í umsókn skal gera nánari grein fyrir þessum þætti (t.d. aðgerðarþjónusta, eigin vinnsla o.fl.).
5. Ný útgerð telst sú útgerð sem hafin hefur verið innan síðustu þriggja ára, hefur fjárfest í aflahlutdeildum og stefna viðkomandi útgerðaraðila er að hafa aðalatvinnu sína af rekstri viðkomandi útgerðar. Leggja skal fram gögn til staðfestingar framangreindu s.s. kvittanir vegna kaupa aflahlutdeildar og áætlanir um rekstur.
6. Sækja skal sérstaklega um vegna nýrrar útgerðar, samkvæmt ofangreindum lið. Þær útgerðir sem fá úthlutun samkvæmt lið 5 eiga jafnan rétt og aðrar til úthlutunar samkvæmt lið 3.
7. Fyrir 1. júní 2006 skulu útgerðir þeirra báta sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok fiskveiðiárs. Geti hlutaðeigandi ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér byggðakvótanum, sem síðan verður endurúthlutað.

Sveitarstjórn afgreiðir umsóknir í samræmi við reglur þessar og úrskurðar jafnframt í vafamálum sem upp kunna að koma við túlkun þeirra.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. desember 2005.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Guðný Steina Pétursdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 10. gr. bætist við ný málsgrein sem orðast svo:

10.4 Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja eftirfarandi:

a. Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði 3. gr. reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Um tryggingar fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.

b. Áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar, byggða á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og stafl. r og w 6. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda til þess að öðlast gildi 1. janúar 2006.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Atvinnurekstur sem talinn er upp í a-lið viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og er starfandi við gildistöku reglugerðar þessarar skal fyrir 15. febrúar 2006 senda útgefanda starfsleyfis þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. mgr. 10. gr.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. desember 2005.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005

# REGLUGERÐ

**um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.**

1. gr.
*Gildissvið.*

Reglugerðin tekur til trygginga á bráðamengunartjóni af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum á sjó og atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka með reglugerð þessari. Tryggingin gildir hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands.

2. gr.
*Skilgreiningar.*

*Trygging:* Ábyrgðartrygging vátryggingarfélags, P og I klúbbtryggingarvernd skipa (Protection & Indemnity Club Cover), ábyrgð veitt af viðskiptabanka eða sparisjóði eða önnur trygging sem veitir sömu vernd að mati Umhverfisstofnunar.

*Bótaskylt bráðamengunartjón:* Tjón eða skaði á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum vegna mengunar hafs og stranda, sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða, og kostnaður af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða.

*Flutningur olíu, hættulegra efna og eiturefna:* Flutningar á efnum sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um sjóflutninga á hættulegum varningi, IMDG-kóðann, um sjóflutninga á hættulegum efnum í farmgeymum skipa, IBC-kóðann, um flutning á olíu í farmgeymum skipa, eða ADR-reglur um flutning á hættulegum farmi á vegum, þ.e. þeim efnum sem falla undir viðauka I, II og III í MARPOL-samningnum, þegar þau eru flutt sem farmur í skipum og efnum sem flokkuð eru sem hættuleg á landi.

3. gr.
*Tryggingarskylda.*

Sá sem flytur olíu, eiturefni, eða hættuleg efni á sjó eða stundar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka við reglugerð þessa, skal taka tryggingu vegna bráðamengunartjóns, þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans.

Tryggingin skal bæta tjón allt að 1 milljón SDR vegna hvers einstaks tjónsatburðar eða samtals á tryggingarárinu.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með að tryggingarskyldu sé fullnægt.

4. gr.
*Eigin áhætta, endurkröfuréttur, skerðing bótaréttar.*

Heimilt er að áskilja eigin áhættu í skilmálum ábyrgðartryggingar eða ábyrgðar viðskiptabanka eða sparisjóðs, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns, til bóta úr hendi þess sem tryggingu veitir.

Sá sem veitir trygginguna getur endurkrafið hvern þann sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Bætur má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

5. gr.

*Kynning á vátryggingarskilmálum.*

Almennir skilmálar vegna vátrygginga skulu kynntir Umhverfisstofnun og Fjármálaeftirlitinu, áður en þeir eru boðnir á markaði.

6. gr.

*Niðurfelling tryggingar.*

Falli ábyrgðartrygging eða ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs niður, ber þeim er veitti trygginguna að tilkynna Umhverfisstofnun um niðurfellingu hennar. Enda þótt trygging sé fallin úr gildi, ber sá sem hana veitti, áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á tjónum sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að tryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið tekin.

7. gr.

*Ágreiningur.*

Rísi ágreiningur um framkvæmd reglugerðarinnar þ.m.t. tryggingarskyldu, er heimilt að vísa honum til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að honum berst mál í hendur.

Rísi ágreiningur um það hvort um bráðamengun samkvæmt reglugerð þessari sé að ræða er heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Skal ráðherra úrskurða í málinu eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en viku eftir að honum berst mál í hendur.

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í w lið 6. gr. og 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og tekur gildi 1. janúar 2006.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. desember 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

VIÐAUKI

**Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.**

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.

10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar.
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Bensínstöðvar.
22. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
23. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
25. Olíubirgðastöðvar.
26. Stálsmíði og stálskipagerð.
27. Viðhald og niðurrif skipa.
28. Meðferð og húðun málma.
29. Bræðsla og málmblanda málma sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíum á dag.
30. Yfirborðsmeðferð málma og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum ef rúmmál kera er meira en 30 $m^3$.
31. Ullarþvottastöðvar.
32. Fitu- og lýsisvinnsla.
33. Sláturhús.
34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar.
35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.
36. Flugvellir.

---

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Bláskógabyggð.**

*Brekka - deiliskipulag frístundabyggðar við Brekkuheiði og Vallárveg.*
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 8. nóvember 2005 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekku.
*Brekka í Biskupstungum, Bláskógabyggð.*
Deiliskipulag frístundabyggðar í Brekkuskógi í landi Brekku. Svæðið liggur austan við orlofshúsabyggð BHM.
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 54 frístundalóðum, 9 við Vallárveg og 45 við Brekkuheiði. Skipulagssvæðið er alls 38 ha og eru lóðir 4.750 til 5.500 m² að stærð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 9. desember 2005.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Arinbjörn Vilhjálmsson.**

---

# REGLUGERÐ

## um beingreiðslur í garðyrkju árið 2006.

I. KAFLI

**Heildarfjárhæð beingreiðslna, framkvæmd og skipting milli afurða.**

1. gr.

*Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna.*

Árið 2006 skal greiða beingreiðslur að fjárhæð 201,1 milljónir kr. úr ríkissjóði til framleiðenda á gúrkum, tómötum og papriku eftir nánari ákvæðum í þessari reglugerð. Fjárhæðin skiptist upp eftir áðurnefndum tegundum og greiðist til framleiðenda miðað við selt magn af þessum afurðum.

Bændasamtök Íslands hafa umsjón með og annast framkvæmd beingreiðslna á árinu 2006.

2. gr.

Skipting beingreiðslna milli afurða.

Heildarfjárhæð beingreiðslna skiptist á afurðir sem hér segir:

a) Tómatar (að meðtöldum kirsuberja-, plómu-, kjöt- og klasatómötum) alls 95,9 milljón kr.
b) Gúrkur alls 74,9 milljónir kr.
c) Paprika alls 30,3 milljónir kr.

Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlanir gefa til kynna umtalsverða breytingu á framleiðslumagni milli tegunda er heimilt að endurskoða ofangreinda skiptingu.

3. gr.

*Útreikningur beingreiðslna á afurðaeiningar.*

Heildarfjárhæð beingreiðslna sem er til ráðstöfunar fyrir hverja afurð skv. 2. gr. skal deilt á selt magn innan ársins, frá og með 1. janúar 2006 að telja. Flokka skal gúrkur, tómata og papriku eftir flokkunarreglum Sambands garðyrkjubænda um gæðaflokkun þessara afurða og skulu beingreiðslur einungis greiddar út á selt magn afurða sem fara í fyrsta flokk.

Greiða skal 25% álag á beingreiðslur vegna framleiðslu á litaðri papriku, þ.e. annarri en grænni.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands um sölumagn þessara afurða yfir árið. Áætla skal beingreiðslur pr. kg miðað við áætlað sölumagn og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. kg sem fyrstu greiðslu eftir sölu hvers mánaðar.

Við lokauppgjör skv. 12. gr. skal finna út beingreiðslur á hvert kg afurðar miðað við heildarfjárhæð beingreiðslna skv. 2. gr. með því að deila þeim á það magn, sem staðfest er að selt hafi verið á árinu og skulu þær greiddar framleiðendum að frádregnum þeim greiðslum sem fram hafa farið. Ef upp kemur ágreiningur um rétt til beingreiðslna skulu þeir fjármunir sem um er deilt ekki koma til greiðslu við lokauppgjör fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningnum.

4. gr.

*Endurskoðun á einingaverði beingreiðslna.*

Bændasamtök Íslands skulu tvisvar á árinu 2006, fyrir 1. júlí og fyrir 1. október endurskoða spár um framleiðslumagn ársins og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu, sbr. 3. gr. Ef til lækkunar kemur á beingreiðslum á einingu afurðar til hvers handhafa skulu þær endurreiknaðar frá upphafi árs í samræmi við breytingar á einingaverðum á þann hátt að til útborgunar á árinu komi að hámarki 88% af áætluðum beingreiðslum á einingu við endurskoðun 1. júlí. Við endurskoðun 1. október skal breyta fyrirframgreiðslum í 93% af áætluðum beingreiðslum á einingu. Bændasamtök Íslands tilkynna handhöfum beingreiðslna þessar ákvarðanir hverju sinni.

## II. KAFLI
## Réttur til beingreiðslna, umsóknir, gjalddagar, ofgreiddar beingreiðslur o.fl.

5. gr.

*Réttur til beingreiðslna.*

Réttur til beingreiðslna árið 2006 er bundinn því skilyrði að framleiddar séu gúrkur, tómatar eða paprika á hlutaðeigandi garðyrkjubýli. Þessi réttur er bundinn við framleiðslustað en ekki framleiðanda. Með garðyrkjubýli er hér átt við lögaðila eða býli með virðisaukaskattskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

Framleiðendur, sem tóku við beingreiðslum á árinu 2005 þurfa ekki að sækja sérstaklega um beingreiðslur fyrir árið 2006, en þeir skulu skila áætlun til Bændasamtaka Íslands fyrir 15. janúar 2006, þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætluð framleiðsla af hverri tegund á árinu 2006. Feli áætlun í sér meira en 10% frávik frá framleiðslu síðasta árs skal gera sérstaka grein fyrir henni. Einnig skal liggja fyrir fullnaðaruppgjör vegna ársins 2005 áður en beingreiðslur fást greiddar vegna ársins 2006.

6. gr.

*Umsóknir.*

Þeir aðilar sem ekki tóku við beingreiðslum á árinu 2005 en vilja öðlast rétt til þeirra að uppfylltum skilyrðum, sbr. 5. gr., skulu senda umsókn til Bændasamtaka Íslands fyrir 15. janúar 2006. Þá skulu umsækjendur skila áætlunum skv. 5. gr.

Ef fullnægjandi gögnum skv. 1. mgr. er ekki skilað á réttum tíma verða beingreiðslur ekki greiddar fyrr en framleiðendur hafa gert úrbætur.

7. gr.

*Handhafar beingreiðslna.*

Handhafi beingreiðslna er ábúandi lögbýlis eða einstaklingur/lögaðili sem stendur að rekstri garðyrkjubýlis. Á hverju garðyrkjubýli skal einungis vera einn handhafi beingreiðslna. Þó er heimilt þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör.

Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands án tafar um breytingar á handhöfum beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna er bundinn við handhafa. Honum er óheimilt að framvísa þeim beingreiðslum sem honum ber til annars aðila.

Bændasamtök Íslands halda skrá yfir handhafa beingreiðslna.

8. gr.

*Gjalddagar beingreiðslna.*

Fyrsti gjalddagi er 1. apríl 2006 og síðan 1. hvers mánaðar vegna sölu næstsíðasta mánaðar að því tilskildu að gögnum vegna sölu sé skilað á réttum tíma, sbr. 11. gr. Berist gögn síðar frestast afgreiðsla beingreiðslna til næsta gjalddaga.

9. gr.

*Ofgreiddar beingreiðslur.*

Framleiðendur sem hafa tekið við beingreiðslum á grundvelli vísvitandi rangrar upplýsingagjafar skulu endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi. Ef til þess kemur að úrskurða þurfi um rétt til beingreiðslna skulu Bændasamtök Íslands halda eftir af beingreiðslum til framleiðandans þeirri fjárhæð sem ágreiningur er um að viðbættu 50% álagi.

10. gr.

*Viðskipti sem réttur til beingreiðslna takmarkast við.*

Sala afurða veitir aðeins rétt til beingreiðslna sé kaupandi bókhaldsskyldur hvort sem um er að ræða kaup til eigin rekstrar eða til endursölu. Sömu reglur gilda um umboðssölu. Framleiðandi getur einungis öðlast rétt til beingreiðslna með sölu eigin framleiðsluafurða en ekki með sölu á afurðum sem hann hefur keypt af öðrum. Réttur framleiðanda til beingreiðslna fellur niður annist hann kaup á gúrkum, tómötum eða papriku til eigin rekstrar, endursölu eða umboðssölu.

III. KAFLI

**Upplýsingar og gögn um sölu afurða o.fl.**

11. gr.

*Upplýsingar og gögn sem skila ber mánaðarlega.*

Handhafar beingreiðslna skulu senda Bændasamtökum Íslands mánaðarlega eftirfarandi upplýsingar og gögn eigi síðar en 12. næsta mánaðar eftir að sala fer fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitölu handhafa beingreiðslna ásamt virðisaukaskattsnúmeri og landnúmeri garðyrkjubýlis.
2. Nafn, heimilisfang og kennitölu kaupanda ásamt virðisaukaskattsnúmeri.
3. Afreikninga eða sölunótur sem bera með sér tegund afurðar, selt magn í kg, skiptingu magns eftir gæðaflokkum, verð á kg fyrir hverja afurðaeiningu og verðmæti alls. Séu þessar upplýsingar sendar á rafrænu formi er ekki skylt að afreikningar eða sölunótur fylgi, aðeins að þessi gögn séu til staðar og aðgengileg sé eftir þeim leitað og að viðeigandi fylgiskjalsnúmer sé skráð og komi fram.

Þau gögn sem þannig eru frágengin skulu staðfest með undirritun eða á annan fullnægjandi hátt, af eða fyrir hönd viðkomandi handhafa beingreiðslna eftir umboði. Bændasamtök Íslands geta hvenær sem er óskað eftir aðgangi að frumgögnum til staðfestingar. Handhafa beingreiðslna er skylt að halda eftir afriti af gögnum sendum Bændasamtökum Íslands til að vinna lokauppgjör ársins eftir, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 12. gr.

12. gr.

*Staðfesting lokauppgjörs fyrir árið.*

Bændasamtök Íslands skulu fyrir 1. mars 2007 ljúka uppgjöri fyrir árið 2006. Hver framleiðandi, sem hlotið hefur beingreiðslur á árinu skal senda Bændasamtökum Íslands fyrir 10.

febrúar 2007 heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda. Uppgjörið skal sýna selt magn af gúrkum, tómötum og/eða papriku eftir tegundum, afbrigðum og gæðaflokkum. Komi fram misræmi frá áður innsendum gögnum (afreikningum og sölunótum) skal leggja fram afrit af þeim bókhaldsgögnum sem standa þar að baki og gerð grein fyrir leiðréttingum. Við lokauppgjör reikna Bændasamtök Íslands út og gera upp beingreiðslur á kg af gúrkum, tómötum og papriku, eftir seldu magni á árinu 2006. Þessir útreikningar skulu hljóta staðfestingu framkvæmdanefndar búvörusamninga áður en lokauppgjör fer fram.

Við lokauppgjör skal halda eftir fjárhæðum er svara til krafna vegna ágreinings sem vísað hefur verið til úrskurðar hjá úrskurðarnefnd, sbr. 13. gr.

## IV. KAFLI
## **Málskot.**

### 13. gr.
*Málskot.*

Ágreiningi um rétt til beingreiðslna er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar skv. 49. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum.

### 14. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2006. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 370/2002 um beingreiðslur í garðyrkju árið 2002, nr. 918/2002 um beingreiðslur í garðyrkju árið 2003 og nr. 910/2003 um beingreiðslur í garðyrkju árið 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2005.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

---

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Bólstaðarhlíðarhreppi.**

*Veiðihús Veiðifélags Blöndu og Svartár.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps þann 18. ágúst 2005 deiliskipulag fyrir veiðihús Veiðifélags Blöndu og Svartár í landi Hólabæjar og Gunnsteinsstaða.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi.

*Ártúnum, 14. nóvember 2005.*

**Tryggvi Jónsson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2005

# AUGLÝSING

**um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.**

*Víðidalur, Fákur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 22. september 2005 deiliskipulag fyrir Víðidal, athafnasvæði Fáks.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reitur 1.151.5.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 17. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.151.5 sem afamarkast af Hverfisgötu, Smiðjustíg, Lindargötu og Klapparstíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skúlagata 51.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 30. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötu 51.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Ystasel 37.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 30. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi vegna lóðarinnar Ystasel 37.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bakkastaðir 53.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 23. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Staðahverfi vegna lóðarinnar Bakkastaðir 53.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 12. desember 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2005

# GJALDSKRÁ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 19/2004.**

1. gr.

Tímagjöld og gjald vegna rannsókna í 2. grein sem og fyrsta málsgrein verða sem hér segir:

Tímagjald:
kr. 6.600 fyrir hefðbundna starfsemi
kr. 8.580 fyrir tímabundna starfsemi tengda stóriðju og virkjunum

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun:
kr. 8.800 fyrir hefðbundin sýni

2. gr.

3. gr. breytist og verður sem hér segir:

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:
Starfsleyfisgjald kr. 5.500
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald kr. 7.700
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun og veitt eru fyrir tímabundna starfsemi í tengslum við stórframkvæmdir tengdar virkjun, álveri, gangagerð o.þ.h.:
Starfsleyfisgjald kr. 7.700
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun, t.d. tóbakssöluleyfi:
Starfsleyfisgjald kr. 7.700
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,
ferðar, úttektar og frágangs.
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Fyrir leyfi útgefin vegna sölu á útimörkuðum eða aðra skammtíma starfsemi:
½ leyfisgjald kr. 3.850
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

3. gr.

Allar upphæðir í viðauka A hækka um 10% til samræmis við hækkun tíma- og sýnatökugjalds.

4. gr.

10. gr. verður sem hér segir:

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórn Byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu.

*Reyðarfirði, 2. desember 2005.*

F. h. heilbrigðisnefndar Austurlands,

**Helga Hreinsdóttir,** framkvæmdastjóri HAUST.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2005

# GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| Íbúðir | kr. 13.000 |
| Frístundahús | kr. 3.250 |

Gjald fyrir sorphirðu frá frístundahúsum miðast við sorphirðu á tímabilinu júní – ágúst.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 30% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir.

4. gr.

Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta gjald af fyrirtækjum fyrir sorpeyðingu og miðast gjaldið við magn og gjaldtöku Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Svalbarðsstrandarhreppi, 23. nóvember 2005.*

**Árni K. Bjarnason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I:

a. Í stað orðanna „103. Skráning vinnuvélar ......... 4“ kemur:
   103. Skráning vinnuvélar ......... 10.
b. Í stað orðanna „104. Eigendaskipti vinnuvéla ......... 1,6“ kemur:
   104. Eigendaskipti vinnuvélar ......... 1,9.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr. 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 9. desember 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 873/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

| | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** | **Verðtollur** | **Magntollur** |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Tollnúmer:*** | | | **kg** | **%** | **kr./kg** |
| 0704.9002 | Rauðkál | 19.12.05-30.06.06 | ótilgr. | 0 | 0 |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 13. desember 2005.*

F. h. r.
**Níels Árni Lund.**

*Atli Már Ingólfsson.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, verslunar- og þjónustusvæði við Blöndubyggð 9.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 frá 16. mars 1995.

Breytingin felst í því að lóð við Blöndubyggð 9 er skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í stað íbúðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Blönduóss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

# REGLUR

## um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 144/1994 um ársreikninga, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 145/1994 um bókhald svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

2. gr.

Framlag í ríkissjóð sbr. 34. gr. laga nr. 36/2001 skal reikna af hagnaði ársins samkvæmt rekstrarreikningi að frádregnum reiknuðum tekjum og gjöldum vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 896/2002.

*Forsætisráðuneytinu, 6. desember 2005.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Bolli Þór Bollason.*

---

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, vatnsverndarsvæði í suðurhlíðum Ingólfsfjalls.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að afmörkun grannsvæðis vatnsbóla Nýbýlaveitu, Berglindar og vatnsveitu Selfoss í suðurhlíðum Ingólfsfjalls breytist. Vatnsvernd fyrir miðbik hlíðarinnar er aflétt og færist afmörkun grannsvæðis bæði austur og vestur fyrir námasvæði í Ingólfsfjalli.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

---

# AUGLÝSING

**um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.**

1. gr.

Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, dags. 21. nóvember 2005, birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Samþykktirnar taka gildi þann 1. janúar 2006.

*Viðskiptaráðuneytinu, 12. desember 2005.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Ólöf Embla Einarsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

## SAMÞYKKTIR

**fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.**

*Aðilar að nefndinni.*

1. gr.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum starfar samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

*Skipan nefndarinnar.*

2. gr.

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar og þrír til vara, sem allir skulu vera löglærðir og valdir til tveggja ára í senn. Skal formaður nefndarinnar fullnægja skilyrðum til þess að vera dómari samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998. Viðskiptaráðuneytið, Neytendasamtökin og Samband íslenskra tryggingafélaga velja hver sinn aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni. Nefndin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

*Starfssvið og störf nefndarinnar.*

3. gr.

Nefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.

Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

4. gr.

Nefndin fjallar ekki um:

a. ágreining, sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld,
b. kröfu málskotsaðila, sem ekki verður metin til fjár,
c. fjárhæð iðgjalda vátryggingafélaga,

d. ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms,
e. mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

*Málskot og málskotsgjald.*

5. gr.

Sá aðili sem skýtur máli sínu til nefndarinnar nefnist málskotsaðili. Málskotsaðili getur verið vátryggingartaki, vátryggður, þar á meðal meðvátryggður, rétthafi bóta, tjónþoli og hver sá annar er telur sig eiga rétt til bóta úr vátryggingu eða á annarra hagsmuna að gæta vegna vátryggingarsamnings samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga. Málskot verður að fullnægja skilyrðum 1. mgr. 3. gr. um að ágreiningurinn heyri undir starfssvið nefndarinnar. Vátryggingafélög skulu kynna viðskiptavinum sínum með tryggilegum hætti möguleika þeirra á að skjóta málum til nefndarinnar.

Áður en málskotsaðili getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. Málskot verður að hafa borist nefndinni innan árs frá því að málskotsaðili fékk skriflega tilkynningu vátryggingafélags um að kröfu hans væri hafnað.

Bregðist vátryggingafélag ekki við skriflegri kröfu málskotsaðila innan þriggja vikna frá móttöku hennar er málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á er nefndinni heimilt að taka mál til umfjöllunar þrátt fyrir að framangreindu skilyrði sé ekki fullnægt.

Málskotsaðili skal greiða sérstakt málskotsgjald, sem ákveðið skal af þeim aðilum er standa að nefndinni. Miðað er við að málskotsgjald nemi u.þ.b. þriðjungi beins kostnaðar til nefndarmanna við meðferð máls. Málskotsaðili fær málskotsgjald endurgreitt falli mál honum að hluta eða öllu leyti í vil.

Nefndin útbýr sérstakt eyðublað sem auðveldar málskot til nefndarinnar. Eyðublöðin skulu vera fáanleg hjá Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, vátryggingafélögum og Fjármálaeftirlitinu.

Málskotsaðili getur á hvaða stigi sem er dregið mál til baka, en fær þá ekki málskotsgjald endurgreitt nema málið sé afgreitt hjá vátryggingafélagi á grundvelli krafna hans. Málskotsgjald er ekki heldur endurgreitt í þeim tilvikum sem máli er vísað frá nefndinni á grundvelli 4. gr. samþykktanna.

Málskot og fylgiskjöl þess skulu vera á íslensku. Óski málskotsaðili eftir að fá að skjóta máli til nefndarinnar á öðru tungumáli en íslensku er það háð samþykki nefndarinnar.

Mál fellur niður leggi málskotsaðili mál í gerðardóm eða höfðar dómsmál.

*Gagnasöfnun.*

6. gr.

Þegar málskotsaðili leggur mál fyrir nefndina skal hann gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá vátryggingafélagi sem varða mál hans. Jafnframt skal málskotsaðili heimila nefndinni að leita upplýsinga hjá þeim aðilum sem hafa komið að málinu á grundvelli fagþekkingar sinnar.

Vátryggingafélag skal láta nefndinni í té þau skjöl og gögn sem málið varðar. Jafnframt skal vátryggingafélag annast tilkynningu um málskotið til viðskiptavinar síns berist málskot til nefndarinnar frá öðrum en honum.

Vátryggingafélagi skal gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin ákveður hverju sinni.

Sinni aðili máls ekki upplýsingaskyldu getur nefndin úrskurðað í máli telji hún það úrskurðarhæft eða vísað því frá eftir atvikum.

*Fundir og úrskurðir.*
7. gr.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir nefndarinnar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð.

Nefndin úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér. Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir. Úrskurðir skulu einir færðir til bókar ásamt rökstuðningi. Aðilum máls skal senda úrskurð innan viku frá því að hann var kveðinn upp. Nefndin skal úrskurða innan fjögurra vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft.

Nefndin skal birta alla úrskurði sína án nafngreiningar aðila máls ásamt öðrum upplýsingum um starfsemi nefndarinnar, fyrir lok aprílmánaðar ár hvert vegna næstliðins árs.

Úrskurðir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir málskotsaðila, sem geta ávallt vísað málum til dómstóla þó að þau hafi farið fyrir nefndina. Úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag nema félagið tilkynni málskotsaðilanum og nefndinni sannanlega innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur, að það muni ekki hlíta honum og færi rök fyrir afstöðu sinni. Ákveði félag síðar að hlíta úrskurðinum, ber félaginu að tilkynna þá ákvörðun til nefndarinnar.

*Vistun nefndarinnar.*
8. gr.

Nefndin skal vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu, sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við málskotum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna. Málskoti er ekki veitt viðtaka nema málskotsgjald sé greitt. Málskotsaðila skal ætíð kynnt að hann sé óbundinn af úrskurði nefndarinnar og geti höfðað dómsmál uni hann ekki úrskurði hennar.

Starfsmanni Fjármálaeftirlitsins er heimilt að sitja nefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

*Sérstakt vanhæfi nefndarmanna.*
9. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal víkja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum. Komi til þess að nefndin verði ekki fullskipuð vegna vanhæfis er aðilum þeim sem að henni standa heimilt að skipa sérstaka nefndarmenn til meðferðar viðkomandi máls í stað þeirra sem vanhæfir kunna að vera. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá máli telji hann sig vanhæfan.

*Endurupptaka máls.*
10. gr.

Nefndin getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli samkvæmt skriflegri beiðni tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Ekki skal innheimta málskotsgjald við endurupptöku.

*Kostnaður.*

11. gr.

Fjármálaeftirlitið greiðir kostnað vegna umsýslu og vistunar nefndarinnar. Beinan kostnað til nefndarmanna að frádregnu málskotsgjaldi, þegar við á, greiða þau vátryggingafélög sem aðild eiga að málum.

*Breytingar. Uppsögn. Gildistaka.*

12. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samþykki allra aðila sem að nefndinni standa. Samþykktir þessar eru uppsegjanlegar með sex mánaða fyrirvara.

13. gr.

Aðilar staðfesta samþykktir þessar með undirritun sinni og öðlast þær gildi þann 1. janúar 2006.

Samþykktir þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

*Reykjavík, 21. nóvember 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir**
viðskiptaráðherra.

F.h. Neytendasamtakanna,
**Jóhannes Gunnarsson.**

F.h. Sambands íslenskra tryggingafélaga,
**Sigmar Ármannsson.**

---

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, Bakkar, Fjarðabyggð.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, frá 9. janúar 1981.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Opið svæði til sérstakra nota (tjaldsvæði) sunnan Bakkavegar breytist í íbúðarsvæði.
- Austasti hluti íbúðarsvæðis norðan Bakkavegar breytist í opið svæði til sérstakra nota (tjaldsvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2005

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Galtar.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 28 ha spilda í landi Galtar breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

# SKIPULAGSSKRÁ
## fyrir Vigdísarsjóð.

1. gr.

Ég undirritaður, Tómás Helgason, kt. 210418-4159, stofna hér með sjóð til styrktar bókasafni Landbúnaðarháskóla Íslands þar með talið Tómásar- og Vigdísarsafn sem er deild innan bókasafns Landbúnaðarháskóla Íslands. Sjóðurinn heitir Vigdísarsjóður og er stofnaður til minningar um Vigdísi Björnsdóttur konu mína (f. 14. apríl 1921 d. 28. maí 2005). Stofndagur sjóðsins er 19. október 2005 og heimili sjóðsins og varnarþing er að Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1.000.000 (ein milljón krónur). Stofnfé skal haldast óskert í sjóðnum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs (grunnvísitala 246,9). Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á ávöxtun hans. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja bókasafn Landbúnaðarháskóla Íslands og skal úthlutað úr honum árlega tekjum hans umfram gjöld. Sérstaklega skal hugað að eftirtöldum verkefnum:
Að halda við áskrift tímarita í Tómasar- og Vigdísarsafni.
Skráning sérprentasafns Tómasar- og Vigdísarsafns.
Eflingu tæknibúnaðar bókasafnsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og önnur ávöxtun af stofnfé, gjafir, áheit og önnur framlög sem sjóðnum kunna að berast umfram þá hækkun sem reiknast miðað við breytingar vísitölu neysluverðs. Uppreikna skal stofnfé miðað við vísitölu eins og hún er 31. desember ár hvert, fyrst 31. desember 2005.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír fulltrúar:
- Rektor Landbúnarháskóla Íslands og er hann formaður stjórnar.
- Einn tilnefndur til fjögurra ára í senn af háskólaráði Landbúnaðarháskólans.
- Einn upphaflega skipaður til fjögurra ára af stofnanda sjóðsins en síðar tilnefndur til sama tíma af stjórn sjóðsins úr hópi ættingja Tómásar eða Vigdísar.

Forstöðumaður sjóðsins skal vera prókúruhafi sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans og skal ávaxta hann í verðtryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða með öðrum þeim hætti sem sjóðsstjórn er sammála um að telja jafn öruggan. Skýrsla um starfsemi sjóðsins ásamt reikningum skal birtast í ársskýrslu skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim skoðunarmönnum sem stjórn sjóðsins kýs. Reikningana skal senda til Ríkisendurskoðunar fyrir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Verði sú breyting á hlutverki og rekstri Landbúnaðarháskóla Íslands að breyta þurfi skipulagsskrá þessari til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum skal stjórn það heimilt enda sé það samhljóða álit hennar. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á breytingunum.

8. gr.

Verði starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands lögð niður skulu eignir sjóðsins renna til sambærilegra verkefna við aðrar háskólastofnanir eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður, að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

---

# REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 927, 26. október 2005, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halanum.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 927, 26. október 2005, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halanum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi kl. 24.00 15. desember 2005.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# REGLUGERÐ

**um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.**

I. KAFLI

**Prófnefnd.**

1. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 93/2004, verður umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður að standast prófraun til þess að öðlast þau réttindi.

Þriggja manna prófnefnd annast prófraunina. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, eftir því sem nánar er fyrir mælt í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/1998, sbr. 5. gr. laga nr. 93/2004.

2. gr.

Formaður prófnefndar stýrir nefndarfundum og kemur fram fyrir hönd nefndarinnar út á við.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

II. KAFLI

**Námskeið.**

3. gr.

Prófnefnd skipuleggur og stendur fyrir námskeiðum til undirbúnings prófraun.

Námskeið skulu að jafnaði haldin á hverju ári og eigi sjaldnar en annað hvert ár. Skal auglýsa þau með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Námskeið skulu haldin í Reykjavík eða nágrenni. Að auki er prófnefnd heimilt að efna til námskeiðs annars staðar á landinu ef næg þátttaka fæst.

4. gr.

Prófraun skiptist í tvo hluta eftir því sem nánar er fyrir mælt í 7. gr., auk verklegrar prófraunar, sbr. 15. gr. Námskeið til undirbúnings prófum í fyrri hluta prófraunar skulu haldin í febrúar- og marsmánuði og námskeið í síðari hluta prófraunar í apríl- og maímánuði, að loknum fyrri hluta prófum.

Þeir einir geta sótt námskeið til undirbúnings fyrri hluta prófi sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla. Ennfremur þeir, sem lokið hafa sambærilegu prófi frá öðrum háskóla, enda telji prófnefnd sýnt að þeir hafi öðlast næga þekkingu á íslenskum lögum. Til að sannreyna það er nefndinni heimilt að leggja fyrir þá að gangast undir sérstakt próf á vegum hennar í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

Þeir einir geta sótt námskeið í síðari hluta prófraunar sem staðist hafa fyrri hluta próf.

5. gr.

Kennslugreinar á námskeiðum eru þessar og skiptast á milli fyrri og síðari hluta námskeiðs eftir því sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr.

Námskeið til undirbúnings fyrri hluta prófum:

1. Einkamálaréttarfar.

2. Sakamálaréttarfar.
3. Fullnusturéttarfar.
4. Samning lögfræðilegrar álitsgerðar.
5. Lögfræðileg skjalagerð.

Námskeið í síðari hluta prófraunar:
6. Réttindi og skyldur lögmanna, þ. á m. siðareglur lögmanna og þóknun fyrir lögmannsstörf.
7. Málflutningur og önnur störf lögmanna, svo sem samningsgerð og meðferð stjórnsýslumála.

Í tengslum við námskeiðið fer fram kynning á rekstri lögmannsstofa og starfsemi Lögmannafélags Íslands og úrskurðarnefndar lögmanna.

6. gr.

Kennslustundir skulu vera 55-65 á námskeiði til undirbúnings fyrri hluta prófum og 30-40 á námskeiði í síðari hluta prófraunar. Prófnefnd ákveður fjölda kennslustunda innan þessara marka, svo og námsefni í hverri kennslugrein.

Prófnefnd hefur umsjón með kennslu og skal ráða til þess kennara. Ennfremur er prófnefndinni heimilt að fela Lögmannafélagi Íslands eða þeim háskólum, sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og viðurkenndir eru hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, að annast kennslu í einstökum kennslugreinum.

III. KAFLI

**Prófraun.**

7. gr.

Bókleg prófraun er annars vegar fólgin í prófum í fyrri hluta prófraunar, sem fram fara í marsmánuði, sbr. 2. mgr. 9. gr., og hins vegar í námskeiði með tilheyrandi verkefnavinnu í síðari hluta prófraunar, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Að auki skal prófmaður þreyta verklega prófraun eftir því sem nánar er fyrir mælt í 15. gr.

8. gr.

Markmið með prófraun er að tryggja að prófmaður hafi:
- tileinkað sér almenna þekkingu á íslenskum lögum til að geta stundað lögmannsstörf,
- öðlast þjálfun við að leysa úr helstu álitaefnum er koma til kasta lögmanna,
- öðlast þjálfun við að flytja mál fyrir dómi og leysa af hendi önnur lögmannsstörf,
- öðlast þekkingu á hlutverki lögmanna og réttindum þeirra og skyldum,
- kynnst starfsemi Lögmannafélags Íslands og úrskurðarnefndar lögmanna.

9. gr.

Þeir einir geta þreytt próf í fyrri hluta prófraunar sem skráð hafa sig til þátttöku og greitt tilskilið gjald skv. 16. gr.

Prófgreinar eru þessar:
1. Einkamálaréttarfar.
2. Sakamálaréttarfar.
3. Fullnusturéttarfar.
4. Samning lögfræðilegrar álitsgerðar.

5. Lögfræðileg skjalagerð.

10. gr.

Próf í fyrri hluta prófraunar skulu haldin á hverju ári, án tillits til þess hvort efnt er til námskeiðs til undirbúnings þeim.

Ef maður mætir ekki í próf eða stenst það ekki á hann þess ekki kost að þreyta prófið að nýju fyrr en að ári.

11. gr.

Prófnefnd tilkynnir þátttakendum á námskeiði, svo og öðrum þeim sem öðlast hafa rétt til að þreyta próf, hvar og hvenær próf eru haldin.

Próf skulu ýmist vera munnleg eða skrifleg samkvæmt ákvörðun prófnefndar. Nefndin ákveður lengd próftíma og aðra tilhögun prófa.

12. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni.

Prófnefndarmenn semja og leggja prófverkefni fyrir prófmenn. Skulu þeir jafnframt leggja mat á frammistöðu próftaka, ásamt óháðum prófdómurum sem dómsmálaráðherra skipar. Prófnefndarmenn geta falið kennurum, sem annast hafa kennslu á námskeiði, að sjá um framkvæmd prófa. Ekki skulu gefnar einkunnir fyrir frammistöðu á prófum, en miðað skal við að próftaki standist því aðeins próf að árangur hans jafngildi því að hann hafi fengið að lágmarki einkunnina 6 á einkunnastiganum 0 til 10.

Mat prófnefndarmanns eða kennara og prófdómara á því hvort próftaki hafi staðist próf er endanlegt.

13. gr.

Þeir einir geta skráð sig til þátttöku á námskeiði í síðari hluta prófraunar sem staðist hafa próf í öllum prófgreinum skv. 2. mgr. 9. gr. Ef próftaki hefur staðist eitt próf eða fleiri gefst honum kostur á að ljúka þeim prófum, sem eftir standa, ári síðar.

Að þeim tíma liðnum þarf hann að þreyta öll prófin að nýju. Prófnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ef maður hefur lokið fyrri hluta prófum skal hann ljúka námskeiði í síðari hluta prófraunar innan þriggja ára. Að þeim tíma liðnum þarf hann að þreyta öll fyrri hluta próf að nýju. Ef maður hefur lokið verklegri prófraun þarf hann ekki að endurtaka hana.

14. gr.

Þeir einir teljast hafa lokið bóklegri prófraun að fullu sem sótt hafa námskeið í síðari hluta prófraunar með fullnægjandi hætti að mati prófnefndar. Ennfremur verða þeir að hafa leyst af hendi þau verkefni sem fyrir þá eru lögð á námskeiðinu með tilskildum árangri að mati prófnefndarmanns eða kennara. Því mati má skjóta til prófnefndar til endanlegrar ákvörðunar.

Prófnefnd afhendir þeim, sem staðist hafa prófraun, þ.m.t. verklega prófraun, skírteini þess efnis.

15. gr.

Prófmaður skal leggja fyrir prófnefnd vottorð sjálfstætt starfandi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns um að hann hafi þreytt verklega prófraun. Prófraun skal prófmaður þreyta eftir

að hann hefur lokið fyrri hluta prófum og innan eins árs frá því að hann lýkur bóklegri prófraun að fullu. Prófnefnd er heimilt að framlengja þann frest í sérstökum tilvikum.

Verkleg prófraun er fólgin í því að veita lögmanni aðstoð við flutning eins máls fyrir héraðsdómi, þ. á m. að veita honum aðstoð við að afla sönnunargagna og undirbúa málflutningsræðu. Prófmanni ber jafnframt að vera lögmanni til aðstoðar við aðalmeðferð málsins.

Prófnefnd skal staðfesta fyrir sitt leyti að dómsmál sé þess eðlis að með aðstoð við flutning þess reyni á þá kunnáttu prófmanns sem hann hefur tileinkað sér á námskeiði fyrir fyrri hluta próf. Skal nefndin hafa milligöngu um að útvega honum slíkt mál ef þörf krefur.

## IV. KAFLI
## Önnur ákvæði.

### 16. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni tillögu prófnefndar, gjald sem þátttakendur skulu greiða fyrir námskeið, próf og verklega prófraun.

Gjaldið skal ákveðið sérstaklega fyrir hvorn hluta prófraunar, svo og fyrir verklega prófraun, og skal gjaldið nema kostnaði við námskeið, próf og stjórnun.

Greiða skal þátttökugjald við skráningu og er það því aðeins endurkræft að námskeið sé fellt niður.

### 17. gr.

Prófnefnd skal hafa samráð við þá háskóla, sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og viðurkenndir eru hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, um náms- og prófsefni, svo og um tilhögun námskeiða og prófa.

### 18. gr.

Prófnefnd er heimilt að fela Lögmannafélagi Íslands að hafa umsjón með framkvæmd námskeiða og prófa, fyrir hönd nefndarinnar, þ. á m. að sjá um skráningu á námskeið og innheimtu gjalda skv. 16. gr.

### 19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um lögmenn nr. 77 15. júní 1998, sbr. 5. gr. laga nr. 93/2004 öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 774 frá 18. október 2000 og nr. 26. 3. janúar 2005.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Bryndís Helgadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2005

# GJALDSKRÁ

**fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfis- og þjónustugjöld tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á Akranesi skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923 og byggingarleyfisgjald og þjónustugjöld tæknideildar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til þess að gera bæði eignar- og leigulóðir byggingarhæfar þ.e. til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum þ.m.t. vegna götulýsingar, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skal varið til holræsaframkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna byggingarleyfis- og þjónustugjalda tækni- og umhverfissviðs skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu tækni- og umhverfissviðs kaupstaðarins við lóðarhafa og byggingaraðila.

3. gr.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra lóða og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði á þegar byggðum og eldri lóðum. Gatnagerðargjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Í október 2005 kr. 98.655.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðið gjald eftir húsgerðum:

| | | kr. pr. m$^2$ húss |
|---|---|---|
| Einbýlishús | 11,55% | 11.395 |
| Rað- og fjöleignarhús | 9,35% | 9.224 |
| Fjöleignarhús (fleiri er 6 íb.) | 4,95% | 4.884 |

Af atvinnuhúsnæði greiðist ákveðið gjald af hverjum gólfflatarfermetra húss og af hverjum fermetra lóðar:

Af öllu öðru húsnæði en að ofan greinir svo sem atvinnuhúsnæði, gripahúsnæði, frístundahúsnæði og þ.h.

| | | |
|---|---|---|
| 6,05% | kr. | 5.969 pr. m$^2$ húss (mannvirkis) |
| 0,55% | kr. | 543 pr. m$^2$ lóðar. |

Lágmarks- og hámarksgatnagerðargjöld skv. gjaldskrá þessari eru eftirfarandi:

| | *Lágmark kr. pr. íbúð* | *Hámark kr. pr. íbúð* |
|---|---|---|
| Einbýlishús | 1.940.000 | 3.500.000 |
| Rað- og fjöleignarhús (2-6 íb.) | 1.370.000 | 2.300.000 |
| Fjöleignarhús (fleiri en 6 íb.) | 490.000 | 920.000 |

Lágmarksgjald skal þó aldrei vera hærra en ákvæði 3. gr. laga nr. 17/1996 leyfa.

Lágmarks- og hámarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum en íbúðarlóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð skv. því skipulagi, sem gildir við lóðarúthlutun.

Fyrir lagnakjallara, garðhús minni en 7,5 $m^2$ að flatarmáli og heimilisgróðurhús minni en 15 $m^2$ að flatarmáli skal ekki greiða gatnagerðargjald.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.

Af bílgeymslum sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum skal greiða 50% af fermetragjaldi.

Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

Takmörkuð stöðuleyfi eru heimil til 6 ára í senn vegna dúkhúsa sem notuð verði fyrir innanhússræktun. Umsóknir um stöðuleyfi skulu berast byggingarnefnd sem afgreiðir viðkomandi beiðnir á grundvelli gildandi skipulags.

Gjald fyrir stöðuleyfi sem heimilað er til 6 ára í senn af húsum minni en 500 $m^2$ er kr. 110.000, hús sem eru 500-1000 $m^2$ er kr. 190.000 og fyrir hús 1001-2000 $m^2$ kr. 270.000 og er tengt vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004.

Útreikningur gjalda miðast við notkun samkvæmt ofangreindum flokkum. Verði notkun húsnæðis breytt þannig að það flytjist yfir í hærri gjaldflokk skal endurreikna gjaldið miðað við nýjan flokk að frádregnu eldra gjaldi.

Þrátt fyrir greiðslu lágmarks- eða hámarksgatnagerðargjalds skal vegna breytinga á eldra húsnæði greiða gjald af stækkuninni m.v. framangreint.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um allt að 25% eftir aðstæðum í götum eða hverfum.

Ákveði bæjarstjórn að hækka eða lækka gjaldskrá þessa vegna lóða í nýjum götum eða hverfum skal það liggja fyrir jafnhliða útgáfu byggingarskilmála fyrir lóðir í viðkomandi hverfi.

Í þeim tilvikum að lóðir séu stærri en 0,2 ha, getur bæjarstjórn innheimt allt að 0,1% (kr. 99) af hverjum $m^2$ lóðar auk hefðbundins gatnagerðargjalds sbr. 3. gr.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tilteknar lóðir m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta eða bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

**Breytingar húsnæðis.**

6. gr.

Af stækkun húsnæðis skal greiða gatnagerðargjald í samræmi við 3., 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

**Stofngjald holræsa.**

7. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir hverja matseiningu eignar kr. 230.000

Semja þarf sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa, þ.e. yfir 50 m.

**Álagning fráveitugjalds.**
8. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróar (jafnaðargjald) skal vera eftirfarandi:

| | *Stærð í lítrum* | *Árgjald kr.* |
|---|---|---|
| Rotþró | 0 - 2000 | 6.000 |
| Rotþró | 2001 - 4000 | 6.500 |
| Rotþró | 4001 - 6000 | 7.000 |
| Rotþró | > 6000 | 2.500 pr. $m^3$ umfram 6000 ltr. |

Gjalddagar árgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

*Gjald fyrir sérstaka þjónustu:*

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 metrar en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega kr. 4.500 á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð skal húseigandi greiða aukalega gjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu árgjaldi fyrir þá losun.

**Byggingarleyfis- og þjónustugjöld.**
9. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um:

| | | kr. |
|---|---|---|
| Byggingarleyfisgjald: | Afgreiðslugjald (fast gjald) | 5.200 |
| | Gjald pr. $m^2$ | 170 |
| Framkvæmdaleyfisgjald: | (heild) | 5.200 |
| Tímabundin stöðuleyfi: | Hjólhýsi, gámar o.fl. | 5.200 |
| Vottorð: | Fokheldisvottorð | 6.500 |
| | Stöðuúttektarvottorð | 6.500 |
| Úttektir: | Einb.hús, parhús og raðh. á 1 hæð (Að meðalt. 10 útt. ásamt lokaúttekt) | 39.000 |
| | Einb.hús, parhús og raðh. á 2 hæðum | 45.500 |
| | Fjölbýlishús (t.o.m. 6 íbúðir) | 45.500 |
| | Viðbót v. fleiri íb. (kr. pr. íbúð) | 6.500 |
| | Annað húsnæði | 68.000 |
| | Minni byggingar (gripahús o.þ.h.) | 13.000 |

| | | |
|---|---|---|
| | Stöðuúttektir | 6.500 |
| | Úttekt v. skipta á meist./bygg.stjóra | 6.500 |
| | Húsaleiguúttektir (íbúðir) | 6.500 |
| | Húsaleiguúttektir (atvinnuhúsnæði) | 10.000 |
| | Úttekt v. vínveitingaleyfis | 6.500 |
| | Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft | 5.300 |
| Mælingagjald: | Útsetning húss og lóðar (tvær mælingar) | 78.000 |
| Yfirferð séruppdrátta: | Heimilt er að innheimta gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði vegna yfirferðar séruppdrátta. | |
| Eignaskiptayfirlýsingar: | Fyrsta umfjöllun, allt að 10 eigna hús | 11.500 |
| | Við hverjar 5 eignir til viðbótar eða bílkjallara | 2.900 |
| | Síðari umfjallanir, innan 2ja vikna | 2.900 |
| | Síðari umfjöllun eldri en 2ja vikna | 11.500 |

Förgun uppgraftar sem urðaður er á urðunarsvæði innan sveitarfélagsins kr. 100 pr. $m^3$.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttektir og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi ber viðkomandi hagsmunaaðili allan kostnað af breytingunum.

**Greiðslu- og endurgreiðsluskilmálar og aðrir skilmálar.**

10. gr.

*Reglur um úthlutun lóða.*

Innan eins mánaðar skal sá er fær úthlutað lóð greiða til bæjarsjóðs Akraness, 50% áætlaðra gatnagerðar-, byggingarleyfis- og stofngjalda. Greiðsla skal miðuð við lágmarksgjald skv. 3. gr.

Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur sömu lóðinni tvisvar úthlutað, án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn nema fyrir liggi greiðsla leyfisgjalda.

Endanleg álagning gjaldanna fer fram um leið og byggingarleyfið er veitt. Byggingarframkvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör álagðra gjalda fari fram.

Heimilt er að fresta endurgreiðslu gatnagerðargjalds í allt að 12 mánuði eftir að lóð er skilað gegn greiðslu almennra innlánsvaxta á innstæðu sem ógreidd kann að vera í 3 mánuði eða lengur.

Úthlutun lóða fellur úr gildi í eftirfarandi tilvikum:

a) Ef álögð gjöld eru ekki greidd innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar.
b) Hafi teikningar af fyrirhugaðri byggingu ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 3ja mánaða frá því að lóð var úthlutað. Byggingarfulltrúa er heimilt að veita viðbótarfrest í allt að einn mánuð í þeim tilfellum sem lóðarhafi sýnir fram á að frestur sé ekki nægur til að leggja fram nauðsynlegar teikningar af þeirri húseign sem byggja skal.

Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum eða úthlutun fellur úr gildi af öðrum orsökum eða lóðarhafi skilar lóð, skal bæjarsjóður endurgreiða gatnagerðargjald á því gjaldi, sem gildir þegar lóðarúthlutun fellur úr gildi. Ákveði bæjarsjóður að fresta endurgreiðslu gjaldsins í allt að 12 mánuði skal inneign hvorki bera verðbætur eða vexti á þeim tíma. Bæjarsjóði skal heimilt að ákveða sér hæfilega þóknun fyrir þá þjónustu, sem veitt hefur verið áður en lóðarúthlutun féll úr gildi. Byggingarleyfisgjald er óendurkræft skv. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 ef leyfi fellur úr gildi eða er fellt úr gildi. Sé leyfi endurnýjað óbreytt er gjaldið ákveðið með tilliti til þess.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gerður. Skilyrði þess að lóðarleigusamningur verði gerður við lóðarhafa er að hann hafi lokið frágangi á sökklum.

Framkvæmdir á lóðinni eru háðar byggingarlögum og byggingarreglugerð, skipulagslögum, skilmálum og ákvæðum sem bæjarstjórn Akraness setur og fást afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

Lóðaruppdráttur og mæliblöð verða afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs gegn framvísun kvittunar fyrir fyrirframgreiðslu byggingarleyfisgjalda.

Með undirritun sinni á umsókn samþykkir lóðarhafi að hlíta ofangreindum reglum svo og þeim reglum sem vísað er til.

Gatnagerðar-, byggingarleyfisgjald og stofngjald holræsa samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða innan eins mánaðar frá samþykkt byggingarleyfis enda öðlast byggingarleyfið ekki gildi án greiðslu þessara gjalda.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu byggingarleyfis séu sérstakar ástæður fyrir hendi.

11. gr.

Þjónustugjöld tækni- og umhverfissviðs samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við útgáfu reiknings fyrir veitta þjónustu.

12. gr.

*Greiðsla gatnagerðargjalds.*

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingarleyfi er veitt. Hafi gjöldin eigi verið greidd innan ofangreinds frests, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi. Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur sömu lóðinni úthlutað án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn, nema fyrir liggi greiðsla leyfisgjalda.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu byggingarleyfis séu sérstakar ástæður fyrir hendi.

13. gr.

*Endurgreiðsla gatna- og holræsagjalds.*

Gjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt á nafnvirði og án vaxta, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

14. gr.
*Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

15. gr.
*Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögð fyrir 1. janúar 1997.*

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

16. gr.

Ef lóðarhafi rífur hús/húshluta eða flytur hús af lóð og byggir annað hús í staðinn á sömu lóð, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkun nemur. Ef byggt er minna hús á lóð, en það sem rifið var eða fjarlægt skapar það ekki rétt til endurgreiðslu gatnagerðargjalds. Þar sem samliggjandi lóðir mynda eitt athafnasvæði gildir sama regla. Í því tilviki að hús er flutt á milli lóða skal leggja gatnagerðargjald á ef húsið er sett á lóð sem ekki fylgja gatnagerðargjöld skv. 1. mgr.

17. gr.
*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.*

Gatnagerðar- og holræsagjaldi samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár hennar.

18. gr.

Einingarverð samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar 316,3 stig.

**Ákvæði til bráðabirgða.**
**Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.**

19. gr.

Lög um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem lokið er við fyrir 1. janúar 2007.

Ákvæði eldri laga um álagningu gjalda vegna slíkra framkvæmda gilda einungis um lóðir sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir 1. janúar 1997.

20. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 13. desember 2005, skv. lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut kunna að eiga að máli. Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 236/2005.

*Akranesi, 16. desember 2005.*

**Guðmundur Páll Jónsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2005

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 1021 | 22. nóv. | Auglýsing (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta | 2348-2353 |
| 1022 | 18. nóv. | Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg | 2354 |
| 1023 | 21. nóv. | Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg | 2355 |
| 1024 | 24. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 255/2002 um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi | 2356 |
| 1025 | 24. nóv. | Reglugerð um rokgjörn lífræn efnasambönd í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja | 2357-2363 |
| 1026 | 25. nóv. | Reglur um brottfellingu reglna nr. 602/1999, um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum | 2364 |
| 1027 | 25. nóv. | Reglugerð um öryggisblöð | 2365-2374 |
| 1028 | 15. nóv. | Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit | 2375 |
| 1029 | 15. nóv. | Auglýsing um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit | 2376 |
| 1030 | 16. nóv. | Reglugerð um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla | 2377-2378 |
| 1031 | 16. nóv. | Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum | 2379 |
| 1032 | 16. nóv. | Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum | 2380 |
| 1033 | 14. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1050/2004 | 2381-2383 |
| 1034 | 23. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 63, 25. janúar 2005, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2005 | 2384 |
| 1035 | 15. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 724, 4. ágúst 2005, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2005/2006 | 2385 |
| 1036 | 9. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð um fólksflutninga á landi nr. 528/2002 | 2386 |
| 1037 | 16. nóv. | Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti | 2387 |
| 1038 | 10. nóv. | Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Borgarfjarðarsveitar í eitt sveitarfélag | 2388 |
| 1039 | 14. nóv. | Auglýsing um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Hf. Eimskipafélags Íslands sem staðfest var 11. nóvember 1964, nr. 247 | 2389 |
| 1040 | 25. nóv. | Reglugerð um framkvæmd raforkulaga | 2390-2410 |
| 1041 | 17. nóv. | Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun | 2411 |
| 1042 | 15. nóv. | Auglýsing um umferð í Reykjavík | 2412 |
| 1043 | 16. nóv. | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi austurbæjar, svæði IB-3 í Vestmannaeyjum | 2413 |
| 1044 | 10. nóv. | Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði | 2414 |
| 1045 | 27. okt. | Reglugerð um breytingu á reglugerð um skemmtibáta nr. 168/1997 | 2415-2431 |
| 1046 | 15. nóv. | Reglugerð um að fella úr gildi reglugerð um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga | 2432 |
| 1047 | 18. nóv. | Gjaldskrá fyrir aukasorpgjöld í Hrunamannahreppi | 2433 |
| 1048 | 29. nóv. | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík | 2434 |
| 1049 | 9. nóv. | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ | 2435 |
| 1050 | 30. nóv. | Reglugerð um eingreiðslur vegna atvinnuleysistrygginga | 2436-2437 |
| 1051 | 15. nóv. | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ | 2438 |
| 1052 | 7. nóv. | Auglýsing um deiliskipulag fyrir Lindavirkjun í landi Gríshóls í Helgafellssveit | 2439 |
| 1053 | 30. nóv. | Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi | 2440 |
| 1054 | 1. des. | Gjaldskrá til innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar | 2441 |
| 1055 | 22. nóv. | Auglýsing um skipulagsmál í Borgarbyggð | 2442 |
| 1056 | 21. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, með síðari breytingum | 2443 |
| 1057 | 2. des. | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík | 2444 |
| 1058 | 25. nóv. | Auglýsing um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit | 2445 |
| 1059 | 25. nóv. | Auglýsing um deiliskipulag í Bláskógabyggð | 2446 |


Framhald á 4. kápusíðu.

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 1060 | 3. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð, nr. 94/2004, um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar | 2447 |
| 1061 | 2. des. | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, Leirvogstungumelar | 2448 |
| 1062 | 5. des. | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis vegna Þrastarhöfða 39 og 49, Mosfellsbæ | 2449 |
| 1063 | 2. des. | Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins | 2450 |
| 1064 | 6. des. | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Ósabotnar | 2451 |
| 1065 | 6. des. | Auglýsing um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, þrýstijöfnunarstrokkur í Hólsufs | 2452 |
| 1066 | 30. nóv. | Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg | 2453 |
| 1067 | 30. nóv. | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Hvömmum, Stekkjarhvammur 32, Hafnarfirði | 2454 |
| 1068 | 30. nóv. | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, Hringhella 6, Hafnarfirði | 2455 |
| 1069 | 1. des. | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Austurgata 22b, Hafnarfirði | 2456 |
| 1070 | 30. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984/2000 | 2457 |
| 1071 | 30. nóv. | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja | 2458 |
| 1072 | 30. nóv. | Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur | 2459 |
| 1073 | 10. nóv. | Hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn | 2460-2464 |
| 1074 | 28. nóv. | Auglýsing um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi | 2465 |
| 1075 | 24. nóv. | Gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa | 2466 |
| 1076 | 6. des. | Auglýsing (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta | 2467-2469 |
| 1077 | 8. des. | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum | 2470 |
| 1078 | 7. des. | Reglugerð um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar | 2471-2473 |
| 1079 | 9. des. | Auglýsing um deiliskipulag í Bláskógabyggð | 2474 |
| 1080 | 9. des. | Reglugerð um beingreiðslur í garðyrkju árið 2006 | 2475-2478 |
| 1081 | 14. nóv. | Auglýsing um deiliskipulag í Bólstaðarhlíðarhreppi | 2479 |
| 1082 | 12. des. | Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík | 2480 |
| 1083 | 2. des. | Gjaldskrá um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 19/2004 | 2481-2482 |
| 1084 | 23. nóv. | Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi | 2483 |
| 1085 | 9. des. | Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001 | 2484 |
| 1086 | 13. des. | Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 873/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti | 2485 |
| 1087 | 2. des. | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, verslunar- og þjónustusvæði við Blöndubyggð 9 | 2486 |
| 1088 | 6. des. | Reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands | 2487 |
| 1089 | 2. des. | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, vatnsverndarsvæði í suðurhlíðum Ingólfsfjalls | 2488 |
| 1090 | 12. des. | Auglýsing um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum | 2489-2492 |
| 1091 | 2. des. | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, Bakkar, Fjarðabyggð | 2493 |
| 1092 | 2. des. | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Galtar | 2494 |
| 1093 | 29. nóv. | Skipulagsskrá fyrir Vigdísarsjóð | 2495-2496 |
| 1094 | 15. des. | Reglugerð um afnám reglugerðar nr. 927, 26. október 2005, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halanum | 2497 |
| 1095 | 15. des. | Reglugerð um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður | 2498-2501 |
| 1096 | 16. des. | Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfis- og þjónustugjöld tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar | 2502-2508 |